

Da Silva illa meiddur

Eduardo da Silva hjá Arsenal verður frá langt fram á árið hið minnsta eftir að hafa fótbrotnað mjög illa eftir hrottalega áras í leik gegn Birmingham.



ALLA SUNNUDAGA

12
SÍÐUR

RE/MAX
Fasteignablað

www.remax.is - öflugur fasteignavefur

FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

24. febrúar 2008 – 54. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

SUNNUDAGUR



MAMMA HUGGAR MIG PÁ BARA

Benedikt Erlingsson og Brynja Benediksdóttir ræða sambandið og samstarfið.

VIÐTAL 18



FYLGIR Í DAG

VEÐRIÐ Í DAG



Hægvíðri um allt land - Í dag verður frost víða um land en úrkomulítið, sérstaklega á Norður- og Austurlandi. Smá eljagangur sunnan- og vestanlands. Hægur vindur víðast hvar.

VEÐUR 4

Sjálfstæðisflokkur bætir við sig fylgi

Fylgi Sjálfstæðisflokks virðist vera að jafna sig eftir að fylgi hans dalaði verulega í síðasta mánuði. Samfylking heldur í fylgisaukningu frá síðasta mánuði.


SKOÐANAKÖNNUN 40,1 prósent segjast nú myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn og myndi flokkurinn samkvæmt því fá 27 þingmenn kjörna. Flokkurinn bætir við sig þremur prósentustigum frá síðustu könnun blaðsins sem gerð var 29. janúar. Fylgi við Sjálfstæðisflokkinn virðist því vera að aukast á ný eftir umræðu um stöðu flokksins í Reykjavík.

Samfylkingin heldur fylgisaukningu síðasta mánaðar og segjast nú 35,2 prósent myndu kjósa flokkinn. Samkvæmt því myndi hann fá 23 þingmenn.

Vinstri græn halda sínu, bæði frá síðustu könnun sem og kosningum, og segjast nú 14,2 prósent myndu kjósa flokkinn, sem gæfi honum níu þingmenn. Fyrir mánuði mældist fylgi flokksins 15,4 prósent.

FYLGI STJÓRNMAŁAFLOKKA

Hvaða lista myndir þú kjósa ef boðað yrði til kosninga nú?



Tveir flokkar hafa misst helm-ing kjölfylgis síns; Framsóknarflokkur og Frjálslyndi flokkurinn. Engin breyting er á fylgi Frjálslynda flokksins frá síðustu könnun og segjast 3,8 prósent myndu kjósa flokkinn nú, en 7,3 prósent kusu flokkinn í kosningunum fyrir ári síðan.

5,9 prósent segjast hins vegar myndu kjósa Framsóknarflokkinn, sem er þremur prósentum minna en fyrir mánuði, og fengi flokkurinn fjóra þingmenn kjörna. Í síðustu kosningum greiddu 11,7 prósent Framsóknarflokknum atkvæði sitt.

Mikill meirihluti, eða 71,9 prósent, segjast styðja ríkisstjórnina, sem er mjög svipað hlutfall og fyrir mánuði þegar 68,5 prósent studdu ríkisstjórnina. - ss / sjá síðu 4

Breiðavíkurnefnd og samtími: Átta þúsund barnaverndarmál síðasta ár

BARNAVERND Breiðavíkurnefnd leggur fram tillögur að úrbótum í barnaverndarmálum samtímans í nýbirtri skýrslu um starfsemi Breiðavíkur. Meðal annars er lagt til að settar verði takmarkanir á fjölda barnaverndarmála sem hver sérfræðingur hefur til umfjöllunar.

Á síðasta ári bárust barnaverndaryfirvöldum yfir átta þúsund tilkynningar. Fjöldi barnaverndarmála hefur tvöfaldast á síðustu fimm árum án þess að starfsmönnum hafi fjölgað í samræmi við það. Álag á hvern starfsmann hefur því stórukaust, að sögn forstjóra Barnaverndarstofu.

Breiðavíkurnefndin leggur til að sveitarfélög tryggja framboð af stuðningsúræðum til að styrkja börn og fjölskyldur þeirra svo komast megi hjá vistun utan heimilis. Sé tekin ákvörðun um að vista barn utan heimilis megi að mati nefndarinnar styrkja nógildandi eftirlitskerfi.

- kdk / sjá síðu 8



SIGURVEGARINN Lagið Fullkomið líf bar sigur úr þytum í undankeppni Evrópusöngvakeppinnar í gær og verður þar af leiðandi fulltrúi Íslands í lokakeppinni sem fram fer í Serbíu í maí.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Úrslit Laugardagslaganna: Fullkomið líf fer til Serbíu

SÖNGVAKEPPNI Lagið Fullkomið líf sigraði í undankeppni Evrópusöngvakeppinnar sem fram fór í gær. Keppnin var sýnd í Sjónvarpinu.

Flytjendur lagsins eru Regína Ósk og Friðrik Ómar en höfundur þess er Örlygur Smári.

Í öðru sæti var lagið Ho Ho Ho We Say Hey Hey eftir Barða Jóhannsson í flutningi Mercedes Club en í þriðja sæti hafnaði Hvar ertu nú? eftir Dr. Gunna sem hljómsveitin Dr. Spock flutti.

Það er því ljóst að Íslendingar bjóða upp á dynjandi evrópopp í undankeppni Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöða sem fram fer í Belgrad í Serbíu 22. maí.

- kdk

Tveir ljósmyndarar Fréttablaðsins hlutu ljósmyndaverðlaun í Gerðarsafni í gær:

Valli og Vilhelm verðlaunaðir

LJÓSMYNDUN Ljósmyndarar Fréttablaðsins, Valgarður Gíslason og Vilhelm Gunnarsson, voru á meðal þeirra sem fengu verðlaun fyrir ljósmyndir ársins við opnun sýningar blaðaljósmyndara í Gerðarsafni í gær.

Valgarður var verðlaunaður fyrir portrettmynd ársins en Vilhelm fyrir bestu myndina í flokknum Daglegt líf. Eggert Jóhannesson átti mynd ársins sem hann tók af Gunnari Birgissyni, bæjarstjóra í Kópavogi, þegar hann hélt upp á sextugsafmæli



sitt í september í Gláðheimum, reiðhöll Gusts í Kópavogi.

Júlíus Sigurjónsson hlaut tvönn verðlaun og þeir Hörður Sveinsson, Kristinn Magnússon, Eyþór Árnason og Brynjar Gunnarsson ein hver.

- fb / sjá nánar bls. 20

MYND ÁRSINS Eggert Jóhannesson tók mynd ársins af Gunnari Birgissyni.

KONUR!
TIL HAMINGJU
MEÐ DAGINN

OPÍÐ Í DAG
13-18



Á SUNNUDÖGUM

Kringlan



**Lokadagur
Megaviku!**

**Megavika Domino's
18.-24. febrúar
allar pizzur á 1.150 kr.***

*Ef þú sækir



58-12345
dominos.is

**Allt 2 lítra gos
á 195 kr.**
2 lítra Toppur á 100 kr.



Hvað

á húsið að heita?

Bygging Tónlistar- og ráðstefnuhússins í Reykjavík gengur vel og er ráðgert að það verði opnað í desember 2009.

Við óskum nú eftir tillögum að nafni á húsið frá landsmönnum. Nafnið þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- 1 Falla vel að íslenski tungu.
- 2 Vera þjált á erlendum tungumálum.
- 3 Vera lýsandi fyrir starfsemi hússins, þ.e. tónlist og ráðstefnuhald.
- 4 Undirstrika að Tónlistar- og ráðstefnuhúsið er hús fólksins í landinu.

Vegleg verðlaun í boði fyrir áhugaverðustu tillögurnar. Öllum sem senda inn tillögur verður sýndur viðeigandi þakklætisvottur.

Vinsamlega sendið tillögur á netfangið nafn@portusgroup.is eða í pósti á **Eignarhaldsfélagið Portus hf, PO 709, 150 Reykjavík** fyrir laugardaginn 1. mars.

Heimsækið portusgroup.is til að fá innblástur.

Tónlistar- og ráðstefnuhúsið í Reykjavík





Á ríkið að greiða Breiðavíkurdrengjunum skaðabætur?

Já 80,7%
Nei 19,3%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ert þú búinn að panta utanlandsferð í sumarfríinu?

Segðu þína skoðun á visir.is



Steingrímur J. hefur lengi bent á að skattamál við Kárahnjúka væru í ólagi:

Sættist og losnið við vextina

RÍKISFIÁRMÁL Fjármálaráðherra hefur ekkert undanfæri í deilum sínum við Impregilo og ætti að gera dómsátt sem fyrst til að losna við gífurlegar dráttarvaxtagreiðslur á kostnað skattgreiðenda, að mati Steingríms J. Sigfússonar, formanns VG.

Á fimmtudag var greint frá því í Fréttablaðinu að dráttur á greiðslu skuldar vegna ofgreiddra skatta, frá ríkinu til Impregilo, kostaði rúma milljón króna í vexti á degi hverjum. Hæstiréttur dæmdi ríkið til að greiða 1,2 milljarða í september og er skuldin nú komin í 1,5 milljarða. Impregilo hefur stefnt ríkinu til að greiða upphæðina.

Steingrímur rifjar upp að hann hafi í áraðir bent á og spurt um ástand skatta- og fjármála við Kárahnjúka. „Og þau dásamlegu svör eru öll skjalfest í þingtíðindum. Fjármálaráðherra hélt því fram að á Kárahnjúkum væru engin sérstök vandamál umfram það sem vænta mátti! Síðan hefur komið í ljós að þar hefur allt verið í því líkum ólestri,“ segir Steingrímur. Gerð hafi verið mikil mistök og í raun sé um hneyksli að ræða.

Steingrímur kveður byggingu Kárahnjúkavirkjunar skólabókardæmi um hvernig eigi ekki að framkvæma hlutina.



STEINGRÍMUR JÓHANN SIGFÚSSON Segir fjármálaráðherra hafa haldið því fram opinberlega í áraðir að engin sérstök vandamál væru á Kárahnjúkum. Annað hafi komið á daginn.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fimm teknir í Reykjanesbæ:

Kannabisefni og tæki fundust

LÖGREGLUMÁL Einn ökumaður var tekinn í Reykjanesbæ grunaður um að aka undir áhrifum fíkniefna á föstudagskvöld. Þá fannst lítilræði af meintum kannabisefnum og tæki til fíkniefnaneyslu í bifreiðinni.

Voru fjórir farþegar einnig handteknir og fluttir á lögreglustöð til yfirheyrslu. Þeim var öllum sleppt að lokinni yfirheyrslu.

Að auki var einn ökumaður kærður fyrir að virða ekki stöðunarskyldu í bænum, auk þess sem ökumaður var tekinn fyrir of hraðan akstur á Reykjanesbrautinni.

- fb

Loðnan farin að þétta sig við Eyjar

Sjómenn í Vestmannaeyjum segja loðnu um allan sjó. Þeir gagnrýna að skip Hafrannsóknastofnunar séu bundin við bryggju og vilja fá þau aftur til loðnumælinga strax. Forstjóri stofnunarinnar segir skip fara til mælinga strax í dag.

SJÁVARÚTVEGUR Hagsmunaaðilar í sjávarútvegi í Vestmannaeyjum krefjast þess að skip Hafrannsóknastofnunar haldi þegar af stað til loðnumælinga. Sjómenn í Eyjum segjast sjá mikla loðnu og hún virðist farin að þétta sig.

„Menn eru enn að halda í þá von að veiðar verði leyfðar að nýju. Í það minnsta þannig að það sé hægt að halda lágmarksúmsvifum í gangi,“ segir Elliði Vignisson, bærarstjóri í Vestmannaeyjum.

„Það eru allir að vona og ég held að flestir hinkri við bryggju í bili,“ segir Guðmundur Huginn Guðmundsson, skipstjóri á Huglin VE. Hann segir sjómenn binda vonir við að loðnumælingar haldi áfram eftir helgi og veiðar geti hafist á ný. „Ástandið á miðunum er síst verra en undanfarin fjögur eða fimm ár,“ segir Guðmundur.

Hann segir hvern dag skipta máli, enda loðnan á leið vestur til að hrygna. „Loðnan bíður ekkert, það verður að grípa gæsina á meðan hún gefst.“

Hagsmunaaðilar í sjávarútvegi í Eyjum boðuðu til fundar í gær til að ræða ástandið í loðnuveiðum. Pungt hljóð var í fundarmönnum, segir Elliði.

Á fundinum lýstu sjómenn því að þeir teldu meira af loðnu á miðunum nú en undanfarin þrjú ár, segir Elliði. Þá hafi þeir lýst áhyggjum af þeirri gjá sem virðist milli mælinga Hafrannsóknastofnunar og upplifunar sjómanna.

Í ályktun sem samþykkt var á fundinum er ríkisstjórnin hvött til þess að bæta fiskvinnslufólki tekjutap og fjárfesta í starfs- og



FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

LOÐNUTORFA HALDIÐ ÁFRAM Í DAG

Árni Friðriksson, rannsóknaskip Hafrannsóknastofnunarinnar, mun leggja úr höfn um hádegi í dag ef áætlanir ganga eftir og halda áfram loðnuleit, segir Jóhann Sigurjónsson, forstjóri stofnunarinnar.

Bjarni Sæmundsson mun í kjölfarið fara vestur fyrir landið og leita loðnu áður en hann tekur þátt í togararalli.

„Það er engin ástæða til þess að gera því skóna að miklar líkur séu á því að það verði stórkostleg

breyting á,“ segir Jóhann. „En það er þrátt fyrir það alveg jafn mikilvægt að fylgja þessu eftir og vera því viðbúinn að mæla eitthvað ef menn verða varir við eitthvað nýtt og meira.“

Jóhann segist ekki gera lítið úr því að mikil loðna finnst á ákveðnum svæðum en við vinnu sína verði stofnunin að notast við heildarmat á stærð loðnustofnsins á hverjum tíma og gildandi langtímanýtingarstefnu.

endurmenntun starfsfólks í fiskvinnslu.

Fundarmenn töldu afar mikilvægt að gefinn yrði út lágmarksloðnukvóti á hvert skip sem alltaf megi veita. Við það bætist breytilegur kvóti byggður á mælingum. Þetta segir Elliði að myndi gera útgerðum kleyft að halda áfram

úti lágmarksstarfsemi þótt illa áraði.

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegráðherra var væntanlegur á fund Eyjamanna í gær en komst ekki þar sem ófært var til Eyja. Hann mun vera væntanlegur á morgun til að ræða við hagsmunaaðila í sjávarútvegi.

brjann@frettabladid.is

Innrás tyrkneska hersins í norðurhluta Íraks tekur sinn toll:

79 Kúrdar hafa fallið í átökum

TYRKLAND, AP Tveir tyrkneskir hermenn og að minnsta kosti 35 liðsmenn PKK, aðskilnaðarsamtaka Kúrda, féllu í bardögum í norðurhluta Íraks í gær. Samkvæmt tyrkneska hernum hafa sjö hermenn og að minnsta kosti 79 uppreisnarmenn dáið síðan Tyrkir gerðu innrás í Írak seint á fimmtudag.

Íraskir og kúrdískir ráðamenn hafa lýst yfir óánægju sinni með innrásina. Ali al-Dabbagh, talsmaður Íraksstjórnar, sagðist skilja að samtökin, sem hafa barist fyrir sjálfstæði Kúrda í fjölda ára, ógnuðu Tyrkjum en gagnrýndi samt ákvörðun Tyrkja. „Hernaðaradgerðir munu ekki leysa vanda málið. Tyrkir hafa áður gripið til vopna og það hefur aldrei leitt gott af sér,“ sagði hann.

Sjónvarpsstöð í Tyrklandi hélt því fram að tíu þúsund hermenn taki

þátt í innrásinni, en aðrar heimildir segja að einungis hluti þess liðs hafi verið notaður. Áður en landherinn hélt yfir landamærin voru gerðar loftárásir og flugskeytaárásir á skæruliða PKK í Írak.

Evrópusambandið hvetur Tyrki til að halda aðgerðum sínum í hófi. „Við skiljum þörf Tyrkja fyrir að vernda íbúa landsins fyrir hryðjuverkum,“ sagði Krisztina Nagy, talsmaður framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, en sagði að Tyrkir ættu samt að „fordæst óhóflegar hernaðaradgerðir og bera virðingu fyrir mannréttindum og reglum réttarríkisins.“

Á fimmtudaginn ræddi Abdullah Gül, forseti Tyrklands, við Jalal Talabani, forseta Íraks, og skýrði honum frá markmiðum innrásarinnar. Gül bauð Talabani einnig í heimsókn til Tyrklands.

- gb



TYRKNESKIR HERMENN Tyrkneski herinn hefur ráðist gegn aðskilnaðarsamtökum Kúrda í norðanverðu Írak.

Heitustu sætin!

Salan á flugsætum til **Alicante** fer af stað með látum!

Verð frá: **Flogið allt árið**
27.900 kr.
BÁÐAR LEIÐIR MEÐ SKÖTTUM

Flugdagar í sumar:

fimmtudaga (3 flug), föstudaga, laugardaga, sunnudaga og þriðjudaga

Besta verðið bókast fyrst

Bókaðu strax á www.plusferdir.is



www.plusferdir.is



PLÚSFERDIR – Lágmúla 4 – 105 Reykjavík - Sími 535 2100

Dekraðu við konuna á konudaginn!



2.498 kr/kg
Verð áður 3.269.-

Nautaribeye
- úr kjötborði



2.898 kr/kg
Verð áður 3.451.-

Lambafille með fitu
- úr kjötborði



30%
afsláttur
við kassa

1.399 kr/kg
Merkt verð 1.998.-

Kryddlegið lambalæri
- frá Íslandslambi



30%
afsláttur
við kassa

1.805 kr/kg
Merkt verð 2.579.-

Kjúklingalundir
- ferskar



999 kr/kg
Verð áður 1.699.-

Fersk bleikja
- úr fiskborði



Blómin
handa henni!



Jarðaber í hjartalaga öskju
- sprauturjóni fylgir með í kaupbæti



Mesta snyrtivöruúrval landsins



Tertur, beint úr kæli 3 teg.
- tiramisu, mango passion og hindberja

Gildir 24. febrúar eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK



vilborga@centrum.is

Elica háfar

glæsileg hönnun og fágað yfirbragð

Elica háfarnir eru einstakt sambland af tækni og fagurfræði. Þessir einstöku háfar fást fyrir vegg og yfir eyjur. Elica háfarnir eru frábær lausn fyrir eldhúsið.

Verið velkomin í verslanir Eirvík í Reykjavík og á Akureyri og kynnið ykkur Elica háfana.

elica
COLLECTION

www.eirvik.is

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Baldursnes 6, Akureyri | Sími 588 0200

Bæjarverkfræðingur vill sjálfvirka veðurathugunarstöð ofan á áhaldahúsið:

Segir vætusamt í Mosfellsbæ

VÍSINDI „Því hefur verið fleygt að meiri úrkoma sé hér í Mosfellsbæ en í Reykjavík,“ segir í erindi Jóhanna Hansen bæjarverkfræðings, sem leggur til við bæjarráð að keypt verði sjálfvirk veðurathugunarstöð til að kanna málið.

„Sú hugmynd hefur komið upp að sett verði á laggirnar veðurathugunarstöð í Mosfellsbæ. Sérstaklega hefur verið þrýst á það í framhaldi af óveðrasömu tíðarfari undanfarna mánuði,“ segir Jóhanna.

Að því er kemur fram í erindi bæjarverkfræðingsins skiptist veður mjög eftir svæðum í Mosfellsbæ. „Þannig eru Teigarnir

öðruvísi en svæðið um Lágafells-skóla og síðan er talsvert meiri vindur neðst í Töngum, Holtum og í nýju íbúðarhverfi í Leirvogstungu,“ segir Jóhanna, sem leggur til að sjálfvirkri veðurathugunarstöð verði komið fyrir á áhaldahúsi bæjarins.

Upplýsingar frá stöðinni myndu verða tengdar inn á vef Mosfellsbæjar. Það segir Jóhanna að myndi auka þjónustu við bæjarbúa mikið. Svipaður háttur væri þegar hafður á í Garðabæ.

Veðurstöðin, sem kostar tæpar 850 þúsund krónur, á að mæla vindátt, vindhraða, lofthita, loftraka, loftþrýsting, sólar-



ÁHALDAHÚSIÐ Bæjarverkfræðingur í Mosfellsbæ segir að veðurathugunarstöð á áhaldahúsi bæjarins myndi gefa góða mynd af veðurfari í Teigahverfi.

geislun og regn. Bæjarráðið segist jákvætt fyrir málinu. - gar

Breiðavíkurnefndin lítur til samtímans

Breiðavíkurnefnd leggur til að fjöldi mála sem sérfræðingar á sviði barnaverndar vinni að sé takmarkaður. Yfir átta þúsund tilkynningar bárust til barnaverndaryfirvalda á síðasta ári. Það er um tvöföldun frá því fyrir fimm árum.

BREIÐAVÍK Niðurstöður nefndarmanna sem fóru yfir starfsemi Breiðavíkur urðu til þess að lagðar voru fram tillögur við Barnaverndarstofu um hvernig betur mætti tryggja velferð barna í samtímanum.



BRAGI GUÐBRANDSSON

Meðal annars er lagt til að settar verði takmarkanir á þann fjölda barnaverndarmála sem hver sérfræðingur hafi til umfjöllunar. Fjöldi tilkynninga til barnaverndaryfirvalda hefur tvöfaldast á síðustu fimm árum án þess að starfsmönnum hafi fjölgað í samræmi við það. Álag á hvern starfsmann hefur því vaxið mikið.

Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, tekur undir tillögur nefndarmanna og segir þær í takt við sínar hugmyndir.

Hann segir fjölgun mála á hvern starfsmann hafa verið eitt helsta áhyggjuefni Barnaverndarstofu, þar sem við stóraukið álag aukist líkur á mistökum, en yfir átta þúsund barnaverndarmál voru tilkynnt á síðasta ári að sögn Braga.

Bragi tekur þó fram að margar af tilkynningunum snúi að léttari málum en áður komu inn á borð barnaverndar. Þeim þurfi þó að sinna og það taki tíma frá vinnslu erfiðari mála.

Breiðavíkurnefndin leggur einnig til að sveitarfélög tryggi framboð af stuðningsúræðum til að styrkja börn og fjölskyldur þeirra svo komast megi hjá vistun utan heimilis. Sé tekin ákvörðun um að vista barn utan heimilis megi að mati nefndarinnar styrkja núgildandi eftirlitskerfi, auka gæði þess starfs sem hér er unnið og bæta réttarstöðu barna á öllum stigum máls. Vinna á úrbótum á þessum þáttum innan Barnaverndarstofu hefur að sögn Braga staðið yfir í um ár og er búist við því að niðurstöður verði lagðar fram innan tíðar.



EKKI HÆTTA BÚIN Á MEÐFERÐARSTOFNUM Fjöldi tilkynninga til barnaverndaryfirvalda hefur tvöfaldast á síðustu fimm árum án þess að starfsmönnum hafi fjölgað í samræmi við það. Álag á hvern starfsmann hefur því vaxið mikið og segir forstjóri Barnaverndarstofu að við stóraukið álag aukist líkur á því að mistök verði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Bragi bendir þó á að neikvæð umræðu fjölmiðla um meðferðastofnanir undanfarin mætti, svo sem í tengslum við Breiðavík, Byrgið og gamla unglingaheimilið við Dalbraut, hafi reynt á starfsmenn og hafi líklega orðið til þess að draga úr trausti foreldra á meðferðarstofnunum. „Ég held að fólk geri sér ekki nægilega vel grein fyrir því að stofnanir samtímans, ætlaðar börnum, eiga lítið sameiginlegt með stofnunum eins og Breiðavík,“ segir Bragi og bætir við: „Foreldrar geta alveg treyst því að börnunum þeirra er ekki hættu á inni á þessum stofnunum í dag og mikil vinna er lögð í að gæta að velferð þeirra.“ karen@frettabladid.is



SÉRÐU FRAM Á VEGINN?

Góð sjón er lykilatriði í umferðinni

Níu af hverjum tíu bílstjórum sem valda umferðaróhappi segja ástæðuna vera að þeir hafi ekki séð nógu vel. Ef þú notar gleraugu eða linsur þarftu að muna eftir þeim þegar þú keyrir og vera viss um að þau séu af réttum styrk. Þannig eflir þú öryggi í umferðinni.

SJÓNMAELING OG UMGJÖRÐ

Ef þú ert með F plus fjölskylduþryggingu hjá VÍS færðu sjónmælingu og gleraugumgjörð **endurgjaldslaust** í verslunum Pro optik við kaup á sjónglerjum. Kynntu þér málið á www.vis.is eða á næstu þjónustuskrifstofu VÍS.



F|plus

Vátryggingafélag Íslands Ármúla 3 108 Reykjavík Sími 560 5000 www.vis.is

VÍS Par sem tryggingar snúast um fólk

Dregið úr sjúkraflugi og rukkað meira í Herjólf:

Öryggi fólks nýtt sem skiptimynt

VESTMANNAEYJAR Bæjarstjórn Vestmannaeyja leggst gegn því að heilbrigðisráðuneytið noti öryggi fólks sem skiptimynt í samningum um sjúkraflug og hvetur til þess að sjúkraflug úr Eyjum verði starfrækt áfram á sólarhringsvöktum, segir í ályktun bæjarstjórnar á fimmtudag.

Í útboði ráðuneytisins er sú nýlunda að falla frá þessari kröfu, segir Elliði Vignisson, bæjarstjóri Vestmannaeyja.

„En í ljósi landfræðilegrar stöðu og atvinnulífs þarf hér að vera sjúkraflug allan sólarhringinn. Þetta eru einhverjir tugir skipta á ári sem við notum þessa þjónustu,“ segir Elliði.

Bæjarstjóri telur það einnig einkennilega mótvægisáðgerð að hækka álag á þjóðveginn til Eyja. Eimskip hafi tilkynnt um væntanlega hækkun gjaldskrár sinnar um rúm átta prósent.

„Og Herjólfur er þjóðvegur,“ segir Elliði, sem hvetur ríkið til að



MYND/ÓSKAR P. FRÍDRÍKSSON

ELLIÐI VIGNISSON Bæjarstjórnin skorar á samgönguráðherra og ráðherra Suðurlands að koma í veg fyrir auknar álag á heimili í Eyjum, sem stafi af framkvæmd samnings Vega-gerðarinnar við Eimskip.

hafa jafnræði í heildri á þjóðvegum landsins; annað hvort að niðurgreiða Herjólf eða taka upp gjaldtöku á öðrum þjóðvegum.

Rétt sé að Eimskip hafi hækkað gjöldin en ekki ríkið, en „Eimskip hækkar af því að það fæst ekki aukni framlag frá ríkinu til að reka þjóðveginn.“ - kóp



**Komdu
nordur!**



Matur



Afslöpun



Menning



Útivist

Helgarævintýri á Akureyri

Akureyri býður upp á fjölbreytta möguleika fyrir þá sem vilja njóta ævintýralegrar skemmtunar í einstöku umhverfi. Jarðböðin við Mývatn og fleira stórskemmtilegt er að finna steinsnar frá.

Nokkrar staðreyndir um ferðamannabæinn Akureyri:

- Leikhús, listasafn og fjöldi annarra skemmtilegra safna og gallería, tónleikar, viðburðir.
- Skíðaparadís, 2 sundlaugar, 3 líkamsræktastöðvar, 5 heilsulindir, skautahöll, nyrsti 18 holu golfvöllur í heimi, lystigarður, keilusalur með 8 brautum, gönguleiðir og skipulagðar gönguferðir, siglingar, reiðtúrar, óvissuferðir, Hrísey og að sjálfsgöðu Kjarnaskógur.
- 5 hótél, 12 gistiheimili, 200 orlofsíbúðir, 2 tjaldsvæði og aðrir gistimöguleikar allt um kring.
- 16 veitingastaðir, Matur úr héraði, 12 skyndibitastaðir og sjoppur, 8 kaffihús, 2 kvikmyndahús, 6 skemmtistaðir.
- Auðvelt að komast um: Frítt í strætó og frí bílastæði.
- Gott úrval ólíkra verslana.

Nánari upplýsingar á visitakureyri.is og nordurland.is

SAMFÉLAGSVERÐLAUN FRÉTTABLAÐSINS

Samfélagsverðlaunin

Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða afhent á þriðjudag. Veitt verða verðlaun í fjórum flokkum og hafa fimm verið tilnefndir í hverjum flokki. Í dag eru kynnt þau félagasamtök sem tilnefnd eru fyrir framúrskarandi starf sitt í þágu mannúðarmála eða náttúruverndar og hafa lagt sitt af mörkum til að bæta íslenskt samfélag.

Guðrún Margrét Pálsdóttir, formaður ABC barnahjálpar:

Virkir stuðningsfélagar um sex þúsund talsins

ABC barnahjálpar var stofnuð fyrir tuttugu árum. Guðrún Margrét Pálsdóttir var ein af stofnendum en hún kynntist neyð barna í gegnum ferðir sínar um heiminn. ABC barnahjálpar útvegar þurfað börnum menntun, umönnun og framfærslu auk þess að byggja skóla og heimili sem börnin sækja og dvelja á. „Þegar ég var að byrja vorum við örfá sem störfuðum að þessu og vorum þá að styðja um 100 börn. Í dag eru virkir stuðningsfélagar um sex þúsund talsins og fjölgaði þeim hlutfallslega mest í fyrra. Bæði er það að fólk er orðið meðvitaðra um hvað þörfin fyrir hjálpar er mikil og svo er heimasíðan okkar, www.abc.is orðin mjög aðgengileg þar sem fólk getur valið sér barn til að styðja,“ segir Guðrún. Félagið styrkir í dag börn á Indlandi, Filippseyjum,

Pakistan, Úganda, Kenía og Senegal og í Líberíu er verið að undirbúa hjálparstarf og bygging heimavistar skóla er þar í fullum gangi. „Við erum einnig að undirbúa hjálparstarf í fleiri löndum en börnin búa ýmist á barnaheimilum og heimavistum ABC eða eru hjá aðstandendum og sækja skólana. Þannig fá þau öll menntun.“

Guðrún segir tilnefningu til Samfélagsverðlaunanna hafa mikla þýðingu. „Slíkt vekur athygli á starfinu en við erum með mörg börn sem vantar stuðning og þurfum sárlega á auknum liðsafla að halda. Stofnun ABC Barnahjálpar í Færeyjum var fyrsta skrefið stíl að útvíkka starf ABC barnahjálpar á Vesturlöndum og nú erum við búin að skrá starf okkar einnig á Flórída og erum spennat að opna þar skrifstofu.“



VINNUHÓPUR SAMAN-HÓPSINS FUNDAR Guðbjörg S. Bergsdóttir frá Ríkislögreglustjóra, Eygló Rúnarsdóttir frá ÍTR og Sveinbjörn Kristjánsson frá lýðheilsustöð eru fulltrúar í Saman-hópnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Samán-hópurinn stuðlar að samveru fjölskyldunnar:

Jákvæð og hvetjandi skilaboð frá foreldrum

Samán-hópurinn er frjáls félagasamtök ólíkra aðila sem vinna að sameiginlegu markmiði. Hópurinn vill með starfsemi sinni stuðla að samstarfi fólks sem vinnur að forvörnum, vekja athygli á þeirri ógn sem börnun og unglíngum stafar af útbreiðslu áfengis og vímuefna í samfélaginu og síðast en ekki síst styrkja og styðja foreldra í uppeldislutverkinu. Fjöldi aðila sem á einn eða annan hátt starfa með eða fyrir börn og unglíngi eiga fulltrúa innan hópsins. Má til dæmis nefna sveitarfélög, Barnaheill, lögregluna á höfuðborgarsvæðinu og Rauða kross Íslands.

Bergþóra Valsdóttir er fulltrúi SAMFOK

í Samán-hópnum. Hún segir starfseminna hafa byrjað í kringum aldamótin síðustu. „Þá tók sig samán hópur fólks og fór af stað með herferð þar sem foreldrar voru hvattir til þess að fagna þessum tímamótum með börnunum sínum. Skilaboðunum var vel tekið; þau virtust bera árangur og því höfum við haldið starfinu áfram.“

Skilaboð Samán-hópsins beinast fyrst og fremst að foreldrum og forráðamönnum. „Við segjum stundum að foreldrar séu besta forvörnin. Við höfum aftur á móti forðast að predika varðandi uppeldi og reynum frekar að hafa jákvæða hvatningu og stuðning að leiðarljósi í starfi okkar,“ segir Bergþóra.



GUÐRÚN MARGRÉT PÁLSDÓTTIR Hefur í tuttugu ár helgað krafta sína þurfað börnum í heiminum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



ÞAÐ ER ÁVÍSUN Á ÁVINNING AÐ VERA Í STOFNI

Árleg endurgreiðsla er aðeins einn af fjölmörgum kostum þess að vera í Stofni. Má þar nefna afslátt af tryggingum og barnabístólum, ókeypis flutningstryggingu, bílaleigubíl vegna kaskótjóns ásamt nýjasta þjónustuliðnum: Vegavernd Sjóvá.

Farðu á sjova.is eða hringdu í síma 440 2000 og kynntu þér kosti þess að vera í Stofni. Vertu viss um að njóta góðrar þjónustu.

ENDURGREIÐSLA – ENN EINN KOSTUR ÞESS AÐ VERA Í STOFNI

SJÓVÁ

STOFN

Helga Lára Hauksdóttir, framkvæmdastjóri lögfræðiaðstoðar Orators:

Þörfin er alltaf mikil

Helga Lára Hauksdóttir er annar tveggja framkvæmdastjóra lögfræðiaðstoðar Orators en frá árinu 1981 hefur fólk getað hringt til hennar og fengið ókeypis lögfræðiráðgjöf og hefur fjöldi Íslendinga nýtt sér aðstoðina. „Við veitum alhliða lögfræðiaðstoð, aðstoðum og leiðbeinum með alls kyns mál, mikill hluti þeirra eru sifjamál, mál sem tengjast kröfuretti og samningarétti. Þarna fær fólk kjörið tækifæri til að kanna réttarstöðu sína og getur þá áttað sig á því hver séu skynsamleg næstu skref. Fólk er líka oft bara að forvitnast, er ekki í vandræðum, en vill kannski athuga hvaða leið það getur farið ef svo ber undir,“ segir Helga Lára og bætir við að á símatíma rigni símtölum inn og oft komist færri að en vilja. „Símatíminn er milli hálfátta og tíu á fimmtudagskvöldum en við náum að sinna milli 15 til 20 manns á hverju kvöldi. Þörfin er alltaf mikil og hefur verið í öll þau ár sem lögfræðiaðstoðin hefur verið starfrækt.“ Helga Lára segir starfið vera mjög gefandi og þarna geti lögfræðingar framtíðarinnar fengið góða æfingu og veitt almenningi aðstoð um leið. „Það er mikill heiður fyrir starf Orators að vera tilnefnt til Samfélagsverðlaunanna og hvetjandi.“



HELGA LÁRA HAUKSÓTTIR OG BARBARA INGA ALBERTSDÓTTIR Lögfræðiaðstoð Orators hefur hjálpað Íslendingum í sautján ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hjálpræðisherinn á Íslandi:

Erfitt en gefandi starf

Starfsemi Hjálpræðishersins á Íslandi hófst árið 1895 og hefur verið öflug allar götur síðan, þó að hún hafi eðlilega tekið nokkrum breytingum. Anne Marie Reinholdtsen majór er yfirforingi Hjálpræðishersins á Íslandi. Hún segir starfseminna hafa verið í sókn að undanförunu.

„Starfið felst að miklu leyti í að rétta bágstöddum hjálparhönd, en við erum einnig með öflugt æskulýðsstarf, sérstaklega í Reykjavík og á Akureyri. Í nóvember síðastliðnum opnuðum við dagsetur úti á Granda sem býður upp á samastað og félagsskap yfir daginn. Að auki hófum við í fyrsta skipti starfsemi í Reykjanesbæ nú í haust og því er nóg um að vera hjá okkur.“

Hjálpræðisherinn starfar eftir sömu kristilegu gildunum um allan heim. „Við reynum að hjálpa öllum sem þurfa á hjálp að halda, sama hverjar aðstæður þeirra eru. Við þurfum þó að setja vissar reglur, til dæmis um



ANNE MARIE REINHOLDTSEN MAJÓR OG ASLAUG LANGGÁRD Þær stöllum hafa lengi starfað á vegum Hjálpræðishersins á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

þá hegðun sem fólk sýnir á gistiheimilum. En oftast gengur hjálparstarfið vel,“ segir Anne.

Í starfi sínu með Hernum hefur Anne kynnst öllu litrófi

mannlífsins. Hún segir starfið stundum reyna á. „Það koma vissulega erfiðar stundir en starfið er oftast afskaplega gefandi og skemmtilegt.“

BAS-hópurinn gengur til góðs:

Vekja athygli á slysum

BAS-hópurinn er skipaður þeim Önnu Ingigerði Arnarsdóttur, Bríeti Birgisdóttur og Soffíu Eiríksdóttur, en þær eru allar hjúkrunarfræðingar. Þær vöktu mikla athygli síðastliðið sumar þegar þær skipulögðu vel sóttu göngu gegn umferðarslysum. Upphaflega áttu þær von á að um hundrað manns tækju þátt í göngunni, en þegar upp var staðið reyndust þátttakendurnir um fimm þúsund.

„Við vorum að sjálfsgöðu himinlifandi yfir því hvað þetta átak vakti mikil viðbrögð. Fólk úr þeim starfsstéttum sem koma að umferðarslysum, til að mynda sjúkraflutningamenn og slökkviliðsmenn, fjölmennti í gönguna og almenningur einnig, enda láta alvarleg umferðarslys fáa ósnortna í svona litlu samfélagi,“ segir Soffía.

BAS-hópurinn hefur tekið þátt í fleiri göngum til góðs. „Við höfum allar unnið talsvert með krabbameinssjúklingum og okkur langaði til þess að safna peningum til þess að styrkja þann málsstað,“ segir Soffía. „Árið 2006 tókum við því



BAS-HÓPURINN Bríeti Birgisdóttir, Anna Ingigerður Arnarsdóttir og Soffía Eiríksdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

þátt í Avon-göngunni í New York, en í henni sófnuðust í allt 9,7 milljónir bandaríkjadala sem renna til meðferða og rannsókna á krabbameini.“

Þær stöllum í BAS-hópnum stefna að því að halda starfi sínu áfram og stefna að annarri göngu gegn umferðarslysum með vorinu.

JÓNSSON & LEHMANN • J.L.B.

★ Lanzarote
frá 46.668 kr.

SUMAR FERÐIR

sumarferdir.is



Yfirlýsing frá Vodafone



Vodafone er með stærsta GSM þjónustusvæðið á Íslandi

Það er staðreynd

Vodafone hefur að undanförmu unnið markvisst að því að stækka þjónustusvæði sitt með uppsetningu nýs langdrægs GSM kerfis sem er hrein viðbót við eldra kerfi. **Það er staðreynd.**


Nú er svo komið að viðskiptavinir Vodafone njóta GSM sambands á mun fleiri stöðum á Íslandi heldur en viðskiptavinir annarra símafyrirtækja. **Það er staðreynd.**

Vodafone lætur ekki þar við sitja. Við höldum uppbyggingunni áfram og fyrir árslok mun samband um 50 nýja GSM senda nást langt á haf út umhverfis landið og víðast hvar á hálendinu. **Það er staðreynd.**

Kynntu þér staðreyndir málsins. Skiptu yfir til Vodafone með einu símtali í **1414** – strax í dag.


Árni Pétur Jónsson
Árni Pétur Jónsson, forstjóri Vodafone.

Gríptu augnablikið og lifðu núna



20. febrúar 2008

GSM þjónustusvæði Símans
skv.siminn.is



20. febrúar 2008

GSM þjónustusvæði Vodafone



vodafone

Nýtt langdrægt GSM kerfi

Stærsta GSM þjónustusvæðið

Vodafone er með stærsta GSM þjónustusvæðið á Íslandi. Það er staðreynd. Uppbyggingin heldur áfram. Skiptu yfir til Vodafone, án þess að skipta um símanúmer, með einu símtali í 1414 – strax í dag.

Gríptu augnablikið og lifðu núna

1. desember 2008

GSM þjónustusvæði Vodafone



ELTON JOHN FÉKK NAFNBÓTINA
SIR PENNAN DAG ÁRIÐ 1998

„Ég er heimsins frægasti
hommi.“

Tónlistarmaðurinn Elton John
kom út úr skápnunum sem tví-
kynhneigður árið 1976 en tók
það til baka nokkrum árum
seinna og kom út úr skápnunum
sem samkynhneigður.



tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST 24. FEBRÚAR 1991:

Minnisvarði um Sveinbjörn

Minnisvarði um Sveinbjörn Egilsson, rektor og skáld, var afhjúpaður á æskulóðum hans í Innri-Njarðvík þegar 200 ár voru liðin frá fæðingu hans. Sveinbjörn er best þekktur sem fyrsti rektor Lærða skólans í Reykjavík en hann var guðfræðingur, kennari, þýðandi og skáld og þýddi meðal annars Hómerskviður. Foreldrar Sveinbjörns voru efnaðir bændur og nam Sveinbjörn guðfræði við Hafnarháskóla og fékk kennarastöðu við Bessastaðaskóla þegar heim kom. Skólinn var svo fluttur til Reykjavíkur og varð Sveinbjörn þá rektor. Hann vann að ýmiss konar þýðingum fyrir skólann og tók saman



orðabók yfir íslenskt skáldamál sem varð síðar uppsláttarrit fyrir rannsóknir á fornum íslenskum kveðskap. Sveinbjörn samdi nokkuð af ljóðum og sálum, meðal annars Heims um ból. Veturinn 1849-50 kom upp svokallað Preat-mál við Lærða skólann en það hófst með því að Sveinbjörn skikkaði nemendur skólans til að vera í bindindisfélagi og voru þeir ósáttir við það. Nemendurnir gengu úr félaginu og við það reiddist Sveinbjörn og las þeim skammarræðu sem þeir svöruðu með því að hrópa „preat“ eða niður með hann. Sveinbjörn lét af störfum ári síðar og lést stuttu seinna.

MERKISATBURÐIR:

- 1630 Prettán hús og önnur verðmæti brenna til kaldrakola á Skálhólstaða.
- 1821 Mexíkó öðlast sjálfstæði frá Spáni.
- 1863 Forngripasafn Íslands stofnað.
- 1917 Bylting brýst út í Rússlandi.
- 1918 Eistland lýsir yfir sjálfstæði frá Rússum.
- 1924 Íhaldsflokkurinn stofnaður. Fimm árum síðar sameinast hann Frjálslyndaflokknum undir nafninu Sjálfstæðisflokkur.
- 1924 Styttta af Ingólfi Arnarsyni afhjúpuð á Arnarhóli.
- 1957 Sjómannasamband Íslands stofnað.
- 1984 Írak hefur loftárásir á Íran.
- 1998 Elton John sleginn til riddara.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Jónína Hannesdóttir

Skálagerði 15, Reykjavík,

áður til heimilis að Kolbeinsgötu 6, Vopnafirði, sem lést á Vífilstöðum 14. febrúar, verður jarðsungen frá Bústaðakirkju mánudaginn 25. febrúar kl. 13.00.

Hólmfríður Kjartansdóttir	Sigurður Adólfsson
Inga Hanna Kjartansdóttir	Áshildur Kristjánsdóttir
Kjartan Þórir Kjartansson	Hrönn Róbertsdóttir
Baldur Kjartansson	Ágúst Borgþór Sverrisson
Erla Kjartansdóttir	
barnabörn og barnabarnabörn.	



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, systir og frænka,

Svandís Júlíusdóttir

Skúlagötu 78, 105 Reykjavík,

Lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi, mánudaginn 18. febrúar. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík, þriðjudaginn 26. febrúar kl. 13.00.

Karl Valur Guðjónsson	Díana Björnsdóttir
Brynja Guðjónsdóttir	Sveinn Þór Hallgrímsson
Júlíus Kristinsson	Lotte Knudsen
Kristján Kristinsson	
Egill Kristinsson	Hafðis Ósk Gísladóttir
barnabörn og aðrir aðstandendur.	



Móðir okkar og tengdamóðir,

Arnóra Friðrikka Salóme Guðjónsdóttir

síðast til heimilis að Sléttuvegi 13 Reykjavík,

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Skjóli sunnudaginn 17. febrúar sl. Útförin fer fram frá Akranesarkirkju þriðjudaginn 26. febrúar nk. kl. 14.00.

Eiríkur Valdimarsson	Ólafur Arnason
Arnfríður H. Valdimarsdóttir	Þór G. Þórarinnsson
Magnúsa G. Valdimarsdóttir	Kristjón Sigurðsson
Sigurjóna Valdimarsdóttir	Guðlaug Jónsdóttir
Arnór V. Valdimarsson	Soffía Gísladóttir
Páll G. Valdimarsson	Jón Egilsson
Sigurborg Valdimarsdóttir	Ólafía G. Einarsdóttir
Guðjón Valdimarsson	
og aðrir aðstandendur.	



ALDA DAVÍÐSDÓTTIR Setur upp sjóræningjasýningu í gamalli smiðju á Patreksfirði.

MYND/BRÍET ARNARDÓTTIR

ALDA DAVÍÐSDÓTTIR: STOFNAR SJÓRÆNINGJASAFN

Kafteinn Jack Sparrow á Patró

Eitt af þeim verkefnum sem hlaut styrk í úthlutun Félags- og tryggingamálaráðherra til atvinnumála kvenna nýverið var Sjóræningjahúsið á Patreksfirði. Alda Davíðsdóttir er forstöðukona sýningarinnar og höfundur að verkefninu. Hún hefur nýlengi BA-námi í ferðamálafræðum frá Háskólanum á Hólum og dreif sig strax að því loknu í mastersnámi í menningarstjórnun við Háskólann á Bifröst.

„Þetta kom allt saman til þegar ég var að ljúka námi í ferðamálafræði við Háskólann á Hólum og vissi það að ég þyrfti að gera eitthvað þegar ég kæmi heim,“ segir Alda en hún er fædd og uppalin á Patreksfirði. „Ég var orðin leið á því að vera í einhverri vinnu sem ég hafði enga sérstaka ánægju af. Ferðamálafræði er eitthvað sem maður getur notað hvar sem er á landinu og námið á Hólum miðar að ferðapjónustu í dreifbýli svo það hentaði einstaklega vel. Sjóræningjahúsið verður sýning sem byggir á frásögunum sem ég hef fundið í bókum um komu strandræningja á svæðið seinni hluta sextándu aldar og fyrrihluta þeirrar sautjándu. Sýningin sjálf verður trú sögunni og sannleik-

anum og mun sýna þetta eins og við teljum að hafi verið réttast. Svo verður líka útsvæði þar sem við munum leika okkur með sjóræningjapemað og þá horfum við frekar til krakkanna og kvikmyndasjóræningja eins og Jack Sparrow. Hugmyndin hjá okkur er að það megi fíka og koma við og fólk geti sjálft tekið þátt.“

Alda segir margvísleg tækifæri liggja í ferðamannaíðnaðinum um allt land og spurningin sé bara að útfæra hugmyndirnar svo þær verði aðráttar-afl fyrir staðina.

„Það helsta sem vantar fyrir ferðamenn er afþreying. Það er mikill fjöldi ferðafólks sem fer hér út á Látrabjarg á hverju sumri og okkur vantar einhvern sterkan segul til að toga það hingað inn í bæinn. Ég er að vona að Sjóræningjahúsið skili því. Núna erum við að vinna í heimildarlutunum en það fer mikill tími í undirbúning og fjáröflun. Nú erum við þó komin með húsnæði í gamalli smiðju sem sveitarfélagið á og fáum leiguna á henni í nokkur ár sem styrk. Það þarf að gera mikið við húsið en við byrjum þá bara með litla sýningu í vor og hluta af útsvæðinu en við reiknum með að opna í

kringum sjómanna daginn sem er mikil hátíð hérna í bænum.“

Alda segist vona að verkefnið verði til frekari atvinnusköpunar í byggðarlaginu og er í viðræðum við sveitunga sína um að búa til minjagrip til sölu á sýninguna og er vongóð á að lífligri sýningu eins og Sjóræningjahúsinu verði vel tekið.

„Ég held að við getum alveg leyft okkur að vera með vandaða sýningu en sprella svolítið líka. Það þarf ekki allt að vera alvarlegt. Byggðasöfnin eru kaflir út af fyrir sig og nú hafa opnað þessar upplifunarsýningar eins og draugasetur og galdrasýning sem byggja svolítið á öðru þannig að ég held að það sé að verða eitthvað nýtt til í þessum geira. Allstaðar um landið eru einhverjar spennandi sögur sem hægt er að grafa í og þetta er bara spurning um að láta sér detta eitthvað í hug og útfæra það. Nú eru Bilddælingar til dæmis að fara af stað með sitt skrímslasetur og þetta hangir allt skemmtilega saman. Ég sé Vestfirðina fyrir mér sem spennandi og dramatískt ferðasvæði fyrir fjölskyldufólk að heimsækja.“

heida@frettabladid.is

FEBRÚARTILBOÐ

á legsteinum og fylgihlutum

10-50% afsláttur

MOSAÍK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 - www.mosaik.is



Samnorræn ráðstefna fær styrk

Samnorræn ráðstefna um kennaramenntun og skólaþróun verður styrkt af Landsbankanum. Elín Sigfúsdóttir, framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Landsbankans, og Ólafur Proppé, rektor Kennaraháskóla Íslands, undirrituðu samninginn.

Á ráðstefnunni verður fjallað um samstarf skóla og stofnana sem annast kennaramenntun. Þema ráðstefnunnar eru tengsl kennaramenntunar og skólaþróunar og hvernig skólarnir geta haft áhrif á kennaramenntunina. Kennara-

háskóli Íslands vill efla vettvangsnám kennaranema vegna mikilvægi þess í menntun kennara. Ráðstefnan er opin öllum þeim sem starfa að kennaramenntun hérlendis og á Norðurlöndunum. Hún verður haldin í Kennaraháskólanum 21.-24. maí næstkomandi.

VIÐ UNDIRRITUN SAMNINGS Frá vinstri: Kristín Jónsdóttir, lektor og formaður undirbúningsnefndar ráðstefnunnar, Ólafur Proppé, Elín Sigfúsdóttir og Viggó Ásgeirsson, forstöðumaður markaðs- og vefdeildar Landsbankans.



I'VE BEEN
ON A DIET
FOR TWO WEEKS
AND ALL
I'VE LOST
IS TWO WEEKS.

TOTIE FIELDS

Food & Fun

REYKJAVÍK 20.-24. FEBRÚAR

TAKK FYRIR OG VERÐI YKKUR AÐ GÓÐU

Food & Fun hátíðinni lauk í gærkvöld með glæsilegum kvöldverði, verðlaunaafhendingu og fjörugum dansleik. Þessi fjögurra daga matarveisla hefur aldrei verið stærrí og aldrei jafn eftirminnileg. Þeir sem standa að Food & Fun hátíðinni færa innilegar þakkir til matreiðslumeistara, þátttakenda, 15 veitingastaða, Norræna hússins og allra hinna fjölmörgu gesta fyrir sælkerapplifun á heims-mælikvarða og góða skemmtun.

ENN ER TÆKIFÆRI TIL 2. MARS

Flestir veitingastaðir hafa Food & Fun matseðla á boðstólum til og með sunnudeginum 2. mars.

+ Sjá nánar á www.foodandfun.is

VISA | Safnaðu
Vildarpunktum



WWW.ICELANDAIR.IS

Mamma huggar mig þá bara

Ein af fyrstu minningum **Benedikts Erlingssonar** úr leikhúsinu er þegar hann sá Sólarferð átta ára gamall í leikstjórn móður sinnar, Brynju Benediksdóttur. Rúmum þrjátíu árum síðar fetar hann í fótspor móður sinnar á stóra sviði Þjóðleikhússins. **Bergsteinn Sigurðsson** komst að því hvers vegna Brynja fær samviskubit þegar hún rifjar upp veturinn sem hún setti Sólarferð á fjalirnar og hvers vegna Benedikt sagði foreldrum sínum ekki frá því þegar hann sótti um í Leiklistarskólanum.

Það er sólarhringur í frumsýningu og hægara sagt en gert að stefna þeim mæðginum saman. Benedikt á æfingum og Brynja að búa um hnútana áður en hún fer til útlanda og snýr ekki aftur fyrr en í apríl. Þau finna sér þó glufu og mæla sér mót við blaðamann á heimili Brynju – æskuheimili Benedikts – við Laufásveg.

Leikritið Sólarferð eftir Guðmund Steinson fór fyrst á fjalirnar árið 1976 og sló rækilega í gegn, um 40 þúsund manns sáu það þá. „Það gerði ekki lítið fyrir Þjóðleikhúsið á sínum tíma,“ segir Brynja. Fram að því höfðu íslensk verk sjaldan hlotið mikla aðsókn nema Hart í bak Jökuls Jakobssonar. En var sýndur í Iðó þar sem miklu færri komust að. Í Þjóðleikhúsið komu 6.600 manns á kvöldi og þetta verk var mikil upp-lyfting fyrir leikhúsið.

Samviskubit

Benedikt var aðeins átta ára en man eftir glefsum úr verkinu. „Mínar fyrstu minningar úr leikhúsinu eru frá þessu ári. Ég lék lítið hlutverk í tveimur leikritum sama vetur og Sólarferð var sýnd þannig að ég var þarna eins og grár köttur. Ég man óljóst eftir sýningunni, þá sérstaklega frægri sólbaðssenu sem flestir sem sáu leikritið muna eftir og þótti mjög framúrsteftuleg.“

Brynja segist alltaf fá samviskubit þegar hún rifjar upp árið sem hún setti Sólarferð. „Hver ól upp barnið 1976 og '77?“ segir hún og horfir á son sinn. „Erlingur var á fullu að leika og ég að ferðast út um allan heim. Hafði verið í Suður-Ameríku, Jógóslavíu og Hollandi, kem heim um haustið og fer að undirbúa Sólarferð. Hver var að passa drenginn?“

„Ég get alveg sagt þér það,“ segir Benedikt. „Þetta ár var ég að leika. Ég var blóðnýttur í leikhúsinu þar sem ég lék vannært hungrað barn í Góðu sálinni frá Sesúan og látið barn sem er orðið engill í Gullna hliðinu, þar sem pabbi lék andskotann. Og ég fór með eina línu: „Við biðum þín innan við hliðið, mamma. Ég var sem sagt móðurlaust barn í tveimur sýningum!“ Hann snýr að blaðamanni. „Þú heyrir hvað þetta er allt saman drekkhlaðið af undirtexta. Svo er Sólarferð auðvitað ópera hjónabandsins. Ég er 38 ára gamall maður og er kominn á þann stað í lífinu að ég þarf að skoða hjónabandið í allri sinni dýpt. Þannig að þetta er mjög margrætt og djúpar forsendur fyrir öllu sem tengist þessu verki,“ segir hann og glottir.

Fortíðarhyggja

Sólarferð er fyrsta leikstjórnarverkefni Benedikts í Þjóðleikhúsinu. Óhjákvæmilega vaknar sú spurning hvort það sé til heiðurs móður hans sem hann setur þetta verk upp. „Nei, nei, nei,“ er Brynja fljót að segja. „Jú, jú, jú,“ grípur Benedikt fram í. Það eru í rauninni margar ástæður fyrir því að ég kaus þetta verk. Í fyrsta lagi er þetta verk í mínu huga sérstök perla. En þegar ég var beðinn um að leikstýra í Þjóðleikhúsinu fannst mér það líka við hæfi að ég fengi að fljóta þangað undir væng móður minnar á einhvern hátt. Það er liggur líka ákveðin fortíðarhyggja að baki hjá mér, þess vegna ákváðum við Ragnar Kjartansson leikmyndahönnuður að staðfæra það ekki. Ég hef ákveðnar persónulegar ástæður sem liggja í efni verksins og líka koma minningar um Þjóðleikhúsið frá þessum tíma; lyktin af teppinu og baksviðinu. Það er alveg óhætt að segja að ég og Ragnar Kjartansson, sem hannar leikmyndina, höfum verið á algjöru fortíðarflippi undanfarið ár.“

Brynja bætir við að verkið þarfnist ekki staðfæringar. „Leikritið snýst um mannleg samskipti og það vill bara svo til að fólk er á þessum stað og stund. Guðmundur hafði verið fararstjóri á Spáni og þekkti vel þennan draum að allt væri betra annars staðar. Fólk fór oft út til að reyna bjarga hjónabandinu, að finna sína paradís, en rak sig á að vandamálin hurfu ekki þótt þau færu annað.“

„Það hefur í rauninni ekkert breyst,“ bætir Benedikt við. „Það eina sem hefur bæst við síðan á áttunda áratugum eru GSM-símar og netið. Það hefði verið mjög auðvelt að staðfæra en okkur fannst það þjóna boðskapnum að láta verkið gerast 1976. Á þessum tíma var líka það sama uppi á teningnum og núna – velmegun og útrás.“



BRYNJA OG BENEDIKT Telja sig líklega eiga það sameiginlegt að vera skapgóðir og fífljarfir leikstjórar. Að þeirra mati þarf leikstjóri að vera verkstjóri, kennari, heimspekingur og geðlæknir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Verð að vera móðurbetrungur

Benedikt brosir þegar hann er spurður hvort hann finni fyrir þrýstingi um að slá móður sinni við. „Já, ég verð að vera móðurbetrungur,“ segir hann og lítur á Brynju. „Það er kallað Ódipusarduld þegar drengir vilja drepa föður sinn og sameinast móður sinni. Svo var annar prins sem hét Órestes sem drap móður sína til að hefna föður síns. Um þetta hafa verið skrifuð mörg leikrit. Svo spurningin er ekki út í hött.“

„Þetta er eiginlega í fyrsta sinn sem við ræðum þetta verk,“ segir Brynja en sonur hennar segir að það sé ekki alveg rétt. „Þú hefur lagt mér línurnar og sagt mér hverju ég á að passa mig á. Það eru margar gildirur í þessu verki. Textinn er svo hárfínn, auðvelt að detta í karikatúr. Þetta krefst mikillar ögunar, hæfileika og æðruleysis í leikstíl.“

„Það eina sem ég sagði við hann er að trufla ekki leikarana,“ segir Brynja. „Nema þeir séu byrjaður að ofleika. Það má ekki ýkja og undirstrika neitt. Þetta snýst allt um undirtextann.“ Benedikt segist líka



Þegar ég missti vinnuna í Þjóðleikhúsinu á hápunkti ferils míns byggði ég mér leikhús í garðinum. Það héldu allir að ég hefði byggt það fyrir Benna í fermingargjöf.

hafa lært það af móður sinni að vinna náð með leikmyndahönnuðum. „Ég hef líklega verið ein af þeim fyrstu á Íslandi til að gera það,“ segir hún. „Upphaflega var leikmyndahönnuðurinn í aukahlutverki, nánast eins og smíður út í bæ sem kom og negldi saman leikmyndina. Við Sigurjón Jóhannsson, leikmyndahönnuður Sólarferðar, vorum hins vegar í heimspekilegum umræðum, þar sem við reyndum að kryfja verkið til mæjar.“ „Þarna verður dúóið til í íslenska leikhúsinu,“ segir Benedikt. „Ég legg líka á það áherslu að Ragnar Kjartansson er vinstra heilahvelið í þessari sýningu. Auk þess sem ég er umkringdur úrvalsleikurum sem ég hef alveg látið í friði.“

Brynja segist alls ekki kvíðin fyrir að sjá verkið í meðförum sonar síns. „Iss, nei. Það þýðir ekkert. Ég treysti barninu. Og ef þetta lukkast ekki þá er það bara lærdómur.“ „Þá huggarðu mig bara,“ segir Benedikt.

Prinsinn í Þingholtunum

Spurður hvernig það sé að vera sonur Brynju og Erlings Gíslasonar leikara segist Benedikt

ekki geta kvartað. „Ég þekki ekki annað og hef engan samanburð. En uppeldið tókst nú svo vel að einu sinni var ég valinn Maður vikunnar í Fréttablaðinu.“

Brynja og Erlingur voru bæði áberandi í íslensku leikhúslífi og Benedikt jatar að stundum hafi sér verið strítt og kallaður litli prinsinn í Þingholtunum. „Þegar ég missti vinnuna í Þjóðleikhúsinu,“ bætir Brynja við, „á hápunkti ferils míns, byggði ég mér leikhús í garðinum. Það héldu allir að ég hefði byggt það fyrir Benna í fermingargjöf.“

„Já, mér var strítt á því að ég hefði fengið leikhús í fermingargjöf,“ segir Benedikt. „Reyndar var ég orðinn 26 ára þegar skemmtihúsið reis. En það má líka segja að það sé ábyrgðarhluti að vera fæddur með silfurskeið í munnum. Maður verður að standa undir því. Mér hefur verið mikið gefið.“

Ætlaði að verða bóndi

Þótt hann væri alinn upp á leikhúshæimili lá þó alls ekki beint við að Benedikt fetaði í fótspor foreldra sinna. Brynja og Erlingur héldu til dæmis að hann yrði annað hvort náttúrufræðingur eða bóndi og höfðu ekki hugmynd um að hann hefði sótt um í Leiklistarskólann. „Við fréttum það bara úti í bæ að hann hefði komist inn og urðum mjög hissa. Erlingur var líka svolítið sár yfir að Benedikt leitaði ekki til hans til að æfa sig fyrir prófið.“

„Mér fannst ekki flott að feta í fótspor foreldra minna,“ segir Benedikt, „og tók til dæmis mjög lítið þátt í leiklistarstarfi í MH því mér fannst einhvern veginn búist við því af mér.“

„Þetta var kannski líka okkur að kenna,“ segir Brynja. „Við Erlingur höfðum verið dómárar við leiklistarskólann og venjulega óskað þeim til hamingju sem féllu með að losna undan þessu fargi.“

En Benedikt segir að vissulega hafi það komið til greina að verða bóndi – hann hafi meira að segja farið í starfskyrningu á Hvanneyri. „Og ég hef ekki látið af bónda-draumnum. En mér fannst praktískara að byrja að vera leikari og svo bóndi frekar en öfugt.“

Skapgóð og fífldjörf

Mæðginin segjast ekki geta sagt með góðu hvað þau eiga sameiginlegt sem listamenn. „Ég hef ekki hugmynd um það,“ segir Brynja. „Ætli við séum ekki... ja, ætli við séum eitthvað lík?“ „Ætli við séum ekki jafn skapgóð?“ spyr Benedikt á móti. „Jú, ætli það ekki, og fífldjörf,“ svarar Brynja.

Benedikt segir að ein lexían sem hann hafi lært af móður sinni sé mikilvægi þess að halda hlut íslenskra leikskálda á lofti sem oft á tíðum hafa verið lítils metin. „Þau urðu hreinlega fyrir fordómum,“ segir Brynja. „En kannski opnaði þessi leiksýning mín á sínum tíma fyrir það að ný íslensk verk gætu orðið kassastykki.“ „Þetta var mjög mikilvæg menningarpólitik sem mamma tók fyrir og ég hef reynt að til-einka mér.“

Þetta er tímabil í leiklistarsögu okkar sem elur af sér höfunda á borð við Jökul Jakobsson, Guðmund Steinsson, Odd Björnsson, Birgi Sigurðsson og Kjartan Ragnarsson. Við búum við þá kröfu núna að ryðja brautina fyrir ný leikskáld. Eru einhverjir Jökla eða Steinssynir að skrifa fyrir leikhúsið í dag? Leikhúsin ættu að dæla peningum í leikskáldin og gefa þeim frjá skrifstofu með ókeypis nettengingu.“

Er að safna í leikfélag

Þau segja ekki bera mikið á listrænum ágreiningi þeirra á milli og eru sammála um að helsti hæfileiki leikstjóra felist í að geta skipulagt stóran hóp af fólki sem þarf að vinna að sama marki. „Hann þarf að vera verkstjóri, heimspekingur og kennari,“ segir Benedikt. „Og geðlæknir,“ botnar Brynja.

Spurð hvort þau hafi einhvern tímunn rætt að vinna saman svara þau neitandi. En það sé ekki galin hugmynd. „Ég er smám saman að safna í leikfélag,“ segir Brynja hlæjandi. „Bóndinn, sonurinn og tengdadóttirin eru öll faglærðir leikarar. Ef barnabörnin slást í hópinn væri hægt að setja upp áhugaverða sýningu.“ Benedikt hefur meiri áhuga á að gera bíó. „Eða kannski ætti ég að gera sjö þátta sjónvarpsrísi,“ segir hann og setur sig í stellingar, „sem bara fjallaði um þig og héti: Mamma.“



ferðalög

[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM FERÐALÖG]

MARS 2008

HIPP & KÚL HELSINKI

SLAVNESK MELANKÓLÍA MÆTIR
SKANDINAVÍSKRI HÖNNUN

Á FERÐ & FLUGI

LJÓSMYNDARINN PÁLL
STEFÁNSSON MEÐ
SÝNINGU FRÁ FERÐUM
SÍNUM UM HEIMINN

ET,
& DREKK
& VER
GLAÐUR!

LEIÐARVÍSIR AÐ SPENNANDI VEITINGAHÚSUM,
BÖRUM OG NÆTURKLÚBBUM Í LONDON,
PARÍS, NEW YORK OG STOKKHÓLM

+ FÓTBOLTAFERÐIR, FRANK GEHRY HÓTEL Í BARCELONA, MATARSKÓLI Í
MARRAKESH, LISTSÝNINGAR Í MARSMÁNUÐI OG WALLPAPER DESIGN AWARDS

MIÐBAUGUR ÞAÐ HEITASTA Í ... HÓTELMUM, VEITINGASTÖÐUM, GRÆJUM, BÚÐUM, MÖRKUÐUM OG FERÐANÝJUNGUM

SAMA HVAÐ WARHOL SAGÐI

skrifar Anna Margrét Björnsson

Ferðalög eru þetta sinn tileinkuð veitingastöðum og öldurhúsum í nokkrum helstu stórborgum heims. Hluti af því að kynnast nýrri menningu er að bragða á þjóðarréttum hennar, og svo er engin betri leið til þess að upplifa stórborg en að tylla sér á dásamlegum veitingastað, gæða sér á mat og drykk og skoða fólkíð í kringum sig. Matur skilur eftir svo margar minningar. Ég er viss um að helstu minningar okkar af áfangastöðum séu tengdar matnum sem við borðuðum. Til dæmis hugsa ég aldrei um Skotland án þess að minnast þess að hafa leitað skjóls undan kulda Edinborgar inni á ævafornum pöbb og teygð dökkbrúnan Guinness og borðað haggis og rófustöppu. Tókýó er auðvitað ekki Tókýó án japansks matar, og morgunverður klukkan 6 á fiskmarkaðnum þegar sushi-ið var næstum spriklandi er mér ferskur í minni. Steak tartar og rauðvínsglas á Brasserie d'Île Saint-Louis í París klikkar aldrei, né góður kebab í Berlín. Vondur matur getur líka haft sín áhrif: Ég fékk til dæmis nóg af moussaka á Grikklandi fyrir lífstíð og djúpsteikt Mars-súkkulaði í Norður-Englandi (steikt í sömu olíu og fiskur og franskar) er með því versta sem ég hef bragðað.

Þegar haldið er í helgarferðir til líflegra vestrænna borga er um að gera að vera upplýstur um bestu veitingastaðina og jafnvel bóka þá tímanlega. Það er tilgangslaust að fara til dæmis til London og enda á einhverjum vondum pastastað þegar maður hefur aðeins þrjú kvöld til stefnu. Vefir eins og Time Out, og dagblöð eins og Sunday Times og New York Times, eru með frábæra matargagnrýni og auðvelt að verða sér úti um upplýsingar um sniðugustu staðina. Eins verður maður að sníða ferðina að sjálfum sér, ef þú ert ekki týpan sem nennir að hanga á fínum stöðum eins og 101 og fílar artí staði eins og Sirkus og Boston þá ertu væntanlega ekki týpan heldur til að drekka Cosmopolitan á Hudson-hótelinu í New York. Þegar maður hefur stuttan tíma fram undan er gott að vera vel skipulagður og svo klikkar aldrei að fá góð ráð frá heimamönnum. Og þrátt fyrir að Andy Warhol hafi sagt „McDonald's er það fallegasta við Stokkhólm,“ er um við honum ósammála í þetta sinn. Í útlöndum er um að gera að breyta út frá vananum og prófa eitthvað sem þú hefur aldrei prófað áður.

ferðalög kemur út mánaðarlega með sunnudagsblaði Fréttablaðsins.

Ritstjóri Anna Margrét Björnsson amb@frettabladid.is

Útlit Arnór Bogason og Kristín Agnarsdóttir

Forsíðumyndina tók Silja Magg af Lauren á veitingastaðnum Yaffa í New York

Penni Júlía Margrét Alexandersdóttir

Ljósmyndir Yvan Rodic, Silja Magg

Auglýsingar Stefan P. Jones stefan@365.is



RAUÐVÍN, DEKUR & AVANT-GARDE ARKITEKTÚR

Marqués de Riscal-hótelíð í Rioja-héraðinu er hannað af Frank Gehry

Þetta undurfagra hótél er hannað af arkitektinum Frank Gehry sem einnig hannaði Guggenheim-safnið í Bilbao. Byggingin er eins og listaverk og skartar silfurlituðum og fjólubláum „málmöldum“ og er staðsett í miðri Marqués de Riscal-vínekrunni á Spáni en hún gefur af sér eitt frægasta vín héraðsins. Herbergin á hótelinu eru einnig afar svöl

með viðarpanelum og marmara á gólfum og svo er hægt að baða sig í sólinni uppi á þaki þar sem einnig er að finna bar. Auðvitað er kjörið að drekka rauðvín allan liðlangan daginn, en það er meira að segja hægt að leyfa líkamanum að njóta góðs af andoxunarefnum rauðvíns með því að fara í svokallað „Vino-therapie“ spa á hótelinu en þar eru allar húðsnyrtivörur framleiddar úr vínberj-

um og meira að segja hægt að baða sig í víni.

Veitingastaður hótelsins er frábær en þar eldar Michelin-stjörnukokkurinn Francis Paniegu baskamat. Svo er auðvitað bráðnaðsynlegt að skreppa í vínsmökkunarferð um héraðið og til borgarinnar Elciego sem er konfekt fyrir öll skynfærin. Skál!

- amb

www.starwoodhotels.com



WALLPAPER* TILNEFNIR BESTA HÓTELID

Riva Lofts í Flórens

Hótelíð er hannað af hinum heimspekkta ítalska arkitekt Claudio Nardi sem hefur gert það gott í heimalandinu en þó ekki síður víðs vegar um heiminn – allt frá einkahúsum í Dubai til listasafna í Póllandi, en á síðasta ári vann tillaga hans fyrstu verðlaun í samkeppni um nýja byggingu Nýlistasafnsins í Kraká. En aftur að aðalmálinu – hótelinu Riva Lofts sem tímaritið Wallpaper útnefndi það besta í heiminum nú í janúar síðastliðnum. Hótelíð er lúxussveitahótél í Flórens sem gæti verið sniðugt að bóka með dágóðum fyrirvara því á því eru aðeins svítur og það aðeins níu talsins. Hver svíta hefur séringgang, átta þeirra eru með eldhúsi og eru þær allt frá þrjátíu fermetrum að stærð upp í 100. Sumar eru með litlum einkagarði til að sóla sig í og aðrar opnast út í sameiginlegan garð. Innanstokksmunir eru allir hágæða hönnun og listmunir umkringja gesti en þeir hafa einnig aðgang að sameiginlegri lesstofu þar sem arineldur kraumar og sundlaug úr hvítum sandsteini. Þeim sem vilja vita meir er bent á síðuna www.rivalofts.com.

- jma



Tyrkland

Framandi Fegurð! **VERÐDÆMI 65.972**

MasterCard VISA

Forum Residence - Marmaris



Nýtt og glæsilegt íbúðahótel með stórum og björtum íbúðum, vel staðsett við aðalgötuna í Marmaris. Ströndin er í göngufæri og stutt í verslanir og veitingastaði.

Verðdæmi: **65.972,-**

á mann m.v. 2 með 2 börn í 2 vikur, 25. ágúst.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna 78.275

Grand Azur - Marmaris



Klassískt, virðulegt og vandað hótel í Marmaris. Stendur alveg við ströndina, í glæsilegum garði. Heilsulind er á hótelinu og tveir glæsilegir veitingastaðir. Falleg herbergi með loftkælingu.

Verðdæmi: **92.205,-**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna, 25. ágúst.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn. Verð miðast við að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða símleiois er bókunargjald 2.500 kr. fyrir hvern farþega.

Töfralandið Tyrkland verður stöðugt vinsælli áfangastaður fyrir ævintýraþyrsta Íslendinga sem vilja hafa það náðugt á fallegum ströndum, leika sér í sjónum eða kynnast dulúðarfullri menningarsögu landsins. Marmaris er paradís Miðjarðarhafsins yfir sumartímann og smábærinn İçmeler hefur slegið í gegn með fegurð sinni og þjónustu við ferðamenn. Gist er á fyrsta flokks hótélum, loftið er hreint og stöðugur andvari frá sjónum kælir sólunnendur í hitanum. Komdu til Tyrklands og sjáðu sólina í nýju ljósi.

Ódýrustu sætin bókast fyrst!

UU
ÚRVAL-ÚTSÝN



WWW.ICELANDAIR.IS

NEW YORK AUKAFERÐ

VERÐ **106.900 KR.**
Á MANN Í TVÍBÝLI.
22.-26. MAÍ

Fararstjóri:
Hallfríður Þórarinsdóttir.

Örfá sæti laus.
Færri komust að en vildu
í síðustu ferð.
Gist á góðu 4ra stjörnu hóteli
við Times Square.

+ Nánari upplýsingar
eru á www.icelandair.is



BUENOS AIRES DE LUZ/LEON

* Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting í 4 nætur á Millennium Broadway ****, rútuferðir til og frá flugvelli erlendis, íslensk fararstjórn.

Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið



BESTI MATUR Í HEIMI?

Gran Hotel Central í Barcelona

Frægustu veitingahúsarýnar heims mega ekki vatni halda þessa stundina yfir mat sem þeir segja þann besta í heimi og fæst á veitingahúsinu El Bulli á Costa Brava. Kokkurinn Ferrán Adriá hefur þar skapað fæði sem þeir kalla „Nirvana matargerðarlistarinnar“. En það sem færri vita er að þessir mataráhugamenn flykkjast allir til Grand Hotel Central í Barcelona þar sem Adriá sjálfur snæðir reglulega og halda svo þaðan í pílgrímeför til El Bulli, sem tekur um tvo tíma. Hótelioð er glæsilegt og er staðsett í

**EKKI
MISSA AF
ÞESSU**

gotneska hverfi Barcelona. Það er fallega hannað í dempuðum litum og uppi á þaki er frábær sundlaug. Hverfið er frægt fyrir tapasbari eins og til dæmis Inopia í Barrio Sant Antoni og svo hefur Ferrán Adria opnað Fast Good í grenndinni sem er nýr og trendí hamborgarastaður. Þeir sem vilja svo prufa dásemdir El Bulli þurfa að bóka borð allt að ár fram í tímann til þess að geta gætt sér á hinum þrjátíu rétta smakkseðli sem skartar réttum eins og stökkum kanínueyrum og blöðrum fylltum af lofti með sítrónubragði. - amb

WWW.GRANHOTELCENTRAL.COM SÍMI 00 34 93 295 7900



TÆLANDI TAGINE

Lærðu að elda í Marrakesh

Marokkóskur matur er með því vinsælasta í matargerð í dag og hvernig væri að slá í gegn í næsta matarklúbbi með því að læra að búa til alvöru „tagine“ í Marrakesh? Nú er hægt að sækja frábæran alþjóðlegan matargerðarskóla rétt fyrir utan Marrakesh í Villa Dar Liqama, fögru húsi sem er umkringgt pálmatrjám. Skólinn er einn af mörgum sem tilheyra The Rhode School of Cuisine sem einnig er með útibú í Frakklandi og Bretlandi. Hægt er að fara í viku kúrs eða lengri þar sem farið er yfir helstu grundvallaratriði marokkóskrar matargerðar og svo eru herlegheitin auðvitað snædd með eðalvínnum. Skólinn er eins og finasta hótél með fallegum svítum, sundlaug og hammam-gufubaði og á þakinu eru stórar svalir þar sem hægt er að setjast með drykk á síðkvöldum undir stjörnuþjörtum Afríkuhimni. - amb

NÝTT



www.rhodeschoolofcuisine.com

NORRÆNA

Njóttu ferðamatans!

Færeyjar
Danmörk
Noregur
Skotland

DANMÖRK

Verð frá kr.

29.400,-

Miðað við einn sem ferðast með mótórhjól til Danmerkur og til baka. Gist í svefnpokalássi og ferðast á lágannatímabili.

FÆREYJAR

Verð frá kr.

17.950,-

Verð frá kr. 17.950 pr. mann m.v. fjögurra manna fjölskyldu og bíl. Sigt til Færeyja og til baka. Gist í 4m kleyfa inn. Ferðast á lágannatímabili.

NOREGUR

Verð frá kr.

25.300,-

Verð frá kr. 25.300 pr. mann m.v. fjögurra manna fjölskyldu og bíl. Sigt til Noregs og til baka. Gist í 4m kleyfa inn. Ferðast á lágannatímabili.

DANMÖRK

Verð frá kr.

25.300,-

Verð frá kr. 25.300 pr. mann m.v. fjögurra manna fjölskyldu og bíl. Sigt til Danmerkur og til baka. Gist í 4m kleyfa inn. Ferðast á lágannatímabili.

Fjölskyldutilboð

Fjölskyldan getur sparað allt að kr. 70.500 á Danmerkurferð. Tilboðið gildir aðeins fyrir þá sem ferðast 3 eða fleiri saman. Gildir á græna og appelsínugula tímabilinu skv. tímatöflu. Verðdæmi: Fjórir sem ferðast saman með húsbíl allt að 7 m langan, gista í 4m. kleyfa inn og sigla til Danmerkur á græna tímabilinu og heim á appelsínugula tímabilinu. Verð á mann miðað við fjóra kr. 27.375 en fullt verð er kr. 45.000 á mann. Heildarsparnaður miðað við fjóra er kr. 70.500.

AUSTFAR
Fjarðargötu 8 · 710 Seyðisfjörður · Sími: 472 1111
austfar@smyril-line.is · www.smyril-line.is



smyril-line.is



Norraena
FERÐASKRIFSTOFAN
Stangarhlí 1 · 110 Reykjavík · Sími: 570 8800
Fax: 552 9450 · info@smyril-line.is

Beiri Stefan

HIPP & KÚL HELSINKI

Slavnesk melankólía mætir sænskri frjálshyggju. Tískuljósmyndarinn Yvan Rodic myndar upphaldstaðina sína í höfuðborg Finnlands.

Helsinki er borg umkringd vatni, enda staðsett á skaga sem teygir sig út í Eystrasalt. Hún á sér 450 ára sögu þar sem Svíar og Rússar börðust um sjóleiðir hennar og áhrif þessara tveggja nágranna eru bersýnileg. Rómantískur arkitektúr og kommúnistabyggingar raðast hlið við hlið og sameina slavneska melankólíu og skandínávíska frjálshyggju. Helsinki liggur vestur eftir breiðgötunum Pohjoisesplanadi og Eteläesplanadi norður eftir Mannerheimintie þar sem er að finna stór söfn og

lestarstöðina sem er byggð í art nouveau-stíl. Hönnun er kennimerki Helsinki-borgar og þar er að finna stórfenglegar byggingar eins og óperuhúsið og Kiasmanýlistasafnið, og svo hannaði Alvar Aalto margar af 20. aldar byggingum borgarinnar eins og til dæmis Finlandia Hall. Þegar maður skreppur til höfuðborgar Finnlands er nauðsynlegt að bregða sér í sánu, fara á söfn og kíkjá í hönnunarbúðir, og gæða sér á mat á hinum frábæru veitingastöðum sem er að finna í borginni.



HELSINKI 10 Mikilvægasta „konsept“-búðin í Helsinki þar sem hægt er að finna bæði finnska og alþjóðlega hluti, allt frá fatnaði og bókum upp í tónlist og húsbúnað.

(Eerikinkatu 3)



WE GOT BEEF Þessi staður verður að vera síðasti áfangastaður næturinnar í Helsinki. Um klukkan tvö að næturlagi fara allir sem eru eitthvað á þennan svakalega smart næturklúbb.

(21 Iso Roobertinkatu)



DESIGN FORUM FINLAND Galleri og verslun þar sem þú getur skoðað eða keypt frægustu hönnunarverk Finna.

(Erottajankatu 7)



HOTELLI SEURAHUONE Þetta hótél hefur verið einn frægasti staður Finnlands allt frá opnun þess árið 1833. Hér er að finna dásamlegt, virðulegt andrúmsloft og sérlega góða þjónustu.

(Kaivokatu 12)



EROTTAJA BAR Litill og svalur bar með frábæru andrúmslofti. Sóttur af listatypum og fjölmiðlafólki.

(Erottajankatu 15-17)



YRJÖNKATU-SUNDLAUGIN Slakaðu á í elstu sánu borgarinnar sem var opnuð árið 1928. Hér geturðu sprangað um nakinn í æðislegu gamaldags umhverfi.

(Yrjönkatu 21b)

HEIMAMAÐURINN

HELGA ÓLAFSDÓTTIR, FATAHÖNNUÐUR

UPPHALDSVEITINGASTAÐURINN?

Sticks'n'Sushi finnst mér alltaf bestur. Ég elska sushi-ið þar, alltaf jafn ljúffengt. Hann er á mörgum stöðum um borgina. Ekkert sérstaklega barnvænn þegar líða tekur á kvöldið en það er hægt að leysa með Sticks'n'Sushi take-away. www.sushi.dk

HVAR ER BEST AÐ FÁ SÉR ÖL? Á Charlie's Bar hjá snillingnum Emil bruggara. Þar eru yfir 100 tegundir af bjór og 10 dælar í gangi með nýrri tegund af bjór hvern dag. Charlie's Bar er (Pilestræde 33, 1112 KBH) niðri í bæ, mitt í verslunarparadísinni.

FLOTTASTI BARINN? Karrier Bar er aðal „hittið“ þessa dagana. Hann er í gömlu sláturhúsi á Flæsketorvet og er rosalega artí.

Mjög hrár staður með hrikalega flottum listaverkum. Þar er meðal annars rosalega flott ljós eftir Ólaf Elíasson og verk eftir margra af bestu ungu listamönnum í dag.

www.karrierebar.com

NÝJASTA UPPGÖTVUNIN?

Arna vinkona mín færði mér lítinn sætan kassa með 8 stykkjum af „Flødeboller“ frá Magasin. Ég er ekki búin að hugsa um annað síðan þær kláruðust.

BESTU GÖTURNAR TIL AÐ KAUPA FÖT?

Það er mjög þægilegt að fara í Gallery K (Antonigade 2), þar er Designers Remix, Day, Malene Birger, Evisum, stór H&M og

► Kaupmannahöfn



Mood sem selur æðislega hluti fyrir heimilið. Mér finnst Østerbrogade og allar litlu göturnar út frá henni alltaf æði. Þar eru m.a. Moshi Moshi-búðirnar þrjár, Lola Pagola sem er geggið skó-búð, Norman Copenhagen og fullt af litlum sætum búðum með barnafötum.

BESTI STAÐURINN TIL AÐ VERA MEÐ BÖRN? Frederiksberg-dýragarðurinn er yndislegur staður fyrir börn. Hann er opinn allt árið og algert möst. Þar er einnig góður og barnvænn veitingastaður. Fyrir fólk sem er með ungbarn og á bæjarrölti er mjög



þægilegt og gott að fara og fá sér að borða á efstu hæðinni í Illum, þar sem er sérstakt barnasvæði.

RÓMANTÍSKASTI GÖNGUTÚRINN? Mér finnst Kaupmannahöfn mjög rómantísk í heild sinni, sérstaklega þegar fer að hlýna. Það er svo mikið líf alls staðar og allir garðar fullir af fólki með nestiskörfur og börnum að leika sér.

www.ultimathule.is
Spennandi ferðir um allan heim



Ný Kyngslóð



Enska



Danska



Pýska




Spænska



Íslenska



Portúgalska



Franska



Sænska



Ítalska



Norska



Japanska



Pólska

FastPro hugbúnaður

Sími: 587-4600

Heimasíða: www.fastpro.is

Tölvupóstur: sales@fastpro.is



FASTPRO
SOFTWARE LTD



Árskógum 2, Breiðholti / Mjódd

Skógarbær er hjúkrunarheimili fyrir eldri og yngri einstaklinga sem þarfnast umönnunar allan sólarhringinn.

Starfsmenn óskast

Starfsmenn óskast til vetrar- og sumarafleysinga í umönnun, vinnustofu, ræstingu og eldhús. Sveigjanlegur vinnutími.

Starfshlutfall er samkomulagsatriði.

Lengd vakta getur verið frá 4 klukkustundum í 8,5 klukkustundir allt eftir samkomulagi.

Upplýsingar um umönnun, vinnustofu og ræstingu gefur hjúkrunarforstjóri Jónbjörg Sigurjónsdóttir í síma 510-2101 / 898-5207 jonbjorg@skogar.is



REYKJANESBÆR

LAUS STAÐA TÆKNIMAÐUR

Laus er til umsóknar staða tæknimanns á Umhverfis- og skipulagssviði Reykjanesbæjar.

Starfið felst m.a. í vinnu við skipulags- og byggingarmál sviðsins ásamt samskiptum við Fasteignamat ríkisins og Skipulagsstofnun. Næsti yfirmaður er byggingarfulltrúi.

Við leitum að manni með byggingarverkfræði-, tæknifræði- eða byggingarfræðimenntun og gerð er krafa um a.m.k. 3 ára starfsreynslu við sambærileg störf.

Nánari upplýsingar veitir starfspróunarstjóri í síma 421 6700.

Umsóknnum skal skilað til starfsmannabjónustu Reykjanesbæjar, Tjarnargötu 12, fyrir 10. mars 2008 merktum: Tæknimaður hjá USK. Einnig er bent á rafræn umsóknareyðublöð á upplýsingavef Reykjanesbæjar: reykjanesbaer.is.

Starfspróunarstjóri.

Umhverfis- og skipulagssvið

... reykjanesbaer.is



Lögfræðingur hjá BSRB

BSRB óskar eftir að ráða lögfræðing

Hæfniskröfur eru:

- * Háskólapróf í lögfræði.
- * Þekking á sviði stjórnsýslu- og vinnuréttar er kostur.
- * Áhugi á félagsmálum er einnig kostur.
- * Sjálfstæð, skipuleg og fagmannleg vinnubrögð.
- * Frumkvæði og lipurð í mannlegum samskiptum er nauðsynlegt.

Starfs- og ábyrgðarsvið:

- * Sinnir erindum, sem snúa að réttindum félagsmanna og túlkun kjarasamninga.
- * Fulltrúi BSRB í ýmsum nefndum fyrir hönd bandalagsins.
- * Ýmis önnur tilfallandi verkefni.

Að öðru leyti mótast starfið nokkuð af þeim, sem starfinu sinnir.

Umsóknarfrestur er til og með 9. mars nk. Gengið verður frá ráðningu fljótlega. Vinsamlega athugið að upplýsingar um starfið verða eingöngu veittar hjá STRÁ MRI. Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Guðný Harðardóttir, guðny@stra.is, veitir nánari upplýsingar, en viðtalstímar eru frá kl. 13-15 alla virka daga meðan á umsóknarferlinu stendur. Vinsamlega sendið eigin starfsferilskrár ásamt viðeigandi prófgögnum til stra@stra.is. Þeir sem eiga umsóknir fyrirliggjandi hringi eða sendi rafpóst til STRÁ MRI og tilkynni þátttöku.



Suðurlandsbraut 6, 4. hæð - 108 Reykjavík - sími 588 3031 - www.stra.is

www.bsrb.is

Fagmennska í yfir 20 ár

Vísir leitar að vefforritara í fjölbreytt og skemmtileg verkefni.

Viðkomandi þarf að hafa þekkingu og reynslu í:

- forritun í .NET umhverfinu
- Web 2.0, css, html, xhtml, xml, javascript, ajax og fleiri skemmtilegum .net skammstöfum
- gagnagrunnstengingum (SQL), álitlegur kostur en ekki skilyrði
- Menntun í ofangreindu er æskileg en ekki skilyrði ef reynsla er fyrir hendi

Viðkomandi þarf einnig að hafa til að bera:

- Brennandi áhuga á vefnum, framtíðinni og fjölmiðlum
- Vera ábyrgðarfullur, vandvirkur, úrræðagóður og skemmtilegur.

Vefdeild 365 er metnaðarfullur og skemmtilegur vinnustaður, skipaður ungu fagfólki. Teymið vinnur að verkefnum sem móta framtíð vefmiðlunar og sér um rekstur vefja og vefsamfélaga sem eru meðal þeirra stærstu á landinu s.s. Vísir.is og blogcentral.is, gras.is, Plúsinn og fleiri.

Ef þú ert vefsnillingur og hefur áhuga á að starfa með okkur, sendu upplýsingar um menntun, aldur og fyrri störf á netfangið thorlaug@365.is eða hafðu samband í síma 6969170/512 5775.

365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtækið á íslenskum markaði.

Metnaðarfullt og framsækið
vefteymi leitar að snillingi með
framtíðarsamband í huga.

Mælingamenn



ÍAV óskar eftir mælingamönnum til starfa. Mælingarmenn annast allar útsetningar á byggingarstöðum og aðrar mælingar við verklegar framkvæmdir auk þess að annast uppgjörmælingar eftir að framkvæmdum lýkur.

Æskilegar hæfniskröfur:

- Tæknimenntun
- Góð tölvukunnátta (AutoCad og Excel)
- Reynsla í mælingum

Upplýsingar veitir Jón Indriðason mælingamaður í síma 530-4200. Umsóknir berist í gegnum heimasíðu ÍAV www.iav.is fyrir 2. mars 2008.

Atvinna í boði

Okkur vantar fólk í fullt starf og 75% starfshlutfall í íþróttamiðstöðina Lágafell í Mosfellsbæ.

Erum að leita að fólki af báðum kynjum.

Um er að ræka vaktavinnu sem skiptist í vaktir sem byrja 06:00-14:00 og síðan 14:00-23:00 og önnur hver helgi.

Starfsemi í húsinu er fjölbreytt og má þar nefna íþróttahús, sundstað, kaffihús, nudd og jafnframt heilsurækt World Class.

Áhugasamir hafi samband við Jóhönnu í síma 517 60 80 eða með tölvupósti á netfangið johanna@nysir.is



ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐIN LÁGAFELL

Lækjarhlíð 1a - 270 Mosfellsbæ - Sími 517 6080 - www.lagafellslaug.is



Á ekki að þéna vel í sumar?

Norðurál á Grundartanga óskar að ráða metnaðarfullt og duglegt fólk af báðum kynjum í sumarafleysingar sem getur unnið samfellt í a.m.k. tvo og hálfan mánuð. Unnið er 4-5 daga í senn, síðan er 4-5 daga frí. **Lágmarksaldur er 18 ár.**

Aðrar hæfniskröfur: Stundvísi • Heiðarleiki • Góð samskiptahæfni • Sjálfstæði í vinnubrögðum. **Hvernig sækir þú um?**

Vinsamlega sendu okkur umsókn þína fyrir 14. mars. Þú getur sótt um á vef fyrirtækisins, www.nordural.is, sent umsókn þína á netfangið umsokn@nordural.is eða póstlagt umsóknina merktá: **Sumarstarf**.

Mánaðarlaun
miðað við 12 tíma vaktavinnu:

Grunnlaun: 161.530

Vaktalag: 60.768

Fétt unnið næturvinnu (26 klst/mán): 47.878

Ferðapeningar: 20.887

Alls: 291.062

Nánari upplýsingar veita:

Ragnheiður Gísladóttir og Helga Björg Hafþórsdóttir, fulltrúar á starfsmannasviði, og Rakel Heiðmarsdóttir, framkvæmdastjóri starfsmannasviðs, í síma 430 1000.

Í boði eru friar ferðir til og frá

Akranesi og víða af Vesturlandi og af höfuðborgarsvæðinu.

NA NORÐURÁL
Century ALUMINUM

Grundartanga • 301 Akranesi • Sími 430 1000 • Fax 430 1001 • nordural@nordural.is • www.nordural.is

ZARA

Við leitum að aðstoðarverslunarstjóra í Zöru Kringlunni.

Starfslýsingin er eftirfarandi

Ber ábyrgð á daglegum rekstri verslunarinnar með tilliti til rekstrarkostnaðar, vöruinnkaupa, sölu, útlits, hreinlætis og mönnunar.

Viðkomandi þarf að vera stundvís, reglusamur, skipulagður, búa yfir hæfi í mannlegum samskiptum, vera leiðtogi ásamt því að hafa mikla þjónustulund.

Góð enskukunnátta er skilyrði

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst

Umsóknarfrestur er til 29. febrúar 2008

Umsóknir sendist á eyrun@zara.is

nánari upplýsingar veitir Eyrún D. Jónsdóttir í síma 693-8002.

Sumarstörf

» Sumarstarfatorið opnar
1. mars á www.hhr.is



HH
RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA



Calidris er íslenskt fyrirtæki sem selur hugbúnaðarlausnir til flugfélaga á alþjóðamarkaði. Við byggjum árangur okkar á þekkingu á rekstri flugfélaga, á stöðugri þróun lausna okkar og hæfu og ánægðu starfsfólki. Okkar sterka liðsheild telur nú 35 manns. Viðskiptavinir Calidris eru stór og smá flugfélög um allan heim.

SÉRFRÆÐINGUR

Calidris óskar eftir að ráða sérfræðing til starfa (Deployment Engineer).

Starfssvið

- Uppsetning nýrra Calidris kerfa
- Umsjón með uppfærslum á núverandi kerfum
- Vöktun á kerfum í rekstri
- Greining vandamála í kerfisrekstri
- Ráðgjöf til flugfélaga/hýsingaraðila varðandi rekstur Calidris kerfa
- Samskipti við hýsingaraðila hérlendis og erlendis
- Samskipti við þróunardeild Calidris
- Aðstoð við rekstur innri kerfa

Menntunar- og hæfniskröfur

- Tölvunarfræði, kerfisfræði, verkfræði eða sambærileg menntun
- Góð þekking á gagnagrunnum, æskilega Oracle
- Æskilegt að hafa unnið með WebLogic, Linux, Java, Hobbit
- Mjög góð enskukunnátta í tali og riti
- Rík samskiptahæfni
- Hæfni í greiningu vandamála
- Vilji til að læra og takast á við nýja hluti

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Brynhildur Steindórsdóttir (brynhildur.steindorsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 2. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Fjársýsla ríkisins starfar samkvæmt lögum nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins með síðari breytingum. FJS er ríkisstofnun og eru starfsmenn rúmlega 70 talsins. Helstu verkefni stofnunarinnar eru að veita fjármálaráðuneyti upplýsingar um sameiginlegt uppgjör ríkisins, útgáfa ríkisreiknings, veita ríkisstofnunum leiðbeiningar og ráðgjöf um reikningshald og uppgjör auk greiðslu- og bókhaldsþjónustu og hafa umsjón með afgreiðslu launa til flestra ríkisstarfsmanna.

STARFSMANNASTJÓRI FJS

Fjársýsla ríkisins auglýsir lausa stöðu starfsmannastjóra. Um er að ræða framtíðarstarf í krefjandi starfsumhverfi.

Helstu verkefni

- Ráðningar og val starfsmanna
- Stefnumótun, ráðgjöf og gerð starfsmannaáætlana
- Umsjón með starfsmannasamtölum
- Umsjón með starfsmannahaldi og launamálum starfsmanna
- Ýmis starfsmannatengd mál, framsetning tölulegra upplýsinga o.fl.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi. Menntun og reynsla á sviði mannauðsstjórnunar æskileg
- Leiðtogahæfileikar
- Þekking á mannauðsstjórnun og aðferðum hennar
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Geta til að vinna sjálfstætt og í samstarfi með öðrum að sameiginlegum verkefnum
- Þekking á mannauðskerfi ríkisins, Oracle er kostur

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Guðríður D. Hálfðanardóttir (gudridur.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 9. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



HAFNARFJÖRÐUR

Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðar sér um skipulagsgerð, hönnun opinna svæða, lögformlega afgreiðslu skipulagsmála, byggingarleyfa og framkvæmdaleyfa, byggingareftirlit, lóðaleigusamninga, yfirferð eignaskiptayfirlýsinga, skráningu fasteigna, útreikning gjalda, kortagerð, gerð mæli- og hæðarblaða, skönnun og skráning teikninga og rafræn skil til Fasteignamats ríkisins, Staðardagskrá 21, umhverfismál, umhverfismat, umsýslu fyrir Skipulags- og byggingarráð og Umhverfisnefnd/Staðardagskrá 21, auk tilfallandi vinnuhópa og nefnda.

SKRIFSTOFUSTJÓRI SKIPULAGS- OG BYGGINGARSVIÐS

Hafnarfjarðarbær leitar að skrifstofustjóra á Skipulags- og byggingarsvið.

Starfssvið

- Dagleg stjórnun á skrifstofu sviðsins, s.s. samstilling verkefna
- Umsjón með þjónustu sviðsins og samræmingu hennar við gæðamarkmið
- Tryggja að starfsemi sé í samræmi við lög og reglugerðir, gildandi fjárhagsáætlun, sett markmið og ákvarðanir bæjarstjórnar
- Lögfræðileg ráðgjöf og eftirlit með lögfræði- og stjórnsýsluþætti sviðsins og samning greiðargerða um lögfræðileg álitæfni í skipulags- og byggingarmálum
- Umsjón með gerð úthlutunarbréfa og lóðarleigusamninga
- Fundarseta og önnur verkefni sem sviðsstjóri kann að fela honum

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í lögfræði
- Stjórnunarhæfileikar og lipurð í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri
- Þjónustulund og samskiptahæfni
- Reynsla af opinberri stjórnsýslu æskileg

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Guðríður D. Hálfðanardóttir (gudridur.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 9. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

GOTT FÓLK!

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra. Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

Leitum að fólki í eftirtalin störf
Áhugasamir um eftirtalin störf vinsamlegast sækjið um á vef okkar Atvinna.is
Nú vantar okkur fólk til að selja skó!

Afgreiðslustörf í skóverslanir hlutastörf
 Lagerstarfsmann í skóheildsölu
 Hlutastörf fyrir skólafólk í skóverslanir

* Höfum góð afgreiðslustörf í boði fyrir skólafólk sem vill vinna með námi.

Öryggisverði í farandgæslu
 Móttaka réttingarverkstæði
 Bókhald hlutastarf
 Starfsmaður í matvælafyrirtæki

þar sem leitinn hefst

| Sími 552-9300 | netfang atvinna@atvinna.is

Skartgripaverslun í Reykjavík

Glæsileg skartgripaverslun við Laugaveg er að fara að bæta við sig nýjum liðsmanni. Við leitum að kraftmiklum og heiðarlegum einstaklingi til að takast á við fjölbreytt og skemmtilegt starf við sölu og ráðgjöf á skartgripum. Leitað er eftir jákvæðum einstaklingi með framúrskarandi samskiptahæfileika sem hefur metnað til að standa vel í starfi. Boðið er upp á sveigjanlegan vinnutíma fyrir réttan aðila.

Í boði er áhugavert starf hjá ört vaxandi og markaðssæknu fyrirtæki. Mikið er lagt upp úr skemmtilegu starfsumhverfi og góðri vinnuástandi.

Umsóknir skal senda á netfangið: box@frett.is merkt "skart" Umsóknarfrestur er til 3. mars 2008.


Fjármálastjóri


Sveitarfélagið
ÁLFTANES

Sveitarfélagið Álftanes er framsækið sveitarfélag í örum vexti þar sem búa 2400 íbúar. Góð þjónusta er í bænnum, þ.á. m. góður grunn- og leikskóli, tónlistarskóli og íþróttastaða. Spennandi framkvæmdir eru á döfinni og mikil uppbygging er fyrirhúð á næstu árum. Frekari upplýsingar um sveitarfélagið má nálgast á www.alftnes.is

Sveitarfélagið Álftanes auglýsir laust til umsóknar starf fjármálastjóra.

Fjármálastjóri á samstarf við alla starfsmenn og stjórnendur bæjarins og einnig eru mikil samskipti við íbúana. Starfið hentar jafnt konum sem körlum. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Næsti yfirmaður fjármálastjóra er bæjarstjóri.

Meginverkefni fjármálastjóra

- Dagleg stjórnun fjárhagslegs skrifstofuhalds.
- Gerð fjárhagsáætlana, uppgjörsvinna og ársreikningagerð.
- Umsjón bókhalds og fjárreiða.
- Frágangur bókhalds til endurskoðunar.

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun í viðskiptafræði af fjármálasviði eða sambærileg menntun.
- Reynsla af sveitarstjórnarmálum er æskileg.
- Skipulagshæfileikar og nákvæmni í störfum.
- Afar góðir samskiptahæfileikar.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningu í starfið.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is fyrir 10. mars nk.

Upplýsingar veitir Ari Eyberg. Netfang: ari@hagvangur.is



HAGVANGUR
 - við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is


Hugbúnaðarsérfræðingur / Software Engineer

SIMDEX

SimDex ehf. er öflugt þjónustufyrirtæki á sviði upplýsingatekni, sem þjónar fyrirtækjum bæði erlendis og hér heima. Fyrirtækið sérhæfir sig í hönnun og innleiðingu viðskiptaáætlana sem byggja á rafrænum samskiptum um sölu á þjónustu eða vörum á rafrænu formi. Helstu viðskiptavinir eru farsímafélög og önnur stór þjónustufyrirtæki. SimDex er ungt fyrirtæki og eitt af dótturfyrirtækjum Nýherja hf. Hjá fyrirtækinu starfar öflugur hópur með fjölbreytta reynslu og háskólamenntun. Vegna nýrra viðskiptatækifæra óskar SimDex ehf. eftir að bæta við sig starfsmanni.

www.simdex.is

SimDex leitar að hugbúnaðarsérfræðingi til að vinna við högun og þróun hugbúnaðar félagsins.
Starfssvið

- Högun á stórum og smærri hugbúnaðarkerfum í J2EE umhverfi.
 - Útbúa kerfishögun fyrir nýja virkni.
 - Viðhalda högun núverandi kerfa.
- Hönnun og þróun veflausna og bakenda-virkni, auk hugbúnaðar fyrir jaðartæki.
- Kynna sér og hagnýta bestu tækni sem hentar við þróun og innleiðingu hugbúnaðarins.

SimDex is looking for a software engineer to work as a system architect and key implementer on its commercial enterprise application.
Responsibility

- Overall system architecture for large and small software applications in a J2EE environment.
 - Create system architectures as necessary for new functionality.
 - Maintain existing system architectures of large software application.
- Design and implement web applications, business logic and client software.
- Research and apply best technologies to suit development needs of the software application.

Hæfniskröfur og eiginleikar

- Háskólamenntun í tölvunarfræði eða sambærileg menntun.
- 3-5 ára reynsla við hönnun og þróun Java veflausna. Lágmark 1 árs reynsla af högun hugbúnaðar.
- Þekking og reynsla af Java, J2EE, SQL og Windows er nauðsynleg.
- Þekking á DB2, WebSphere, C++, J2ME, Struts, Rational Application Developer, posaþróun, JUnit og öðrum Java verkfærum er kostur.
- Frumkvæði, skipulagshæfileikar og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Requirements and Experience

- B.S. or higher degree in Computer Science or equivalent experience.
- At least 3-5 years in designing and implementing Java web applications. At least 1 year experience as a system architect.
- Skills are required in Java, J2EE, SQL, and Windows.
- Skills in DB2, WebSphere, C++, J2ME, Struts, Rational Application Developer, POS development, JUnit and other Java tools are a plus.
- Proactive, organized and independent.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is fyrir 3. mars nk.

Upplýsingar um starfið veita Elísabet S. Arndal, netfang: elisabetsa@hagvangur.is og Inga Steinunn Arnardóttir, netfang: inga@hagvangur.is

Further information provided by Elísabet S. Arndal, email: elisabetsa@hagvangur.is and Inga Steinunn Arnardóttir, email: inga@hagvangur.is

Deadline for applications is before March 3rd.



HAGVANGUR
 - við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is

0 1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25



Láttu okkur mæla með **þér!**



HAGVANGUR
 - við ráðum

SKÓGARHLÍÐ 12 • 105 REYKJAVÍK • SÍMI 520 4700 • WWW.HAGVANGUR.IS

Verkefnastjóri á kjarasviði



Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar var stofnað 1926. Félagsmenn eru um fjögur þúsund. Hlutverk félagsins er að berjast fyrir bættum kjörum og atvinnuöryggi.

www.strv.is

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar óskar eftir að ráða verkefnastjóra á kjarasviði.

Starfssvið

- Túlkun og aðstoð við gerð kjarasamninga
- Upplýsingagjöf til félagsmanna
- Samskipti við stofnanir
- Önnur verkefni er snúa að samningsumhverfi félagsmanna

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun æskileg
- Þekking á störfum stéttarféлага æskileg
- Gott vald á íslensku í ræðu og riti
- Góð kunnátta í ensku og einu Norðurlandamáli
- Góð kunnátta á Excel

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is fyrir 4. mars nk.

Upplýsingar veitir Rannveig J. Haraldsdóttir. Netfang: rannveig@hagvangur.is

HAGVANGUR
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is

Framkvæmdastjóri



Atvinnuþróunarfélag Suðurlands var stofnað 1980 og er í eigu sveitarfélaga á Suðurlandi. Hlutverk félagsins er að styðja við verkefni sem leiða til eflingar atvinnulífs á Suðurlandi. Til að rækta hlutverk sitt veitir félagið ráðgjöf og fjárhagslega styrki til áhugaverðra verkefna. Jafnframt hefur félagið frumkvæði að því að skilgreina og leita að nýjum atvinnutækifærum. Félagið leggur áherslu á hraða, gæði og vönduð vinnubrögð við úrlausn verkefna og að veita viðskiptavinum félagsins og samfélaginu fyrirmyndarþjónustu. Félagið rækir hlutverk sitt í samstarfi við einstaklinga, fyrirtæki, opinbera aðila og erlenda aðila á sviði atvinnumála. APS fer með framkvæmd Vaxtarsamnings Suðurlands og Vestmannaeyja.

Áhugasömum er bent á heimasíðu félagsins www.sudur.is til frekari upplýsinga.

Atvinnuþróunarfélag Suðurlands auglýsir eftir framkvæmdastjóra, með aðsetur á Suðurlandi.

Helstu verkefni eru

- Forstaða og skipulag ráðgjafar og annarrar þjónustu sem félagið veitir hverju sinni
- Vinna við almenna ráðgjöf
- Þátttaka í þróunarverkefnum með innlendum og erlendum aðilum
- Umsjón fjármála og reikningsskila
- Starfsmannastjórnun

Framkvæmdastjóri þarf að geta hafið störf sem fyrst. Staðgóð þekking á Suðurlandi er æskileg. Mjög æskilegt er að starfsmaðurinn hafi búsetu á starfssvæði félagsins. Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um stöðuna.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Stjórnunar-, rekstrar- eða viðskiptamenntun á háskólastigi
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Reynsla af rekstri æskileg
- Frumkvæði, framsýni og metnaður
- Hæfni í mannlegum samskiptum og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Færni í að tjá sig í ræðu og riti

Í boði er

- Samkeppnishæf laun
- Áhugavert og hvetjandi starfsumhverfi

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is fyrir 3. mars nk.

Upplýsingar veitir Ari Eyberg. Netfang: ari@hagvangur.is

HAGVANGUR
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is

Starfspjálfun



Þróunarsamvinnustofnun Íslands (PSSI) er sjálfstæð ríkisstofnun sem heyrir undir utanríkisráðuneytið. Hún var stofnuð með lögum árið 1981 og er ætlað að vinna að tvíhliða samstarfi Íslands við þróunarlönd. Áhersla er lögð á samvinnu við þau lönd þar sem lífskjörin eru lókust og er aðstoðin einkum veitt á þeim sviðum þar sem Íslendingar búa yfir sérstakri þekkingu og reynslu.

www.iceida.is

Þróunarsamvinnustofnun Íslands auglýsir eftir ungu háskólaþólki sem hefur áhuga á fimm mánaða starfspjálfun í tengslum við verkefni á sviði þróunarsamvinnu í samstarflöndum stofnunarinnar. Starfstími er frá 1. júlí til 30. nóvember.

Hæfniskröfur

Umsækjendur skulu hafa lokið grunnnámi í háskóla áður en starfstími hefst (BA, BSc eða sambærileg gráða) og ekki vera eldri en 32 ára. Mjög góð enskukunnátta er skilyrði, svo og góð tölvukunnátta, sjálfstæð vinnubrögð, þolinmæði og lipurð í mannlegum samskiptum. Þekking á þróunarmálum og þróunarstörfum sem og menningu þróunarlanda er ákjósanleg.

Malaví

Úrvinnsla rannsóknargagna sem fyrirleggja í verkefnum stofnunarinnar auk annarra tilfallandi verkefna og umsýslu á skrifstofu. Leitað er að umsækjanda með menntun á sviði félagsvísinda með góða þekkingu á aðferðafræði rannsókna. Starfið felur í sér búsetu í dreifbýli við erfið skilyrði.

Níkaragva

Tilfallandi verkefni á skrifstofu stofnunarinnar og við þróunarverkefni hennar sem eru annars vegar á sviði jarðhita og hins vegar á sviði félagsmála, svo sem heilbrigðis- og menntamála. Leitað er að umsækjanda með menntun á sviði raun- eða félagsvísinda. Mjög góð spænska er skilyrði.

Namibía

Tilfallandi verkefni á skrifstofu stofnunarinnar og í tengslum við þróunarverkefni hennar sem eru á sviði félags-, mennta- og vatnsmála. Leitað er að umsækjanda með menntun á sviði raun-, mennta- eða félagsvísinda.

Mósambík

Söfnun og úrvinnsla gagna í tengslum við verkefni stofnunarinnar, einkum á sviði fiskimála. Frágangur skjala auk annarra tilfallandi verkefna á skrifstofu. Leitað er að umsækjanda með menntun á sviði raun- eða félagsvísinda. Portúgalska er kostur.

Úganda

Upplýsingaöflun og samantekt á helstu aðferðum þróunarsamvinnu í Úganda þar með talið stefnu stjórnvalda og helstu samstarfsríkja Íslands á sviði þróunarmála. Leitað er að umsækjanda með menntun á sviði hagfræði, þróunarfræði eða þróunarhagfræði.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is fyrir 26. mars nk.

Upplýsingar veitir Albert Arnarson. Netfang: albert@hagvangur.is



HAGVANGUR
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is

Áhugavert starf í Blómavali

Garðyrkjufraeðingur í Blómaval

Viljum ráða metnaðarfullan garðyrkjufraeðing til starfa í verslun okkar í Skútuvogi.

Starfssvið:

Afgreiðsla og faglegar ráðleggingar
Vaktstjórn, ef unnið er um helgi
Umsjón með garðyrkjudeildinni í
samvinnu við deildir Húsasmiðjunnar

Hæfniskröfur:

Leitum að garðyrkjufraeðingi með
viðtæka þekkingu, reynslu, þjónustulund
og þægileg framkoma.
Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Blómaval er hluti af fyrirtækjasamsteypu
Húsasmiðjunnar og tekur starfsfólk þess
virkan þátt í öflugum starfi samsteypunnar.

Umsóknir berist til Guðrúnar Kristinsdóttur,
gudrunk@husa.is, Holtagörðum, 104 Reykjavík.
Hægt er að sækja um á heimasíðu
Húsasmiðjunnar, www.husa.is

Umsóknarfrestur er til 1. mars nk og
öllum umsóknum verður svarað.



Marel ehf er dótturfélag Marel Food Systems hf sem er
alþjóðlegt hátæknifyrirtæki í fararbroddi í þróun og
framleiðslu tækja, hugbúnaðar og lausna fyrir matvælaíðnað.

Hjá Marel Food Systems starfa yfir 2100 starfsmenn í 5
heimsálfum, þar af um 370 manns hjá Marel ehf á Íslandi.

Launafulltrúi

Marel óskar að ráða launafulltrúa. Um er að ræða fullt starf þar sem megin starfssvið felst í
almennri launavinnslu auk starfa í bókhaldi:

Starfssvið:

- skráning launa, launaútreikningar, breytingar á launaupplýsingum
- upplýsingagjöf til starfsmanna um laun, orlof og önnur launatengd réttindi
- umsjón og leiðrétting á tímaskráningu
- önnur tilfallandi verkefni s.s. skýrslugerð og launayfirlit

Menntunar- og hæfniskröfur:

- góð reynsla af launavinnslu og launauppgjöri er skilyrði
- góð þekking á uppbyggingu launa og innsýn í vinnutengd réttindi er skilyrði
- reynsla af vinnu í H3-Launum eða öðru launakerfi er skilyrði
- góð kunnátta í bókhaldskerfi, s.s. Axapta eða sambærilegu er æskileg
- góð kunnátta í Excel er mjög mikilvæg
- góð enskukunnátta er nauðsynleg

Frekari upplýsingar um starf launafulltrúa veitir Kristín Ragnarsdóttir, kristin@marel.is í síma 563-8128.

Sækja skal um störfín á heimasíðu Marel, www.marel.is. Umsóknarfrestur er til og með 27. febrúar
2008. Fullum trúnaði er heitið gagnvart umsækjendum.



Leikskólakennari

Leikskólakennari óskast til starfa við leikskólann Hlíð, Mosfellsbæ, sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi í fullt starf. Til greina kemur að ráða fólk með aðra uppeldismenntun og reynslu.

Áherslur í leikskólastarfi eru: Skapandi starf og listmenning.

Kjör leikskólakennara eru samkvæmt kjarasamningi
F.L. og Sambands Íslenskra sveitarfélaga.

Nánari upplýsingar veita: Jóhanna S. Hermannsdóttir s: 566 7375
/ 861 2957 og Ása Jakobsdóttir s: 566 7375



www.akureyri.is
Akureyri
ÖLL LÍFSGANGI OKKAR

Laust er til umsóknar starf skólastjóra við Tónlistarskólann á Akureyri.

Í Tónlistarskólanum á Akureyri er unnið metnaðarfullt starf. Skólinn hefur ávallt leitast við að vera í fararbroddi hvað kennsluhætti varðar, innra skipulag og hljómsveitarstarf.

Tónlistarskólinn mun flytja í nýtt og glæsilegt húsnæði í Hofi, nýju menningarhúsi Akureyrarbæjar, haustið 2009. Við þennan flutning skapast ný tækifæri til að efla enn frekar faglegt og listrænt starf skólans sem mikilvægt er að nýta vel.

Starfssvið:

Skólastjóri ber faglega- og rekstrarlega ábyrgð á starfi skólans, stjórnar honum og hefur forgöngu um mótun listrænnar og faglegrar stefnu.

Menntunarkröfur:

- Háskólamenntun á sviði tónlistar.
- Framhaldsmenntun í stjórnun æskileg.
- Menntun á sviði reksturs æskileg.

Hæfniskröfur:

- Frumkvæði og samstarfsvilji.
- Góðir skipulagshæfileikar.
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Að vera reiðubúinn til að leita nýrra leiða í skólastarfi.
- Hafi áhuga og reynslu til að leiða þróunarstarf.
- Reynsla af kennslu í tónlistarskóla.
- Reynsla af störfum á sviði stjórnunar og reksturs æskileg.

Umsókninni skal fylgja greinargóð skýrsla um störf umsækjanda og menntun, stjórnunarreynslu og hver þau verkefni sem hann hefur unnið að og varpað geta ljósi á færni hans til að sinna skólastjórastarfi. Þá er æskilegt að umsókninni fylgi greinargerð um hugmyndir umsækjanda um starfið og þær áherslur sem hann vill leggja í starf Tónlistarskólans til framtíðar.

Frekari upplýsingar um starfið og skólann veitir Gunnar Gíslason, fræðslustjóri, í síma 460-1456 eða 892-1453 og Helgi Þ. Svavarsson, skólastjóri, í síma 462-1788 og 893-1788. Frekari upplýsingar um skólann má einnig nálgast á heimasíðu skólans: www.tonak.is.

Tekið verður tillit til samþykka bæjarstjórnar Akureyrarbæjar um jafnréttismál við ráðningu í starfið. Laun samkvæmt kjarasamningi LN við Félag tónlistarkennara og FÍH

Upplýsingar um kaup og kjör veitir Starfsmannaþjónusta Akureyrarbæjar í síma 460-1000.
Einungis er tekið á móti rafrænum umsóknum á heimasíðu Akureyrarbæjar: www.akureyri.is/auglysingar/atvinnuumsokn/auglyst-starf

Umsóknarfrestur er til 14. mars 2008

Afgreiðslustarf

Óska eftir starfsfólki í afgreiðslu um helgar á Laugaveginum.

Stundvísi, reglusemi, áræðanleiki og enskukunnátta skilyrði.

Upplýsingar í síma 822 9104.



KÓPAVOGSBÆR

Leikskólastjóri

- Starf leikskólastjóra í Hvarfi við Álfrkonuhvarf er laust til umsóknar.

Hvarf er 6 deilda leikskóli fyrir um 120 börn. Í leikskólum Kópavogs er starfað í samræmi við metnaðarfulla stefnumótun bæjarins í leikskólamállum og námsskrá leikskóla Kópavogs.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun skilyrði
- Framhaldsmenntun í stjórnun æskileg
- Viðtæk reynsla af leikskólastarfi
- Reynsla af stjórnun og mannaforráðum
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar gefa Sesselja Hauksdóttir, leikskólafulltrúi og Gerður Guðmundsdóttir, leikskólaráðgjafi í síma 570-1600.

Umsóknarfrestur er til 12. mars. Umsóknum skal skilað til Fræðsluskrifstofu Kópavogs, Fannborg 2. Einnig er hægt að sækja um starfið á job.is.

Laun skv. kjarasamningi FL og Launanevndar sveitarfélaga.

Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um starfið.

www.kopavogur.is - www.job.is



Móttökuritari

Laust er til umsóknar starf móttökuritara hjá Póst- og fjarskiptastofnun.

Meginverkefni eru símsvörun og þjónusta við viðskiptavinum sem leita til stofnunarinnar. Um er að ræða 50% starf.

Vinnutími er kl. 12:00-16:00.

Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni

- Símsvörun, móttaka viðskiptavina og upplýsingagjöf
- Innkaup á rekstrarvörum
- Aðstoð við reikningagerð
- Útgáfa skirteina

Menntunar- og hæfniskröfur

- Verslunarpróf eða annað nám sem nýttist í starfi
- Reynsla af almennum skrifstofustörfum
- Staðgöð tölvukunnátta
- Enskukunnátta
- Lipurð í samskiptum
- Jákvætt viðhorf og þjónustulund
- Stundvísi



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Hlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar er að tryggja hagkvæm, örugg og aðgengileg fjarskipti og pósthjónustu og efla virka samkeppni á markaði. Meginþungi starfseminnar eru fjarskipti og tengd mál.

PFS starfar í alþjóðlegu umhverfi og hvílir starfsemin annars vegar á alþjóðlegri þróun í fjarskiptum, upplýsingatækni og fjölmiðlun og hins vegar á lagagrundvelli EES svæðisins. Flestir starfsmenn PFS taka þátt í alþjóðlegum verkefnum.

Hjá PFS starfa nú 25 manns, aðallega sérfræðingar við úrlausn tæknilegra, viðskiptalegra og lagalegra verkefna er tengjast hlutverki stofnunarinnar.

PFS hvetur konur jafnt sem karla að sækja um störf hjá stofnuninni.

Nánari upplýsingar á www.pfs.is

ÍSLENSKA SJÁLISFOUS 1236/0208

Laun eru samkvæmt kjarasamningi SFR og fjármálaráðherra. Umsóknarfrestur er til og með 10. mars.

Upplýsingar um starfið veitir Anna Dóra Guðmundsdóttir, mannauðs- og gæðastjóri PFS, í síma 510-1500.

Umsóknir með upplýsingum um menntun, fyrri störf og meðmælendur skal senda á netfangið anna.gudmundsdottir@pfs.is. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Spennandi atvinnutækifæri hjá Orkuveitu Reykjavíkur



Rafvirkjar

Framkvæmdadeild Orkuveitu Reykjavíkur óskar að ráða öflugt fólk til starfa. Meginverkefni Framkvæmdadeildar eru viðbrögð við bilunum, ýmis endurnýjunarverk auk smærri nýlagnaverkefna í kerfum Orkuveitunnar.

Starfs- og ábyrgðarsvið

Um er að ræða 2 – 3 störf við rafdreifikerfi OR.

Ef þú ert nákvæmur/nákvæm í vinnubrögðum, þá átt þú erindi við okkur. Orkuveitan mun sjá um nauðsynlega þjálfun þína á sviðinu.

Menntunar- og hæfniskröfur

Við leitum að duglegum og samviskusömum einstaklingum með færni í mannlegum samskiptum. Ef þú ert einstaklingur með áður nefnda hæfileika getur orðið um framtíðarráðningu að ræða. Æskilegt er, en þó ekki skilyrði, að viðkomandi hafi eitthvað af eftirfarandi réttindum/reynslu:

- Sveinspróf í rafvirkjun
- Reynsla af rafvirkjastörfum
- Sambærilega menntun eða reynsla

Sérfræðingur í landupplýsingum

Meginverkefni deildarinnar eru uppbygging og rekstur landupplýsingakerfis Orkuveitunnar (LUKOR) er varða gögn og hugbúnað.

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Innfærsla, yfirferð og breytingar á landupplýsingagögnum í öllum veitum og á öllu veitusvæði OR
- Ábyrgð á landupplýsingagögnum fyrir einstök framkvæmdaverk OR
- Umsjón með gæðaskjölum deildarinnar
- Kortagerð og önnur úrvinnsla gagna
- Þjónusta og fræðsla til notenda LUKOR

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun og/eða reynsla sem nýttist í starfi (t.d. landafræði, verk- eða tæknifræði)
- Góð íslenskukunnátta
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Eldmóður, frumkvæði og samskiptahæfni

Orkuveitan er fjölbreyttur og lifandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi og vinnuumhverfi og möguleika starfsfólks til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð eins og kostur er. Það er stefna Orkuveitu Reykjavíkur að auka hlut kvenna í stjórnunar- og ábyrgðarstöðum innan fyrirtækisins.

capacent RÁÐNINGAR

CHINA DESIGN NOW Yfirlitssýning um hönnun í Kína með sérstakri áherslu á Peking, Shanghai og Shenzhen. Victoria&Albert Museum.

NEW YORK

COLOR CHART Litir frá 1950 til dagsins í dag. Verk 40 listamanna, meðal annars Ellsworths Kelly, Gerhards Richter, Sherríe Levine og Damíens Hirst. Museum of Modern Art.

WHITNEY BIENNALE 2008 Hinn 74 ára gamli tvíæringur sem sýnir verk eftir 81 samtímalistamann. Whitney Museum of Modern Art.

PARÍS

LOUISE BOURGEOIS Sýning á rúmlega 200 verkum hins franska myndhöggvara. Centre Pompidou.

BABYLON Munir frá 2. öld f.Kr. til dagsins í dag endurskapa sögu og goðsögn Babýlon. Louvre-safnið.

GELITIN Innsetningar gerðar af hópi austurrískra listamanna, þeim Wolfgang Ganther,



Listahópurinn Gelitin

Florian Reither, Tobias Urban og Ali Janka. Musée d'Art Moderne de la Ville de Paris.



Tut-ank-amon

SALZBURG

A GUEST OF HONOUR

Francis Bacon og umhverfi hans. Málverk hins enska listamanns meðal annars af Leon Kossoff og David Hockney. Museum der Moderne-Mönchsberg.

VÍN

MATTHEW BARNEY Drawing Restraint. Ævintýrleg sýning hins bandaríska listamanns og kvikmyndin Drawing Restraint 16 er einnig sýnd. Kunsthalle.

TUT-ANK-AMON OG HEIMUR FARAÓANNA Stórfengleg sýning á minjum þeim sem fundust í gróf egypska faraósins Tut-ank-amons í byrjun tuttugustu aldar. Museum für Völkerkunde.



Francis Bacon



Drawing Restraint – Matthew Barney

TITAN®

Fisléttar ferðatöskur í ferðalagið

Nú skiptir hvert kíló máli

106 lítra, 4,4 kg
kr. 24,900

61 lítra, 3.6 kg
kr. 17,900

35 lítra, 2.8 kg
kr. 9,900

Tilvalin afmælis eða fermingargjöf

Fást nú einnig á 4 hjólum

100%
POLYCARBONAT

5 ára ábyrgð

Drangey

Smáralind, sími 528 8800,
www.drangey.is



ÍSLENSKIR
FJALLALEIÐSÖGUMENN



Á FERÐ UM HEIMINN

Ógleymanleg ævintýri

LIVERPOOLLAND

10. - 17. maí

KILIMANJARO

7. - 22. júní

ELBRUS

14. - 22. júní

Mt. BLANC

21. -29. júní

UMHVERFIS Mt. BLANC

1. - 9. júlí

SUÐUR GRÆNLAND

18. - 25. júlí

25. júlí - 1. ágúst *örfá sæti laus*

1. - 8. ágúst

AMMASSALIK-EYJA

15 - 21. ágúst

MAROKKÓ

6. - 13. september

TENERIFE

7. - 14. október

18. - 25. nóvember

NEPAL

18. október - 10. nóvember

ACONCAGUA

10. janúar - 2. febrúar 2009



www.fjallaleidsogumenn.is

sími: 587 9999



UNGFRÚ INGVELDUR... Fær sér pylsu í New York

Ingveldur er tóm. Töm í sálinni. Töm í hjartanu.



Árið hefur farið skelfilega af stað sökum áfalla á fjármálamarkaðnum og slæms gengis strákanna okkar í handbolta. Og þar með eru upp talin hennar tvö helstu áhugamál, peningar og menn. Hún þarf að fylla í tómarúmið. Hún þarf ást. Og hvar er meiri ást en í New York?

Sálfræðingar hafa sannað að *Retail Therapy* hefur hjálpað fólki að komast yfir áföll á borð við skilnaði, áfengissýki og forræðisdeilur. Það er engin tilviljun að Britney og Lindsay fara varla út úr húsi án þess að koma við í Versace, Chanel og á einstaka bensínstöðvum. Neyslan græðir og læknar öll sár. En Ingveldur finnur að hún þarf eitthvað meira en nýja tösku eða skó. Hún þarf mat. Og hann amerískan. Það er kominn tími á átferð til New York.

Ingveldur vill ekki koma heim frá New York bólginn eins og hinir sem fara í gúffferðir. Maður þarf að vinna sér inn fyrir gúffi hugsar hún enda finnst henni fitukeppirnir sem fara samferða henni í flugvélinni ekki eiga þetta skilið. Hún hallar sér aftur í flugsætið og minnst Möggu, fyrrverandi mágkonu, sem fór í sínar árlegur átferðir til Ítalíu til þess eins að koma aftur heim bólginn af kolvetnum og samviskubiti. En Ingveldur, hún fer út eftir tíu daga hreinsun og detox. Þegar Ingveldur borðar er hún líka ein. Enda finnst henni afskaplega ósmart að standa á blístri innan um annað fólk. Í brúðkaupum og kokteilboðum liðinna ára hefur Ingveldur ekki sést með höfuðið ofan í pinnafati eða rækjukokteil, hún felur vínslasið í myndatökum og reykir ekki opinberlega. Ingveldur er aldrei ólekker og fer því til útlanda til að gera það sem hún þarf að gera og innan um fólk sem mun aldrei sjá hana aftur.

Þegar hún lendir á JFK er stefnan tekin á Litlu-Ítalíu. Eftir tösku kaup á Canal Street beygir hún upp Mulberry Street sem er hjarta hverfisins. Útihátíð hjá heima mönnum og básar ramma inn götuna með dýrindis ítölskum karlmönnum sem standa og djúpsteikja allt á milli himins og jarðar. Ítalski fáninn, sverir upphandleggir, dökk augu, svitaperlur, breiðir hálsar og steiktar kjötsamlökur umlykja Ingveldi. Sushi hvað? Í augnablik svimar hana en hún rankar við sér í tæka tíð áður en hún líður út af. Hún er komin til himna. Hún setur upp svört sólgleraugu og brettir upp ermarnar. Nú verður gúffað í þögn. New York-leyndarmálið er óhult með henni einni og djúpsteiktu pylsusamlökunni... Sálin er barmafull. Af ást.

FULLT AF FÓTBOLTA framundan

- og Evrópumótið sjálft í júní

Fótboltaáhugamenn hafa verið duglegir í vetur að fjölmenna á leiki í ensku deildinni og enn eru um þrjár mánuðir eftir af veislunni svo það er ekki úr vegi að skella sér á leik nú þegar vorar og hlýnar hið ytra. Express ferðir eru með sérstakan fótboldaklúbb sem snið-

ugt er að ganga í til að fá alls kyns tilboð og upplýsingar um nýjustu ferðirnar og íþróttadeild Úrval Útsýn hefur í mörg ár verið dugleg að bjóða upp á skemmtilegar ferðir til Englands, bæði nokkrar stórar hópferðir og svo sérferðir fyrir minni hópa. IT ferðir

bjóða einnig upp á ferðir til Englands sem og á ferðir til að horfa á spænska boltann og að síðustu má ekki gleyma Evrópumótinu í fótbolta sem má fara að hlakka til og skipuleggja ferðir á bráðum en mótið hefst 7. júní og lýkur 29. sama mánaðar.



VESTURHEIMUR SF




Kanada-Landnám í Vesturheimi

Vesturheimur sf og Þjóðræknisfélag Íslendinga kynna ferð á slóðir vesturfaranna:

Ferðatilhögun:

- Flugið til Toronto 25. júní. Gist þrjár nætur.
- Skoðunarferð til Niagarafossa - Siglt að fossunum.
- Skoðunarferð um Toronto með heimafólki
- Einhver misheppnaðasta tilraun íslenskra vesturfara til landnáms var í Kinmount-skoðunarferð með Don Gislason sagnfræðingi.
- Skoðunarferð um íslenska landnámið í Rosseau.
- Þjóðhátíðardagur Kanada 1. júlí í Ottawa-Gist í höfuðborg Kanada tvær nætur
- Alþjóðleg jazzhátíð í Montreal-Gist þar í borg tvær nætur
- Flug heim frá Toronto 5. júlí.
- Innifalið í verði kr. 145.000 m.v. tvíbýli er m.a. flug, allur akstur, gisting, sigling og fararstjórn

Frekari upplýsingar hjá Jónas Þór á jonas.thor1@gmail.com eða 552-0223 á milli kl 9 - 12.





SÖLUSÝNING
Sunnudag kl. 16:00-16:30



200 Kópavogur

Verð 33,5 millj.
Fjöldi herbergja 5
Stærð 133,8 fm
Byggingarár 1959
Annað Frábært útsýni

Nýbýlavegur 86

Falleg sérhæð með bílskúsrétti og hita í bílapani. 4 góð svefnh. Eldhúsið er opið inn í stofu með nýl. innrét. Mikið og fallegt útsýni frá eldhúsi. Baðh. nýl. tekið í gegn með hita í gólfi.

Elsa Þórálfsdóttir
viðskiptastjóri
elsa@domus.is
sími 664 6013



SÖLUSÝNING
Sunnudag kl. 15:30-16:00



201 Kópavogur

Verð 72,6 millj.
Fjöldi herbergja 5
Stærð 206,7 fm
Byggingarár 1999
Annað Raðhús

Haukalind 26

Glæsilegt raðhús með bílskúr á besta stað í Lindahverfinu. Mjög bjart og rúmgott með stórum palli, góðum svölum og sér garði. Frábært útsýni.

Heiðrún Sigurðard.
sölufulltrúi
heidruns@domus.is
sími 664 6032



101 Reykjavík

Verð 24,9 millj.
Fjöldi herbergja 2-3
Stærð 81,1 fm
Byggingarár 1885
Annað Sér bílastæði

Mjóstræti

Einstök eign á jarðhæð í þessu fallega 124 ára gömlu húsi í Grjótaþorpinu. Hús mjög vel við haldið og hefur fengið að halda sínum upprunalega anda. Frábært tækifæri til að eignast íbúð á þessum einstaka stað.

Ágúst Pétursson
viðskiptastjóri
agust@domus.is
sími 664 6025



SÖLUSÝNING
Sunnudag kl. 14:30-15:00



112 Reykjavík

Verð 25,5 millj.
Fjöldi herbergja 4
Stærð 106,2 fm
Byggingarár 1959
Annað Lítið fjölbýli

Vallengi 7

Björt og vel skipulögð 4ja herbergja 106,2 fm hæð og ris í fallegu húsi með sér inngangi á besta stað í Grafarvogi. Frábært útsýni.

Heiðrún Sigurðard.
sölufulltrúi
heidruns@domus.is
sími 664 6032



SÖLUSÝNING
Sunnudag kl. 15:00-15:30



210 Garðabæ

Verð 27,8 millj.
Fjöldi herbergja 4
Stærð 110,5 fm
Byggingarár 1982
Annað Bílskúr

Lyngmóar 1

Björt og rúmgóð 4ra herbergja 93,7 fm íbúð ásamt 16,8 fm bílskúr. Vel staðsett íbúð í Garðabæ með fallegu útsýni. Rólegt og gott hverfi, stutt í alla almenna þjónustu.

Þröstur Magnússon
sölufulltrúi
thrustur@domus.is
sími 664 6030



112 Reykjavík

Verð 46,9 millj.
Fjöldi herbergja 4
Stærð 152,4 fm
Byggingarár 1997
Annað Frábært útsýni

Vættaborgir

Glæsilegt parhús með bílskúr á besta stað í Grafarvogi. Húsið er á 2 hæðum og er allt hið vandaðasta, svalir á efri hæð, stór og fallegur sólpallur framan við húsið. Spöngin verslunarmiðstöð Grafarvogs í göngufæri, stutt í skóla og leikskóla.

Elsa Þórálfsdóttir
viðskiptastjóri
elsa@domus.is
sími 664 6013



101 Reykjavík

Verð 27,9 millj.
Fjöldi herbergja 4
Stærð 93,6 fm
Byggingarár 1929
Annað Frábær staðsetning

Brávallagata

Gullfalleg íbúð á besta stað miðsvæðis í Reykjavík. 3 rúmgóð herbergi. Eldhúsið er opið inn í stofu með fallegri innréttingu. Eikarparket á stofu, eldhúsi og herbergjum. Baðherb. er nýlega uppgert. Nýlega búið að taka garðinn í gegn fyrir framan húsið.

Elsa Þórálfsdóttir
viðskiptastjóri
elsa@domus.is
sími 664 6013



111 Reykjavík

Verð 17,4 millj.
Fjöldi herbergja 3
Stærð 84,1 fm
Byggingarár 1993
Annað Áhvilandi hagstætt lá

Gyðufell

Góð eign með 2 rúmgóðum svefnherbergjum, hjónaherbergið með góðum nýlegum skápum. Stofan er rúmgóð og björt með útgengi út á yfirbyggðar svalir. Húsið er klætt að utan með viðhaldslitilli klæðningu. Sameign er mikið endurnýjuð.


Halldór Jensson
viðskiptastjóri
halldor@domus.is
sími 840 2100



Vönduð eignamappa



Fagleg ljósmyndun



Sölusýningar



Við sýnum eignina



Þrívíð grunnmynd



Markviss eftirfylgni



Yfirlitskort

Kynnið ykkur öflugt söluferli okkar á domus.is



LIPRAR Í LOFTINU Útskriftarnemar í Klassíska listdansskólanum í loftinu, en þetta var hluti af útskriftarverki þeirra.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Að fanga eitt augnablik

Árleg ljósmyndasýning Blaðljósmyndarafélags Íslands var opnuð í Gerðarsafni í gær og veitt voru verðlaun fyrir blaðamyndir ársins. Hér má sjá framlag *Fréttablaðsins* í ár.

Vegleg bók með myndum úr sýningunni lítur dagsins ljós um helgina hjá útgáfufyrirtæki Kristjáns B. Jónassonar og Snæbjörns Arngrímssonar sem nefnist Crymogea. Auk myndanna er í bókinni að finna tvær innblásnar greinar eftir Þorvald Örn Kristmundsson ljósmyndara og Jón Kaldal, ritstjóra *Fréttablaðsins*, um stöðu fréttaljósmyndunar. Þeir eru hvor með sitt sjónarmiðið; sá fyrrnefndi segir að fréttaljósmyndun sé dauð og íslensk blöð metnaðarlaus en sá síðarnefndi að myndavélavæðing heimsins muni gjörbreyta stöðu fréttaljósmyndunar.

„Fréttaljósmyndin á hins vegar erfitt uppdráttar. Ekki bara nú síðustu misserin, heldur hefur hún verið í kreppu undanfarnin ár. Hvað veldur? Sparnaður á fjölmiðlum er einn þáttur. Það þykir full boðlegt að bjarga



sér með ódýrum og afsþyrnulélegum myndum sem standa hvarvetna til boða. Ekki virðist skipta máli að vera á staðnum enda gæti það kostað of mikið. Það er ekki lengur mikilvægt að ná flottri fréttamynd, mynd sem grípur áhorfandann, fangar augnablikið, fær fólk til að staldra við. Það er ekki nokkurra þúsundkalla virði,” skrifar Þorvaldur Örn Kristmundsson ljósmyndari.

„Það er í þessu samhengi sem myndavélavæðing heimsins hefur búið til keppinauta sem fréttaljósmyndarar okkar tíma eru dæmdir til að tapa fyrir, að minnsta kosti við ákveðnar aðstæður. Þegar fyrsta verk fórnarlamba hryðjuverkaárásar er að grípa úr vasanum myndavélasíma og taka myndir af því sem fyrir augu ber, þarf ekki að fjölyrða um að enginn fréttaljósmyndari getur fangað angist og ógn slíkrar nálægðar í tíma og rúmi,” skrifar Jón Kaldal, ritstjóri *Fréttablaðsins*.



HÆTTI SÉR OF NÁLÆGT Kvenkyns býfluga ræðst hér á geitung sem hætti sér of nálægt hunangsbúi hennar í Húsdýragarðinum.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



HEIMSMET Í VATNSBYSSUSTRÍÐI Mynd Vilhelms Gunnarssonar varð hlutskörpust í flokknum Daglegt líf.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM





SIGURÐUR ÁRNI MYNDLISTARMÁÐUR
Mynd Valgarðs Gíslasonar vann í flokknum Portrettmýnd ársins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



KANNSKI EKKI MARGIR, EN TRYGGIR
Áhangendur Fjölnis fögnuðu ákaft þegar lið þeirra tryggði sér sæti í Landsbankadeildinni með því að sigra lið Þórs frá Akureyri. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR



Á INNILEGRI STUND Það fór vel á með þeim Geir H. Haarde og Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur þegar verið var að mynda núverandi ríkisstjórn. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



HVAÐ Á SVO AÐ GERA? Elín Hanna Jónsdóttir hjúkrunarfræðingur útskýrir fyrir unglíngunum hvernig annast eigi raunveruleikabarn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

3ja herb. íbúðir með allt að 100% fjármögnun!

Glæsilegur frágangur - Hagstætt verð

Skipalón 25 - 27, Hvaleyrarholti, Hafnarfirði



- Innangengt úr bílskýli að lyftu.
- Glæsilegt útsýni.
- Granít á borðum og sólbekkjum.
- Ísskápur og uppvottavél fylgja.
- Hús einangrað og klætt að utan með álklæðningu.
- Íbúðir með sérinnangi af svölum, ekki gengið framhjá svefnherbergi.
- Eikar- eða hnotuspónn í innréttingum.

Verð frá **26.000.000 kr.**
3ja herb. 101.6 m² íbúð ásamt bílgeymslu

Verð íbúðar:	26.000.000 kr.	Afb. pr. Mán
Lán íbúðalánasj.	18.000.000 kr. 40 ár 5,5%	92.914 kr.*
Lán Mótás hf	8.000.000 kr. 20 ár 6,3%	58.868 kr.*
Afborgun		151.782 kr.
Vaxtabætur		- 23.364 kr.**
Mánaðarleg greiðsla		128.418 kr.*

* án tillits til verðbólgu.
** Vaxtabætur, 297.194 kr. pr ár, miðast við hjón/sambúð.

Sjón er sögu ríkari!
Sýningaríbúð á staðnum
Skoðið frágang á íbúðum hjá okkur og berið saman

Til afhendingar núna!

Söluaðili:
FASTEIGNASTOFAN
Sími 565 5522 | www.fasteignastofan.is

> Yfir 20 ára reynsla
> Traustur byggingaraðili

Stangarhyl 5, sími 567 0765
Ítarlegar upplýsingar um eignirnar á www.motas.is





”

Hraðinn er svo mikill að fólk talar áður en það hugsar. Svo-leiðis skilur lítið eftir sig

HEIMA Valdimar Tómasson á um tvö þúsund ljóðabækur og gluggar í þær til að sefa sig. Hann veit líka sitthvað um skáldin og segir það bábilju að þau bestu hafi ort sín kvæði við sult og í áfengisvímu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ljóð eru geðlyf án aukaverkana

Þegar eitthvað bjátar á í lífi **Valdimars Tómassonar** sækir hann sér geðró og gleði í ljóð. Í samtali við **Björn Þór Sigbjörnsson** lýsir hann ferðalagi sínu frá túninu heima til óvenju veglegs ljóðasafns við Rauðarárstíg. Valdimar rifjar meðal annars upp þann kafla í lífi sínu þegar hann var svo upptekinn við að lesa bækur og rabba við rithöfunda og sérvitringa að hann gleymdi að borða.

Þó Valdimar sé fæddur og uppalinn á bænum Litlu-Heiði í Mýrdalnum er miðborg Reykjavíkur hans staður. Hlemmur, Laugavegur, Lækjartorg. Hann fer rósleglega yfir, jafnan með tösku sem í eru gersemar. Valdimar setur svip á miðborgina og er einn þeirra sem glæða hana lífi.

„Ég var alltaf mikill búskussi,“ segir Valdimar um æskuárin á Litlu-Heiði. „Ég gekk bara sveimhuga um jörðina, horfði út í áttirnar og taldi fugla himins og strá jarðar.“

Sextán ára hélt Valdimar til menntaskólanáms í Reykjavík en skólagangan varð styttri en ráðgert var. Að eigin sögn hraktist hann úr námi með skömm og niðurlægingu. „Það bar mikið á flogaveiki og lystarstoli svo ég var þróttlítil og árangurinn í náminu eftir því,“ segir Valdimar sem vann í pylsuvagninum í Austurstræti meðfram námi. Að vori fór hann heim í Mýrdalinn og varði þar sumrinu en kom aftur í bæinn um haustið og þar hefur hann verið síðan. Eftir stuttan stans á pósthúsi tók Valdimar til við pylsusölu á ný. „Ég vann í pylsuvagninum í mörg ár með öðrum störfum eins og bóksölu, afgreiðslu og ána-

maðkaheildsölu,“ segir Valdimar. Enn er hægt að fá eina með öllu hjá honum, nú í sjoppunni í strætóstöðinni á Lækjartorgi.

Ljóð eru meðal

Gersemarnar í töskunni – sem Valdimar kallar skjóðu – eru ljóðabækur. Þær ber hann með sér hvert sem hann fer. „Ég fór að sveima um fornbókasölurnar og hændist að þjóðlegum fróðleik,“ svarar Valdimar spurður hvenær hann fór að kynna sér ljóðlist. „Svo fjarði þetta út og ég fór meira yfir á skáldskaparsviðið og þá einkanlega ljóðlistina. Hún hentar vel þessu flóktandi lífi, það er alltaf hægt að hafa í skjóðu sinni ljóðabók og grípa í við hvaða tækifæri sem er.“

Og tækifærin sem Valdimar nefnir – þau eru ekki bara dauðar stundir í amstri dagsins. Þegar kólubakkar hrannast upp finnur hann frið í ljóðunum. „Þau eru mikil huggun harmi gegn og færa manni bæði geðró og gleði. Það er sama hvaða raunir dynja á manni, hægt er að sefa sig með fallegum stefjum og hendingum úr ljóðum. Þetta er mjög vanmetið geðlyf sem hefur engar aukaverkanir,“ segir hann.

Í fyrstu var Valdimar ákafur hatursmaður nútímaljóða og leit á

þau sem sjúk fræði, að eigin sögn. „Ég reigði nefið hátt á móti þessari úrkynjun og vildi ekkert af henni vita en las rímur og hefðbundinn skáldskap. En svo um nítján ára aldurinn sá ég að ég gat ekki dæmt það sem ég þekkti ekki og fór að víða að mér hinum og þessum höfundum, byrjaði líklega á fyrstu bók Jóns Óskars og las svo atóm-skáldin hvert af öðru; Hannes Pétursson, Þorstein frá Hamri og Vilborgu svona svo ég nefni einhver. Það var afskaplega ánægjulegt að sjá á bak þessari heimsku því veröldin stækkaði við þetta.“

Bækurnar hrannast upp

Valdimari nægir ekki að lesa ljóðabækur. Hann þarf að eiga þær. Og með árunum hefur hann komið sér upp góðu safni um tvö þúsund ljóðabóka sem þekja veggina á heimili hans við Rauðarárstíg. „Ég vil geta gengið að þessu. Ljóð eru ekki eins og skáldsögur sem maður les einu sinni og svo kannski ekki aftur fyrr en áratugum seinna. Ljóðabækur eru lesnar í pörtum. Maður tekur mola og mola en aldrei brauðsneiðina í heilu lagi.“

Sjálfur hefur Valdimar dundað sér við að yrkja og á síðasta ári kom út bókinn Enn sefur vatnið. Hann hefur líka þýtt ljóð annarra, einkum norræna höfunda, og

Tíu bækur sem Valdimar er að lesa eða hefur nýlokið við

Í vettling manns
eftir Baldur Óskarsson
Minnisbók
eftir Sigurð Pálsson
Vetrarmyndin
eftir Þorstein frá Hamri
Rómaveldi
eftir Will Durant
Fyrir kvölddýrum
eftir Hannes Pétursson

Fjöllin verða að duga
eftir Þórarín Eldjárn
Ljóðhús
eftir Þorstein Þorsteinsson
Bíblían

Sögur Einars H. Kvaran

Minningar
Guðrúnar Borgfjörð

Ljóð um dauðann eftir Inger Christensen kom út í þýðingu hans fyrir tveimur árum.

Valdimar veit sitthvað um líf skáldanna sem hann hefur dálæti á og segir það bábilju að bestu ljóð-skáldin hafi jafnan verið svöng og drykkfellð. Sum hafi verið af góðum ættum og ágætlega stæð. „Sultarvísindin eru svolítið þreytandi. Maður hefur sjálfur átt tíma-bil sem voru mögur og ekki varð ég var við að andagiftin væri meiri.“ Já, Valdimar veit hvernig er að vera blankur. Þeir dagar komu sem hann hafði ekki ráð á að kaupa sér mat. „Þegar fjárráðin voru sem naumust var ég svo heppinn að vera með lystarstol. Mér var því sama hvort ég borðaði eða ekki,“ segir hann og bætir við að líðanin hafi nú ekki verið svo sérlega slæm þó oft hafi hann verið máttlítil og vegmóður. „Það komu tíma-bil þar sem ég vann en erfitt var með heimtur. En þá bankaði maður upp á hjá góðu fólki og fékk mjólkurglas og brauðsneið. Annars hugsaði ég alltaf lítið um að næra mig, ég var nefnilega upptekinn við að lesa bækur og rabba við skáld og sérvitringa.“

Ekki öld of seinn

Orðfæri Valdimars er öðruvísi en flestra annarra 36 ára gamalla manna. Alveg eins og áhugamálin. Á stundum virðist hann vera 19. aldar maður í hugsun og tali. Til dæmis á hann til að svara mönnum í bundnu máli. „Ég umgekkst fólk fætt um og fyrir aldamótin nítján hundruð, hlustaði á það og mótaðist af orðafari þess og hugsunarhætti. Síðan fer ég lesa texta sem er klassískur og fagurfræðilegur. Þetta hefur mótað mig,“ segir Valdimar og bætir við að öfugt við það sem tíðkast í samfélaginu í dag reyni hann að hugsa áður en hann talar. „Hraðinn er svo mikill að fólk talar áður en það hugsar. Svo-leiðis skilur lítið eftir sig.“

Valdimar segist ekkert hafa á móti samfélaginu eins og það er en hann sjái ekki ástæðu til að taka þátt í hlápuþingum og hraðanum. Hann hafnar því hins vegar að hann sé öld of seint á ferðinni. „Við sjáum bara það góða sem þá var en höfum gleymt vesöldinni, hungurinn og umkomuleysinu. Ég hugsa að fyrir einni öld hefði ég verið sálsjúkur bóndasonur og drepist fyrir aldur fram af vannæringu og vesöld.“

FRJÁLS VERSLUN Könnun Frjálsrar verslunar: Neytendur völdu Bónus vinsælasta fyrirtækið 2008

Pökkum neytendum ómetanlegan stuðning

VINSÆLUSTU FYRIRTÆKIN 2008

Sp.: Vildir þú nefna 1 til 3 íslensk fyrirtæki sem þú hefur jákvætt viðhorf til?

	% 2008	Röð '08	% 2007	Röð '07	Breyting
Bónus	33,3%	1	23,1%	1	10,2%
Landsbankinn	11,0%	2	10,8%	2	0,2%
Glitnir	8,9%	3	9,2%	4	-0,3%
Kaupþing	7,0%	4	10,1%	3	-3,1%
SPRON	4,9%	5	5,5%	5	-0,6%
Hagkaup	4,3%	6	2,8%	13	1,5%
	4,1%	7	4,2%	8	-0,1%
	3,3%	8-9	2,1%		



BÓNUS OG BANKARNIR

Könnun á vinsælastu fyrirtækjum:

Bónus og bankarnir eru afgerandi vinsælastu fyrirtæki landsins í árlegri Könnun Frjálsrar verslunar. Haldið er því fram að Bónus sé eina fyrirtækið í grútasælifloðni - svo afgerandi eru vinsældirnar. Bónus er vinsælli en nokkuð sínni fyrr.

YFIR: BENEDICT JONHANNSSON • MYNIR: GEM CLAPTON

Audít síma fyrirtækja

Bónus og bankarnir eru afgerandi vinsælastu fyrirtæki landsins í árlegri Könnun Frjálsrar verslunar. Haldið er því fram að Bónus sé eina fyrirtækið í grútasælifloðni - svo afgerandi eru vinsældirnar. Bónus er vinsælli en nokkuð sínni fyrr.

VINSÆLUST FRÁ UPPHAFI

	1. sæti	2. sæti
1989	Sól	Hagkaup
1990	Hagkaup	Flugleiðir
1991	Flugleiðir	Hagkaup
1992	Hagkaup	Bónus
1993	Sól	Flugleiðir
1994	Hagkaup	Bónus
1995	Bónus	Hagkaup
1996	Flugleiðir	Bónus
1997	Bónus	Hagkaup
1998	Bónus	Hagkaup
1999	Bónus	Eimskip
2000	Ísl. erfðagr.	Íslandsbanki
2001	Ísl. erfðagr.	Bónus
2002	Ísl. erfðagr.	Bónus
2003	Bónus	Hagkaup
2004	Bónus	Íslandsbanki
2005	Bónus	Icelandair
2006	Bónus	Landsbankinn
2007	Bónus	Landsbankinn
2008	Bónus	Landsbankinn



Norrænt hlaðborð í Alvar A matur og drykkur í hádeginu og á kvöldin.

Stór matvælasýning í kjallaranum opið 12.00 – 17.00

Dagskrá 24. febrúar. Fyrirlestrar, kynningar og smökkun.

- 13.00 Kvikmynd. *Nýr norræn matur í Danmörku og á Íslandi.*
- 14.00 *Fáðu þér bita úr Matarkistu Skagaffarðar.* Guðrún Brynleifsdóttir.
- 15.00 *Bjór á Norðurlöndum.* Mads Holm bjóráhugamaður frá Danmörku.
- 15.00 *Keimur úr Þingeyjarsýslu.* Jóna Matthíasdóttir, Matarbúrið.
- 16.00 *Heimur vinsins.* Sérfræðingar frá ÁTVR.

www.nordice.is
sími 5517030

Nálastungur Íslands ehf.

Ríkháður Mar Jósafatsson
Doctor of Oriental Medicine

Heilsuverndarstöðin við Barónsstíg 47
Sími 458 9400 & 863 0180

VÍSIR.IS
"...ég sá það á vísi"

STUÐ MILLI STRÍÐA Fleiri og fjölbreyttari hátíðisdagar

PÓRUNN ELÍSBET BOGADÓTTIR VILL HALDA FLEIRI KONUDAGA



Undanfarið hafa margir pistlahöfundar í flestum blöðum keppt við að segja skoðanir sínar á Valentínusardeginum sem hefur verið gerður að holdgervingu bandaríks kapitalisma. Það þykir greinilega ekki töff á meðal pistlahöfundum að halda þann dag hátíðlegan. Ég er svo sem ekkert öðruvísi í þeim efnum, hef aldrei séð nokkra ástæðu til að fagna þeim degi. Að miklu leyti er ég sammála mörgum þeirra sem hafa tjáð sig um þennan dag ástarinnar. Það á svo sem ekkert að vera einhver einn

dagur þar sem haldið er upp á ástina – hún er nú frekar þess eðlis að haldið sé upp á hana á hverjum einasta degi.

Svo eru samt sumir sem þurfa bara svona daga til þess að minna sig á að vera góðir við konur eða menn. Þá finnst mér gáfulegra að halda í gamlar íslenskar hefðir í þessum málum. Dæmi um þær eru auðvitað bóndadagurinn og konudagurinn, sem er í dag. Gamli og góðir íslenskir dagar þar sem bæði kynin fá sinn dag. Og það er enn betra að þeir dagar eru ekki afmarkaðir bara fyrir ástfangna, eins og umræddur Valentínusardagur. Það er til dæmis hverjum sem er velkommið að óska mér til hamingju með daginn í dag.

En það eru fleiri dagar sem væri hægt að halda hátíðlega í þessu samhengi. Af hverju auglýsa til dæmis blómabúðir og veitingastaðir aldrei neitt fyrir kvenréttindadaginn 19. júní eða kvennafrídaginn 24. október? Það væri svolítið gaman að fá blóm með hamingjuóskum á kvenréttindadaginn. Þannig væri hægt að fagna því hversu lengi konur á Íslandi hafa haft kosningarétt en minnst þess um leið að því er ekki eins farið alls staðar. Svo myndi ég alveg vilja fara út að borða á kvennafrídaginn. Ég myndi samt ekkert vilja láta bjóða mér heldur myndi ég borga sjálf. Þannig gæti ég fagnað því að ég er sjálfstæð og vinnandi. Það er nógu að fagna.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



Ekkert mál, ég merkti síðuna.

■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



ÁST í samstarfi við Vesturport

ÁST

27. febrúar

28. febrúar

2. mars

SÖNGLEIKUR EFTIR
GÍSLA ÖRN GARDARSSON
OG VÍKING KRISTJÁNSSON

Miðasala 568 8000

www.borgarleikhus.is



KJARVALSSTOFA Í PARÍS

er íbúð með aðgengi að vinnuástöðu, sem ætluð er til dvalar fyrir íslenska listamenn. Stofan er í eigu Reykjavíkurborgar, menntamálaráðuneytisins og Seðlabanka Íslands og er staðsett í miðborg Parísar, skammt frá Notre Dame dómkirkjunni.

Þeir sem í stofunni dvelja greiða dvalargjöld sem ákveðin eru af stjórn Cité Internationale des Arts er rekur stofuna, ásamt fleiri listamannaíbúðum og miðast við kostnað af rekstri hennar. Þessi gjöld eru lægri en almenn leiga í París og á árinu 2008 verða þau 330 evrur á mánuði fyrir einstakling en 420 evrur á mánuði fyrir tvo. Úthlutun er lágmark tveir mánuðir í senn skv. reglum Cité en vegna fjölda umsókna undanfarin ár hefur dvalartími að jafnaði verið 2 mánuðir.

Dvalargestir skuldbinda sig til að hlíta reglum Cité Internationale des Arts varðandi afnot af húsnæði og vinnuástöðu, þ.á m. er ætlast til að þeir nýti stofuna allan úthlutunartíma sinn.

Hér með auglýst eftir umsóknum um afnot Kjarvalsstofu tímabilið 1. ágúst 2008 til 31. júlí 2009.

Umsóknareyðublöð fást á Rafrænni Reykjavík á www.reykjavik.is og á vef Menningar- og ferðamálasviðs, www.reykjavik.is/menningogferdamal. Einnig má nálgast umsóknareyðublöð, ásamt reglum sem gilda um afnot af Kjarvalsstofu, í upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur. Umsóknir skulu stílaðar á stjórnarnefnd Kjarvalsstofu, Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar, Ingólfsnausti - Vesturgötu 1, 101 Reykjavík.

Fyrri umsóknir þarf að endurnýja, eigi þær að koma til greina við þessa úthlutun.

Umsóknir skulu berast í síðasta lagi þriðjudaginn 25. mars 2008.

Stjórnarnefnd Kjarvalsstofu



GRADUALEKÓR LANGHOLTSKIRKJU Flytur Gloríu eftir Vivaldí á tónleikum á morgun.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Barnakór flytur Gloríu Vivaldí

Margir hafa mikið dálæti á tónsmíðum Vivaldí, enda ærin ástæða til. Þeir sem tilheyra þessum hópi ættu að fjölmenna í Langholtskirkju í kvöld kl. 20 vegna þess að þá flytur Gradualekór kirkjunnar eitt af þekktustu verkum tónskáldsins, Gloríu. Með kórnum leikur kammersveit sem er að hluta skipuð fyrrverandi meðlimum kórsins.

Gloría og Árstíðirnar eru þau verk sem „Rauðhærði presturinn,“ Vivaldí, er þekktastur fyrir og oftast eru flutt. Gloría er samin fyrir blandaðan kór og hefur margsinnis verið flutt hérlendis. Það er sjaldgæfara að heyra verk í flutningi barnakórs, en útsetningin er eftir Louis Pichierri sem var tónlistarskólustjóri og hljóm-sveitarstjóri í New Hampshire.

Í fyrri hluta tónleikanna á sunnudag mun Gradualekórin flytja nokkur verk að auki, meðal annars þrjú lög úr frönsku myndinni „Les Choristes“ eftir Christophe Barratier og Bruno Colais, Carmen fratrum arvalium sem Hildigunnur Rúnarsdóttir samdi fyrir kórinn síðastliðið vor og Gloríu eftir danska tónskáldið Michael Bojesen.

Gradualekór Langholtskirkju er skipaður 30 stúlkum á aldrinum 14–18 ára sem flestar hafa alist upp í öflugum tónlistarstarfi Kórskóla Langholtskirkju og sumar sungu í kór í tíu ár. Þær eru allar í tónlistarnámi. Konsertmeistari á tónleikunum er Joaquín Páll Palomares sem er að ljúka námi frá Listaháskóla Íslands. Stjórnandi er Jón Stefánsson. -vp

Goðsögnin Jussi Björling í Salnum

Vel ber í veiði fyrir unnendur sönglistar í kvöld en þá fer fram dagskrá helguð sænska tenór-söngvaranum Jussi Björling í Salnum í Kópavogi.

Salurinn hefur boðið hinu sænska Jussi Björling-félagi að flytja einstæða dagskrá, sem hlotið hefur heitið „A Golden Evening with Jussi Björling“ í Tíbra-tónleikaröðinni. Með hljóðritunum, orðum og ljósmyndum er dregin upp mynd af goðsögninni um hinn þjóðsagnakennda tenór sem hóf söngferil sinn aðeins fjögurra ára gamall og söng fram til dauðadags árið 1960, en þá var Björling aðeins 49 ára.

Hágæðahljóðritanir með söng Björlings munu óma um tónleikasalinn á milli þess sem Bertil Bengtsson, einn helsti Björling-sérfræðingur heimsins í dag, leiðir tónleikagesti í gegnum líf og list Jussi Björling í máli og myndum. Á meðal þess sem gestir fá að heyra Björling flytja er mögnuð upptaka af ariunni Nessun dorma úr óperunni Turandot eftir Puccini sem var bjargað úr sænsku safni fyrir aðeins örfáum árum og endurunin af mikilli natni.

Jussi Björling-félagið hefur sannreynt þessa hugmynd við



JUSSI BJÖRLING
Ein skærasta stjarna óperu-heimsins fyrr og síðar.

góðan orðstír í tónlistarsölum í stærri borgum Svíþjóðar. Svipaður árangur hefur náðst í tónleikasölum í Bandaríkjunum, Englandi og Noregi þar sem dagskráin hefur vakið mikla eftirtekt og lukku.

Hinn heimsþekkti sænski tenór-söngvari Jussi Björling kom í sína fyrstu og einu heimsókn til Íslands í nóvember árið 1952. Hann dvaldi hér í vikutíma, hélt tónleika við mikla hrifningu allra viðstaddra og var sæmdur Riddarakrossi hinnar íslensku Fálkaorðu.

Tónleikarnir hefjast kl. 20. Miðá má nálgast í miðasölu Salarins. -vp

Öndvegisverk píanóbókmenntanna fá að hljóma

Píanóleikarinn Helga Bryndís Magnúsdóttir leikur á tónleikum í Laugarborg í Eyjafjarðarsveit í dag kl. 15. Á efnisskránni eru nokkur af öndvegisverkum píanóbókmenntanna eftir þá J.S. Bach, L.v. Beethoven, S. Rachmaninoff og F. Chopin.

Helga Bryndís lauk kennara- og einleikaprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1987 þar sem Jónas Ingimundarson var hennar helsti kennari. Hún stundaði framhaldsnám í píanóleik við Tónlistarskólann í Vínarborg og við Sibeliusakademíuna í Helsinki. Helga hefur haldið fjölda einleikstónleika og leikið með hljómsveitum, einsöngvurum, kammersveitum og kórnum, meðal annars með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og Caput-hópnum. Á næstunni má heyra Helgu Bryndísi leika einleik á Listahátíð í Reykjavík vorið 2008. Helga hefur starfað við Tónlistarskóla Akureyrar frá árinu 1992. Hún hlaut starfslaun listamanna árið 2003 og aftur árið 2007.



HELGA BRYNDÍS MAGNÚSDÓTTIR PÍANÓLEIKARI Leikur á tónleikum í Laugarborg í dag.

Tónleikarnir eru liður í vetrardagskrá Laugarborgar. Miðaverð er 2000 kr.



Félagið Heyrnarhjálp

Texti er okkar tromp



Málping um aðgengismál

Heyrnarhjálp býður til málþings um aðgengi fólks með heyrnarfötlun



Grand Hótel við Sigtún 1. hæð 3. mars 2008 kl. 16-19.30

Efni málþings:

Fjallað verður um aðgengismálin í viðum skilningi, s.s. um textun á íslensku efni í sjónvarpi, myndböndum og kvikmyndum, hvað gerir tónmökvi og hvar á hann að vera, rittúlkun/táknmálistúlkun og réttur einstaklinga til túlkunar. Einnig er fjallað um heyrnarskerðinguna og áhrif hennar, tæknina, skólakerfið og vinnumarkaðinn.

Sýning og kynning verður á heyrnar- og hjálpartækjum og öðrum sérútbúnaði. Sýningin opnar kl. 15.30

Markhópur:

Heyrnarskerðir/lausir, aðstandendur þeirra og ekki síður fagfólk, samstarfsmenn, vinnuveitendur og embættismenn sem tengjast málaflokkunum í starfi.

Aðgengi fyrir alla. Tónmökvi, rittúlkur, táknmálistúlkur

Kaffaveitingar-námskeiðsgögn

Húsið opnar 15.30. Verð 1000 krónur

Fólk er hvatt til að skrá sig á netinu: heyrnarhjalp@centrum.is

Heyrnarhjálp, félag heyrnarskertra á Íslandi. Langholtsvegur 111. 104 Reykjavík.

Sími: 5515895 Fax: 5515835. Veffang: heyrnarhjalp.is



Biblían er alltaf innan seilingar í vinnuherbergi mínu, og oftsinnis gríp ég til hennar í margvíslegum tilgangi. Biblían í íslenskum búningi er samgróin menningu okkar, þróun tungunnar og varðveislu hennar, og leit mannsins að huggun í hörðum heimi. Grimmd hennar getur verið hræðileg – og boðun kærleika og fyrirgefningar undursamleg.

Njörður P. Narðvík

JPU
JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

GAMANÓPERAN
SÍGAUNABARÓNINN
EFTIR JOHANN STRAUSS - Íslensk þýðing: Egill Bjarnason og Þorsteinn Gylfason
Í GAMLA MJÓLKURSAMLAGINU BORGARNESI
Su. 24. feb. kl. 20.00 - UPPSELT La. 1. mars kl. 20.00 - LAUS SÆTI
Þr. 26. feb. kl. 20.00 - UPPSELT Su. 2. mars kl. 20.00 - LAUS SÆTI
Síðustu sýningar: Þr. 4. mars kl. 20.00 - LAUS SÆTI
Miðapantanir 437 1598 • tskb@simnet.is • Uppl.: www.borgarbyggd.is

Coen-bræður taldir líklegastir

Bandarískir veðbankar telja líklegast að spennumynd Coen-bræðra, No Country for Old Men, hreppi Óskarsverðlaunin aðfaranótt mánudags sem besta myndin. Líkurnar eru einn á móti þremur, sem kemur ekki á óvart miðað við þann fjölda verðlauna sem hún hefur fengið að undanfögnu.

No Country for Old Men fjallar um náunga sem finnur tösku fulla af peningum og vandræði sem fylgja í kjölfarið. „Fjölmargir í Hollywood hafa það á tilfinningunni að þetta verði ár Coen-bræðra,“ sagði gagnrýnandi hjá dagblaðinu Los Angeles Times.

Í öðru sæti hjá veðbönkum er mynd Paul Thomas Anderson, There Will Be Blood, með líkurnar einn á móti fjórum. Þykir Daniel Day-Lewis sýna stórleik í

myndinni og eiga Óskarinn vissann.

Ein mynd, sem margir telja að geti komið verulega á óvart á háttíðinni, er gamanmyndin Juno sem fjallar um táningsstúlku sem verður ófrísk. Myndin kostaði aðeins tæpar 170 milljónir króna í framleiðslu en hefur náð inn tæplega 8,4 milljörðum króna í miðasöluinni. „Handritið er virkilega gott og það gæti fengið verðlaun,“ sagði gagnrýnandi hjá Movies.com.



NO COUNTRY FOR OLD MEN Javier Bardem er tilnefndur til Óskarsins fyrir aukahlutverk sitt nýjstu Coen-myndinni.

LÍKUR HJÁ VEÐBÖNKUM

- 1/3 - No Country for Old Men
- 4/1 - There Will Be Blood
- 6/1 - Atonement
- 14/1 - Juno
- 33/1 - Michael Clayton

Plötu Garðars Cortes frestað

Næstu plötu Garðars Thors Cortes hefur verið frestað um óákveðinn tíma. Umboðsmaður hans, Einar Bárðarson, segir að þetta sé vegna landvinninga í nýjum löndum, svo sem í Asíu og Mið-Evrópu. „Platan hans er að koma út í Þýskalandi, Austurríki og löndunum þar í kring í maí og svo í Asíu þannig að við vildum ekki vera að rugla fólk með gömlu og svo nýju plötunni,“ segir Einar. Hann bætir því þó við að platan komi væntanlega út hér á landi á þessu ári en ekki sé víst með Bretlandsmarkað.

„Menn eru að velta því fyrir sér hvort næsta haust sé heppilegur tími og það verður bara að koma í ljós,“ segir Einar en Garðar vakti mikla athygli hjá Englendingum og söng meðal annars við víslu skemmtiferðaskips sem sjálf Camilla Parker-Bowles vígði.

Einar tekur hins vegar skýrt fram að undirbúningurinn sé hafinn og að búið sé að setja niður efnisvalið. Hins vegar eigi eftir að ganga frá því hverjir verði með Garðari á plötunni en markið sé sett hátt í þeim efnum. Stefnir er að því að fá einhverja stórstjörnu til vekja enn meiri athygli á tenórnum og afurð hans. - fgg



SMÁTÖF Næstu plötu Garðars Thors Cortes hefur verið frestað um óákveðinn tíma.

Nýtt í bíó LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

27 Dresses (24 Stundir) ★★½
RAMBO (V.J.N. Topps) ★★
LOVEWRECKED
JUMPER

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR	
27 DRESSES	kl. 5.50, 8 og 10.10 L
RAMBO	kl. 6.15, 8 og 10-P 16
JUMPER	kl. 8 og 10 12
LOVEWRECKED	kl. 2, 4 og 6 L
ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPIULEIKUNUM	kl. 1.45 og 4 ÍSL TAL L
ALVIN OG ÍKORNARNIR	kl. 2 og 4 ÍSL TAL L

NÝTT Í BÍÓ! **NÝTT Í BÍÓ!**

27 Dresses LUXUS
8 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA

Frá framleiðendum The Devil Wears Prada Skemmtilegasta rómantíska gamanmynd ársins með Katherine Heigl úr Knocked up og Greys Anatomy í fantaformi.

JUMPER FÓLK MED ÓTRÚLEGA KRAFTA SEM GETA BREYTT ÖLLU KALLAST STÖKKVARAR!

STÖRKOSTLEG MYND Í LEIKSTJÓRN SEAN PENN.
2 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA BESTI AUKALEIKARI - BESTA KLIPPING

INTO THE WILD ★★★★★ 88-24 STUNDIR
THE DEVIL WEARS PRADA ★★★★★ 51-MBL

ETTIRHVAÐ SKELFLEGT ER Á SÍEMMI!
SANNIR SPARTVERJAR
FRIDÞÆING

SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000	REGNBÖGINN Sími 551 9000
27 DRESSES kl. 5.30 - 8 - 10.30	27 DRESSES kl. 3 - 6 - 8.20 - 10.30
27 DRESSES LUXUS kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	JUMPER kl. 3 - 6 - 8.30 - 10.30 12
JUMPER kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 12	BEFORE THE DEVIL KNOWS kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.20 16
MEET THE SPARTANS kl. 2 - 4 - 6 - 8	MEET THE SPARTANS kl. 3 - 6 - 8 - 10
ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPIULEIKUNUM kl. 1 - 3.15 ÍSLSK TAL	
CLOVERFIELD kl. 10	
BRÜÐGUMINN kl. 1.30 - 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 7	
ALVIN & ÍKORNARNIR kl. 1.40 ÍSLSK TAL	

AUKAKRÖNUR FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIDANN MED KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÖNUM!

SAMbio.is SAMBÍÓINN REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS

8 tilnefningar til Óskarsverðlauna

ÁLFABAKKA		SELFOSS	
STEP UP 2 kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 7	THERE WILL BE BLOOD kl. 5:15 - 8:30 - 10:10 16	STEP UP 2 kl. 5:50 - 8 - 10:10 7	JUMPER kl. 8 - 10:10 12
THERE WILL BE BLOOD kl. 2 - 5:15 - 8:30 VIP	NO COUNTRY FOR OLD MEN kl. 5:30 - 8 - 10:30 16	BRÜÐGUMINN kl. 5:50 7	MR. MAGORIUMS kl. 1:40 - 3:50 L
MR. MAGORIUMS... kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 L	P.S. I LOVE YOU kl. 8 L	ALVIN OG ÍK... M/ÍSL TAL kl. 1:40 L	THE GAME PLAN kl. 3:40 L
SWEENEY TODD kl. 10:30 16	UNTRACEABLE kl. 8 16		
DEATH AT A FUNERAL kl. 2 - 4 - 6 7	THE GAME PLAN kl. 1:10 - 3:20 L		
BÝFLUGUMYNDIN M/ÍSL TAL kl. 1 - 3 L			
KRINGLUNNI		AKUREYRI	
STEP UP 2 kl. 4 - 6:10 - 8:20 - 10:30 7	P.S. I LOVE YOU kl. 5:30 - 8 - 10 L	STEP UP 2 kl. 4 - 6 - 8 - 10 7	TÖFRAPRINSESSAN ÍSL TAL kl. 2 L
JUMPER kl. 8 - 10:30 12	MR. MAGORIUMS kl. 2 - 4 - 6 L	MR. MAGORIUMS kl. 2 - 4 L	MEET THE SPARTANS kl. 6 7
MR. MAGORIUMS kl. 2 - 4 - 6 L	BÝFLUGUMYNDIN M/ÍSL TAL kl. 2D - 3:30 L	P.S. I LOVE YOU kl. 8 L	UNTRACEABLE kl. 10:30 16
TÖFRAPRINSESSAN M/ÍSL TAL kl. 1:30 L			
KEFLAVÍK			
STEP UP 2: THE STREETS kl. 5:50 - 8 - 10:10 7	RAMBO kl. 8 16		
MEET THE SPARTANS kl. 4 7	ÁSTRÍKUR M/ÍSL TAL kl. 1:30 L		
ALVIN OG ÍK... M/ÍSL TAL kl. 2 - 4 L	CHARLIE WILSONS WAR kl. 6 12		
NO COUNTRY FOR... kl. 10 16			

SparBíó 450kr Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MED APPELSINGUGLU

SUN 24 FEB

15:00—Melónuleiðin
17:00—Joy Division
20:00—Yella
22:00—Melónuleiðin

MÁN 25 FEB

17:00—Mannaland
20:00—Sálumessa
22:00—Melónuleiðin

MELÓNULEIÐIN
Myndin byggist á raunverulegum atburðum þegar hópur innflytjenda drukknaði í leyndum flutningum yfir fjótið Sava á landamærum Bosníu og Króatíu. Allar upplýsingar er að finna á WWW.FJALAKOTTUR.IS

450 kr. HÁSKÓLABÍÓ REGNBÖGINN 450 kr.

kl. 3 í Háskólabíó kl. 3 í Háskólabíó kl. 2.45 í Háskólabíó kl. 3 í Regnboganum kl. 3 í Regnboganum kl. 3 í Regnboganum kl. 3 í Regnboganum

Sími: 553 2075 LAUGARÁSBÍÓ - bara lúxus

Ódýrt í bíó

AMANDA BYNES
ATH. SÝND KL. 2
LOVEWRECKED
ATH. SÝND KL. 1.45
ISLENSKT TAL
ATH. SÝND KL. 2
ALVIN & ÍKORNARNIR
SÝND MED ISLENSKU TALI

450 kr. á fyrstu sýningar dagsins

23. og 24. feb. **SparBíó 450kr** Á EFTIRTALDAR SÝNINGAR laugardag og sunnudag

STEP UP 2 KL. 1:30 Í ÁLFABAKKA

TÖFRABÍÓ (ENSKT TAL) KL. 1:30 Í ÁLFAB., 2 Í KRINGLU OG AK. KL. 1:40 Á SELFOSSI

TÖFRAPRINSESSAN M/ÍSL TAL KL. 1:30 Í KRINGLUNNI OG 2 Á AKUREYRI

PRÁ LEIKSTJÓRA „WHAT ABOUT BOB?“ DEATH AT A FUNERAL KL. 2 Í ÁLFABAKKA

BÝFLUGUMYNDIN M/ÍSL TALI KL. 1 Í ÁLFABAKKA, OG 2 Í KRINGLUNNI

GAME PLAN KL. 1:10 Í ÁLFABAKKA

Barátta á bak við tjöldin í Laugardagslögnum

Úrslit í Eurovision-forvali Íslands réðust loksins, loksins, í gærkvöldi, þegar síðustu átta lögin börðust á banaspjótum í beinni frá Smáralind. Þetta var búin að vera einhver lengsta sönglagakeppni í veraldar-sögunni, rúmlega fimm mánuða törn; fyrsta undan-undanúrslitakvöldið fór fram 6. október.

Flytjendur og höfundar úrslitalaganna átta voru misjafnlega æstir í að koma sér og sínu lagi á framfæri. Þannig virtist sem Mercedes Club með sitt Ho Ho Ho og Eurobandið með sitt Fullkomna líf legðu allt í sólurnar, á meðan aðrir keppendur voru minna að stressa sig yfir fjölmiðlaathyglinni fyrir keppniskvöldið og treystu fremur á frammistöðu sína á sviðinu.

Það voru þeir Valli sport og Páll Óskar sem voru klappstjórar æstustu liðanna tveggja. Valli sport vann með Barða Jóhannssyni að kynningu að öllum lögnum hans þremur í keppninni. Valli var gríðarlega uppfinningasamur þegar

kom að því að fá umfjöllun um sitt fólk í fjölmiðlum og ekki skemmdi fyrir að hann var með gott efni í höndunum; fáránlega grípandi lag, fjóra hressa próteinhlunka og limafagra en laglausu söngkonu. Eftir því var þó tekið hve höfundur lagsins var lítið að trana sér fram við fjölmiðla.

Í vikunni fram að keppni fóðr-aði Valli Sport blaðamenn á hverri stórfréttinni á eftir annarri; plata var í vinnslu með Mercedes Club, samningur við Cod var kominn í höfn og viðræður hafnar við EMI og hinn útdottni Haffi Haff hafði tekið að sér förðun og greiðslu. Valli seiddist meira að segja svo langt að fara að fletta ættfræðiskrám og kom þaðan með þau stórtíðindi að afi beljakans Gaz-mans hefði samið Óxar við ána. Þá skellti Valli saman „Úr að ofan“ keppni í MR og lét Mercedesklúbbinn dæma og opnauglýsingar í blöðum blöstu við fólk þegar nær dró. Þá voru frægðarmenni eins og Logi Bergmann, Pétur Jóhann og Sveppi dregnir á flot til að lýsa stuðningi við lagið.

Það var sjálf stórstjarnan Páll Óskar sem plöggaði fyrir Friðrik Ómar og Regínu Ósk. Bæði höfðu orðið í öðru sæti (Regína 2006, Friðrik í fyrra), svo það var þeim

mikið kappsmál að fara alla leið í ár. Páll Óskar er þaulvanur í að snúa blaðamönnum um fingur sér og laumaði því fljótlega inn að ný ensk útgáfa af laginu væri alveg

rosaleg. Skömmu síðar lét hann það svo koma fram að enski textinn væri eftir hann sjálfan. Þá benti Páll á að lagið væri orðið gríðarvinsælt á Eurovision-síðum og á YouTube, væri þar jafnvel vinsælla en sjálfur Grammy-konsert Amy Winehouse.

Þriðji mega-plöggar-



FÓR HAMFÓRUM Í PLÖGGI Á MERCEDES CLUB Valli Sport vann fyrir kaupinu sínu.

FÓR FÍNLEGA Í AÐ KYNNA EUROBANDIÐ Páll Óskar læddi inn fréttum af vinum sínum.



KOM INN Á SÍÐUSTU METRUNUM Kári Sturluson plöggaði fyrir Dr. Spock.

inn lét svo til sín taka á síðustu metrunum. Tónleikahaldarinn Kári Sturluson sendi fjölmiðlum skilaboð um gríðarlegan áhuga austur-evrópskra útgáfufyrirtækja á lagi Dr. Spock, Hvar ertu nú? Að auki var því stungið að fjölmiðlum að Hairdoctor myndi greiða sveitarmeðlimum, sérhannaður gúmmíhanskapjarki myndi koma fram með hljómsveitinni í Smáralind og Ellý Ármanns tók sveitarmeðlimi í kennslustund í að skrifa ástarbréf.

Nú liggja úrslitin fyrir og í ljósi þeirra getur fólk metið hvort sé vænlegra til sigurs að vera músin sem læðist eða músin sem hringir fimm sinnum á dag í blaðamenn með æsandi tíðindi af vænlegum Eurovision-förum.



RÚNAR OG ELÍN Rúnar og Elín spila lög af væntanlegri plötu sinni The Long Road Home við opnun sýningarinnar.

Ljósmyndir af hurðum

Rúnar Sigurbjörnsson opnar ljósmyndasýninguna Doors á Næsta bar í kvöld klukkan 18. Sýningin samanstendur af myndum af hurðum í borginni Xiamen í Kína þar sem Rúnar og kona hans Elín Jónína Ólafsdóttir hafa dvalið síðastliðin ár.

Sýningin var opnuð í Kína í fyrra en er nú komin til Íslands. Rúnar og Elín ætla við opnunina að flytja frumsamin lög af plötunni The Long Road Home sem kemur út á Íslandi og í Kína á þessu ári.



YELLA Nina Hoss fékk Silfurbjörnninn í Berlín fyrir frammistöðu sína í Yella.

Þrjár myndir frumsýndar

Þrjár myndir verða frumsýndar hjá kvikmyndaklúbbnum Fjalakettinum í kvöld og annað kvöld. Í kvöld verður sýndur viðskiptatryllirinn Yella, sem hefur hlotið mikið lof gagnrýnenda. Fékk aðalleikkonan Nina Hoss til að mynda Silfurbjörnninn í Berlín fyrir frammistöðu sína.

Annað kvöld verður síðan frumsýnd ljóðræna heimildarmyndin Menneskens Land – min film om Grønland þar sem nútímasamfélag Grænlandinga er krufið til mergjar. Einnig verður frumsýnd annað kvöld myndin Requiem eftir Hans-Christian Schmid sem byggir á raunverulegum atburðum þegar ung kabólsk kona lét lífið eftir að reynt var að særa úr henni illa anda. Nánari upplýsingar um Fjalaköttinn má finna á www.filmfest.is.

VERJUM OG SÆKJUM ÞANN RÉTT SEM VIÐ EIGUM



RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

KYNNINGAFUNDIR UM NÝGERÐA KJARASAMNINGA Á ALMENNUM MARKAÐI

Rafiðnaðarsamband Íslands boðar til kynningafunda vegna nýgerðra kjarasamninga. Fundirnir verða haldnir sem hér segir:

- Mánudagur 25. febrúar á Selfossi kl. 18.15 á Austurvegi 9
- Þriðjudagur 26. febrúar á Ísafirði kl. 12.00 á Hótel Ísafirði
- Þriðjudagur 26. febrúar í Vestmannaeyjum kl. 12.00 á Kaffi Maríu
- Þriðjudagur 26. febrúar í Keflavík kl. 18.15 á Flughóteli 1.hæð
- Miðvikudagur 27 febrúar á Akranes kl. 18.15 í Íþróttam. Jaðarsbökkum
- Fimmtudagur 28. febrúar á Sauðárkróki kl. 12.00 á Hótel Mælifelli
- Fimmtudagur 28. febrúar á Akureyri kl. 18.15 á Skipagötu 14
- Föstudagur 29. febrúar á Reyðarfirði kl. 18.15 á Fjarðarhótel
- Mánudagur 3. mars í Reykjavík kl. 18.15 á Stórhöfða 31

Félagar eru hvattir til að mæta og kynna sér efni samningana. Hægt er að skoða þá á heimasíðu RSÍ <http://www2.rafis.is>



RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS



> Eggert tryggði Hearts sigur

Landsliðsmaðurinn Eggert Gunnþór Jónsson tryggði skoska úrvalsdeildarliðinu Hearts 1-0 sigur á einu af topplíðum deildarinnar, Motherwell. Eggert átti langskot að marki sem fór í Stephen Craigan, fyrirliða Motherwell, og í markið. Markið var skrifað á Craigan. Hearts fór fyrir vikið í sjöunda sæti deildarinnar en sex efstu liðin komast í keppni um skoska titilinn á meðan þau sex neðstu keppa um að sleppa við fallið.



sport
sport@frettabladid.is

GUNNAR BERG ÚR HAUKUM OG ANDRI BERG ÚR FRAM: VERÐA Í ELDLÍNUNNI Í STÓRLEIK Í FRAMHÚSINU Í DAG

Klárlega einn af leikjum ársins í N1-deildinni

Fram og Haukar mætast í toppbaráttuleik N1-deildar karla í handbolta í Framhúsinu í Safamári kl. 16 í dag. Liðin skildu jöfn 29-29 í Framhúsinu í lok september og Haukarnir unnu 26-20 tæpum mánuði síðar að Ásvöllum í N1-deildinni fyrr í vetur.

Gunnar Berg Viktorsson, fyrrverandi leikmaður Fram og núverandi leikmaður Hauka, telur leikinn afar mikilvægur fyrir bæði lið. „Eins og þetta er að spilast er þetta bara einn af úrlitaleikjum N1-deildarinnar, það er nokkuð ljóst. Við erum búnir að tapa þremur stigum upp á síðkastið og gerum okkur fyllilega grein fyrir því hversu mikilvægur þessi leikur er upp á framhaldið. Ef við vinnum komum við okkur aftur í þægilega stöðu til að anda aðeins og við stefnum að sjálfsgöðu að sigri eins og

alltaf,” sagði Gunnar Berg, sem telur Haukaliðið ekki endilega vera að koma á óvart með því að sitja á toppi deildarinnar.

„Við stefndum alltaf að því að vera í toppbaráttunni og það er eitt af því sem þjálfarinn Aron Kristjánsson kom með inn í Haukaliðið, það er þessi sigurvilji og þetta sigurvegarfarar,” sagði Gunnar Berg og Andri Berg Haraldsson, leikmaður Fram, er ekki síður hrifinn af áhrifum þjálfara síns Ferenc Antal Buday á Fram-liðið.

„Ég er gríðarlega ánægður með Ferenc og hann er að koma með nýjar æfingar inn í þetta og jafnvel æfingar sem maður hefur ekki kynnst áður á Íslandi,” sagði Andri Berg, sem er gamall FH-ingur og á því ekki í miklum erfiðleikum með að gíra sig upp í leikinn gegn Haukum. „Ég hef nú reyndar ekki verið mjög sigursæll gegn Haukaliðinu í gegnum tíðina og hef fulla löngun til að breyta því með Fram í framtíðinni. Bæði við og Haukar höfum verið að spila fastan varnarleik og finna sóknarleik í deildinni og ég held að þessi leikur verði klárlega einn af leikjum ársins,” sagði Andri Berg að lokum.



WEST HAM NEWCASTLE

Verð á mann í tvíbýli frá

58.890 KR.

25.–28. APRÍL

Icelandair er samstarfsaðili West Ham og býður ferðir á alla heimaleiki liðsins í vetur. Fjölmargin leikir framundan, s.s. á móti Portsmouth, Derby og Aston Villa.

+ Nánari upplýsingar:
www.icelandair.is/ithrottaferdir



WWW.ICELANDAIR.IS

Wenger vill lífstíðarbann

Arsene Wenger, stjóri Arsenal, vill að Martin Taylor, leikmaður Birmingham, verði settur í lífstíðarbann eftir ruddataeklingu hans sem mölbraut fót Eduardos da Silva. Arsenal gerði jafntefli í leiknum. Man. Utd minnkaði forskotið.


FÓTBOLTI Man. Utd minnkaði forskot Arsenal á toppi úrvalsdeildarinnar í þrjú stig í gær. Þá lagði United lið Newcastle, 1-5, á St. James's Park á meðan Arsenal varð að sætta sig við jafntefli, 2-2, gegn Birmingham. Fernando Torres fór svo á kostum með Liverpool gegn Middlesbrough þar sem hann skoraði þrennu í 3-2 sigri. Það hreinlega rauk úr Arsene Wenger, stjóra Arsenal, eftir leikinn í gær. Martin Taylor braut hrottalega á Eduardo da Silva eftir aðeins þrjár mínútur. Framherjinn brotnaði svo illa að ekki var hægt að sýna í sjónvarpi. Hann spilar ekki meira á leiktíðinni og kemur líklega ekki til baka fyrr en seint á þessu ári.

„Þessi maður ætti aldrei aftur að spila fótbolta. Hvað er hann eiginlega að gera á fótboltavelli? Ég hef lengi sagt að lið lífi svo á að þau þurfi að sparka okkur niður til að eiga möguleika og því kemur þetta mér ekki á óvart,” sagði Wenger alveg brjáláður.

Alex McLeish, stjóri Birmingham, sagði að Taylor væri með böggum hildar vegna atvixsins. „Drengurinn er í molum yfir þessu. Það er ekki í edli hans að meiða leikmenn,” sagði McLeish.

Leikurinn var annars dramatiskur en jöfnunarmark Birmingham kom úr vítaspyrnu þegar rúmar fjórar mínútur voru komnar fram yfir venjulegan leiktíma.

Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, var eðlilega himinlifandi með frammistöðu sinna manna. „Miðjan var fersk hjá okkur en hæfileikar framherjanna sáu um þennan leik fyrir okkur enda voru framherjarnir stórkostlegir. Við hefðum getað skorað fleiri mörk. Ég er mjög sáttur enda aldrei auð-



í **LOSTI** Cesc Fabregas sá manna fyrstur hversu illa Eduardo var meiddur og hann greip fyrir andlit sér og gat ekki horft á. Leikmenn Arsenal voru hreinlega í losti næstu mínútur eftir meiðslin hræðilegu.

„vellt að koma hingað,” sagði Ferguson kátur. Fernando Torres sá til þess að Liverpool komst aftur í fjórða sæti deildarinnar með þrennungi sem hann skoraði gegn Middlesbrough. Hann hefur nú skorað 21 mark í deildinni en þetta er í fyrsta skipti í fimm ár sem framherji Liverpool skorar yfir tuttugu

mörk á tímabili. „Það er ekki auðvelt fyrir erlenda leikmenn að aðlagast ensku deildinni hratt og örugglega en Torres hefur gert það frábærlega. Hann hefur kraft og getur gengið frá hvaða varnarmanni sem er með hraða sínum,” sagði Rafa Benitez, stjóri Liverpool, um stjórnframherjann sinn.

henry@frettabladid.is

ÚRSLIT**Enska úrvalsdeildin:**

BIRMINGHAM CITY - ARSENAL	2-2
1-0 James McFadden (28.), 1-1 Theo Walcott (49.), 1-2 Walcott (55.), 2-2 McFadden, viti (95.).	
FULHAM - WEST HAM UNITED	0-1
0-1 Nolberto Solano (87.).	
LIVERPOOL - MIDDLESBROUGH	3-2
0-1 Tuncay Sanli (9.), 1-1 Fernando Torres (28.), 2-1 Fernando Torres (29.), 3-1 Fernando Torres (61.), 3-2 Stewart Downing (83.).	
PORTSMOUTH - SUNDERLAND	1-0
1-0 Jermain Defoe (69.).	
WIGAN ATHLETIC - DERBY COUNTY	2-0
1-0 P. Scharner (60.), 2-0 Antonio Valencia (84.).	
NEWCASTLE - MAN. UTD	1-5
0-1 Wayne Rooney (25.), 0-2 Cristiano Ronaldo (45.), 0-3 Cristiano Ronaldo (56.), 1-3 Diagne Faye (78.), 1-4 Wayne Rooney (80.), 1-5 Louis Saha (90+1).	

STADA EFSTU OG NEÐSTU LIÐA:

Arsenal	27	19	7	1	56-20	64
Man. Utd	27	19	4	4	55-15	61
Chelsea	26	16	7	3	38-17	55
Liverpool	26	12	11	3	43-19	47
Everton	26	14	5	7	41-23	47
Bolton	26	6	7	13	26-35	25
Birmingham	27	5	8	14	27-40	23
Reading	26	6	4	16	30-53	22
Fulham	27	3	10	14	25-45	19
Derby County	27	1	6	20	13-57	9

Yfirlýsing frá Þorbergi:

Biður menn afsökunar

HANDBOLTI Þorbergur Aðalsteins-son sendi frá sér yfirlýsingu í gær þar sem hann biðst afsökunar á því að hafa brotið trúnað við HSÍ og þá Dag Sigurðsson, Geir Sveinsson og Aron Kristjánsson með orðum sínum í þættinum Utan vallar á Sýn. Hann biður Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóra HSÍ, einnig afsökunar vegna orða um samskipti Einars og Ólafs Stefánssonar.

Þorbergur ítrefur í yfirlýsingu- unni að hann hafi mætt í þáttinn sem áhugamaður um handbolta en ekki sem stjórnarmaður HSÍ sem hann er.

- hbj

UTAN VALLAR HENRY BIRGIR GUNNARSSON SEGIR SÍNA SKOÐUN

Harmleikur handknattleikssambandsins

Að fylgjast með framgöngu Handknattleikssambands síðustu daga og vikur er eins og að fylgjast með hádrámatískum harmleik. Það er fyrir löngu orðið áttakanlegt að fylgjast með klaufagangnum í kringum ráðningu landsliðsþjálfara og sér ekki fyrir endann á þeirri vitleysu. Steininn hefur síðan algjörlega tekið úr síðustu daga og verður ekki lengur orða bundist.

Þorbergur Aðalsteins-son, stjórnarmaður HSÍ, varð sjálfum sér og handknattleiksforystunni til háborinnar skammar í þættinum *Utan vallar á Sýn*. Fyrir það fyrsta var maðurinn í mjög annarlegu ástandi og alls ekki í því ástandi sem menn eiga að vera þegar þeir fara í sjónvarpsviðtöl fyrir hönd handknattleiksforystunnar. Maðurinn var ölváður. Það getur undirritaður

staðfest enda var hann á staðnum. Það geta fleiri einnig staðfest sem voru á staðnum.

Hegðun hans í þættinum er síðan kapitúli út af fyrir sig. Þar ræðst Þorbergur mjög ómaklega að sumum af bestu drengjum handboltans. Þess utan braut hann trúnað við stjórn og þá þjálfara sem hafa verið í viðræðum við HSÍ. Það er háalvarlegt.

Neita að axla ábyrgð

Stjórn HSÍ beit síðan höfuðið af skömminni með því að taka ekki föstum tókum á málinu á neyðarfundi síðasta föstudag. Þess í stað var ákveðið að stinga höfðinu í sandinn.

Þorbergur sjálfur hefði þess utan átt að sjá sóma sinn í því að stíga til hliðar. Með því hefði hann séð til þess að HSÍ héldi einhverjum trúverðuleika en

niðurstaðan er álitshnekkir fyrir sambandið, sem er nú rúíð öllum trúverðuleika.

Handknattleiksforystan sýndi svo um munaði með viðbrögðum sínum að hún er ekki starfi sínu vaxin. Þær útskýringar að Þorbergur hefði verið þarna sem persónan Þorbergur en ekki stjórnarmaðurinn Þorbergur halda engu vatni og eru í raun svo barnalegar að það tekur engu tali.

Ef Þorbergur hefði eingöngu tjáð sig um sinn landsliðsþjálfaraferil og handboltann almennt hefði þessi afsökun gengið. Hann talaði aftur á móti um nánast ekkert annað en málefni HSÍ. Ekki bara innri málefni sambandsins heldur þau allra innstu. Þessi málsvörn HSÍ er líklega sú slakasta síðan Maradona sagði hendi Guðs hafa skorað frægt mark

gegn Engländernum á HM 1986.

Þorbergur segir að HSÍ hefði orðið við öllum kröfum þeirra Dags og Arons en þeir hafi samt sagt nei. Það skilur hann ekki.

Hann gleymir því aftur á móti að þegar menn ákveða að þiggja stórf skoða þeir einnig vinnu- umhverfið og ekki síst þá einstaklinga sem þeir þurfa að vinna með. Má segja að ástandið innan herbúða HSÍ hafi kristallast í hegðun Þorbergs og stjórnarinnar síðustu daga og ég láí þessum mönnum ekki að hafna starfinu.

Hver vill vinna með einstaklingum sem koma svona fram og öðrum sem leggja blessun sína yfir slíka framkomu? Þessi framkoma er á allan hátt óverjanleg og til háborinnar skammar. HSÍ stendur nú eftir án þjálfara, trúverðuleika og virðingar.

Í DAG KL. 15:00

TOTTENHAM CHELSEA

DEILDARBIKARINN



ÚRSALITIN RÁÐAST



Í KVÖLD

Kl. 17:50
Barcelona – Levante Sýn

Kl. 19:55
Real Madrid – Getafe Sýn Extra

Kl. 19:50
World Golf Championship Sýn

Körfuboltaháttíð í Grafarvogi: Troðslumeistarinn mætir

KÖRFUBOLTI Fjölnismenn ætla að halda mikla körfuboltaháttíð í aðdraganda bikarúrslitaleiksins en hún hefst klukkan 14 í Íþróttamiðstöðinni í Dalhúsum í dag.

Fjölnismenn mæta Snæfellingum klukkan 16 í Laugardalshöllinni. Á háttíðina mætir troðslumeistari Íslands, Ólafur Ólafsson frá Grindavík, og verður með troðslusýningu ásamt öðrum háloftafuglum en auk þess verður rúlluboltakeppni, skotkeppni og Fjölnisfólkið getur fengið andlitsmálun og Fjölnis húðflúr.

Stuðningsmannahópurinn Kári mætir og tekur Fjölnislagið og það verða síðan rútufærdir í Höllina klukkan 15.20 í boði Hópbíla.

- 66j

Geof Kotila, þjálfari Snæfells: Fimmti leikurinn á sex árum

KÖRFUBOLTI Geof Kotila, þjálfari Snæfells, er kominn með sitt lið í bikarúrslitaleik í fimmta sinn á sex árum því undir hans stjórn

fór Bakken Bears í

úrslitaleik

danska bikarsins fjögur ár í röð frá 2003 til 2006.

Bakken Bears varð bikarmeistari 2004 og 2005 en tapaði úrslitaleiknum bæði 2003 og 2006. Á þessum fjórum árum vann liðið 20 af 22 bikarleikjum undir stjórn Kotila.

- 66j



Fyrsti bikartitillinn í boði

Snæfell og Fjölur hafa aldrei orðið bikarmeistarar í körfubolta en fá frábært tækifæri til að bæta úr því þegar liðin mætast í úrslitaleik Lýsingarbikarsins í Laugardalshöllinni. Snæfell þykir sigurstranglegra.

KÖRFUBOLTI 39. bikarúrslitaleikur karla sem fer fram klukkan 16 í Laugardalshöllinni í dag verður sögulegur því eftir hann verður nýtt nafn skrifað á bikarinn. Úrslitaliðin Snæfell og Fjölur hafa ekki unnið bikarinn áður. Snæfell er sex sætum og 12 stigum fyrir ofan Fjölni í deildinni en Fjölur vann hins vegar eina leik liðanna í vetur með 14 stigum í Hólminum.

Það er ekki hægt að segja að félögin sem mætast í dag hafi góðar minningar frá bikarúrslitaleikjum því þau hafa tapað öllum þremur úrslitaleikjum sínum með 29,7 stigum að meðaltali og eru öll töpin meðal þeirra fimm stærstu í sögu bikarúrslitaleikja karla. Snæfell tapaði með 39 stigum fyrir Keflavík 1993 og svo aftur með 24 stigum fyrir Keflavík tjú árum síðar en Fjölur tapaði með 26 stig-



FYRIRLIÐARNIR Hlynur Bæringsson, fyrirliði Snæfells, og Hjalti Þór Vilhjálmsson, fyrirliði Fjölnis.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

um fyrir Njarðvík í eina úrslitaleik sínum fyrir þremur árum. Hólmarar og Grafarvogsfólk verður hins vegar fljótt að gleyma þessum úrslitaleikjum vinnist bikarinn loksins í dag.

Enginn af spekingum Fréttablaðsins býst við að Fjölnismenn vinni bikarinn í dag (sjá til hliðar) en það voru heldur ekki margir sem spáðu þeim sigri á Skallagrími í Borgarnesi í undanúrslitaleiknum á dögunum. Grafarvogslíðið er búið að tapa öllum þremur leikjum sínum frá því að það tryggði sér sætið í úrslitaleiknum, þar af með 45 stiga mun á heimavelli gegn ÍR.

Það er allt annað uppi á teningnum hjá Snæfellingum, sem hafa

unnið sex deildar- og bikarleiki í röð og aðeins tapað 2 af 10 leikjum á þessu ári, sem var mikil framför frá lokum síðasta árs þegar liðið tapaði 3 af síðustu 4 leikjum sínum.

Bárður Eypórsson, þjálfari Fjölnis, mætir þarna sínu uppeldisfélagi en hann hefur bæði farið í bikarúrslitaleik með Snæfelli sem leikmaður (skoraði 29 stig í 76-115 tapi fyrir Keflavík 1993) og sem þjálfari (71-95 tap fyrir Keflavík 2003). Þetta verður fjórði leikurinn sem Bárður stjórnar gegn Snæfelli en hann hefur tapað báðum leikjum sínum fyrir sunnan en vann hins vegar eina leikinn sem hann hefur stjórnað í Hólminum.

ooj@frettabladid.is



FIMM-NÚLL Sigurður Þorvaldsson, leikmaður Snæfells. VIKURFRÉTTIR/JÓN BJÖRN

Sigurður Þorvaldsson: Hefur aldrei tapað í Höllinni

KÖRFUBOLTI Sigurður Þorvaldsson, leikmaður Snæfells, er eini leikmaðurinn í úrslitaleik karla í dag sem hefur orðið bikarmeistari en hann vann titilinn með ÍR-ingum árið 2001 og var þá með 12 stig og 10 fráköst í úrslitaleiknum.

Sigurður hefur líka unnið alla fimm leiki sína í Laugardalshöllinni, úrslitaleikinn með ÍR fyrir sjö árum og svo tvo leiki með Snæfelli á úrslitahelgi Powerade-bikarsins bæði 2004 og 2007. Sjö aðrir leikmenn hafa komist í Höllina en tapað bikarúrslitaleik.

Hlynur Bæringsson og Jón Ólafur Jónsson (báðir með Snæfelli 2003), Magni Hafsteinson (með KR 2002) og svo Fjölnismennirnir Árni Þór Jónsson, Helgi Hrafn Þorláksson og Hjalti Þór Vilhjálmsson sem voru allir með Fjölni 2005 þegar liðið tapaði fyrir Njarðvík. Í liði Fjölnis þá var einnig Guðni Valentínusarson sem spilar nú með Snæfelli.

- 66j

RÝMINGARSALA! NÚNA ER TÆKIFÆRIÐ!

VERIÐ VELKOMIN!
OPIÐ LAUGARDAG KL. 12-16
SUNNUDAG KL. 13-17.

300.000
AFSLÁTTUR

400.000
AFSLÁTTUR

500.000
AFSLÁTTUR

90-100%
LÁN

ALLIR
VAGNAR
INNI

700.000
AFSLÁTTUR

15" SJÓNVARP MEÐ DVD, AÐ VERÐMÆTI KR.

80.000

FYLGIR HVERJU HJÓLHÝSI Á ÚTSÖLUNNI!

BARA Í
5 DAGA!

FYRSTA ALVÖRU ÚTSALAN Á NOTUÐUM HJÓLHÝSUM!

Nú eigum við allt of mikið af notuðum hjólhýsum og húsbílum og þurfum þess vegna að losa pláss.

Því bjóðum við **150-700.000 KR. AFSLÁTT AF ÖLLUM NOTUÐUM HJÓLHÝSUM**

sem við eigum á lager. Útsalan stendur yfir fram á miðvikudag -ef birgðir endast svo lengi!

DRÍFÐU ÞIG OG GERÐU GEGGJUÐ KAUP! FYRSTIR KOMA - FYRSTIR FÁ!

VELDU ÞAÐ BESTA!

VÍKUR
V • E • R • K

WWW.VIKURVERK.IS

VÍKURHVARFI 6 SÍMI 557 7720

Ólíkt gengi hjá Haukum og Grindavík í bikarúrslitaleikjum kvenna síðustu árin:

Spá allar Grindavík titlinum

KÖRFUBOLTI Bikarmeistarar Hauka og Grindavík mætast í Laugardalshöllinni klukkan tvö í dag í úrslitaleik Lýsingarbikars kvenna og getur Grindavík þar unnið sinn fyrsta bikarúrslitaleik en Haukarnir geta hins vegar unnið hann annað árið í röð.

Haukastelpur hafa unnið bikarinn tvisvar á síðustu þremur árum auk þess að vinna þrjá síðustu bikarúrslitaleiki sína í Höllinni. Á sama tíma hafa Grindavíkurkonur farið þrisvar sinnum heim með silfrið. Það er því óhætt að segja að þessi félag eigi ólíkar minningar úr Laugardalshöllinni síðustu árin.

Grindavík hefur farið illa með Haukaliðið í síðustu tveimur leikjum, vann með 19 stigum á Ásvöllum í desember og svo með 14 stigum í Grindavík í janúar í síðasta leik liðanna. Haukarnir hafa lítið ráðið við Tiffany Roberson í þessum leikjum en hún hefur skorað 57 stig, tekið 29 fráköst og hitt úr 22 af 31 skoti sínum í þeim. Grindavík hefur einnig þegar slegið Haukana út úr bikarnum því



FYRIRLIÐARNIR Kristrún Sigurjónsdóttir, fyrirliði Hauka og Jovana Lilja Stefánsdóttir, fyrirliði Grindavíkur.

Grindavík vann b-lið Hauka, 55-94, í sextán liða úrslitunum en í síðustu tveimur leikjum hafa Grindavíkurstelpurnar slegið út tvö af efstu liðum deildarinnar, KR og Keflavík.

Kristrún Sigurjónsdóttir, fyrirliði Hauka, er eini leikmaður Haukana sem hefur spilað í báðum úrslitaleikjunum sem liðið hefur unnið síðustu þremur árum en Svanhvít Skjaldardóttir var í hópnum í báðum leikjum. Unnur Tara Jónsdóttir, Bára Fanney Hálf-danardóttir, Guðbjörg Sverrisdóttir

og Ragna Margrét Brynjarsdóttir spiluðu allar með í fyrra.

Grindvikingarnir Ólöf Helga Pálsdóttir og Jovana Lilja Stefánsdóttir eru einu leikmenn Grindavíkur sem spiluðu í úrslitaleikjum liðsins 2005 og 2006. Petrunella Skúladóttir og Alma Rut Garðarsdóttir spiluðu báðar í leiknum fyrir tveimur árum.

Fréttablaðið heyrði í nokkrum leikmönnum í deildinni og þær voru allar á því að Grindavík myndi vinna leikinn og að Tiffany Roberson yrði maður leiksins. - 66j

Bikarúrslitaleikir kvenna hafa verið fjörukir:

Búist við spennuleik

KÖRFUBOLTI Fimm af síðustu sex úrslitaleikjum hafa annað hvort farið í framlengingu eða unnist með þremur stigum eða minna.

Leikirnir 2002 og 2003

fóru alla leið í framlengingu en Haukakonur hafa unnið sína tvo titla á undanförunum þremur árum með naumum mun. Haukaliðið vann Grindavík 72-69 árið 2005 og Keflavík

með aðeins einu stigi í fyrra, 78-77.

Keflavík vann síðan KR með þremur stigum 2004, 72-69, en eini leikurinn sem hefur ekki ráðist á loka-sekúndunum er þegar ÍS vann 15 stiga sigur á Grindavík, 88-73, fyrir tveimur árum. - 66j

DRAMATÍK Haukar unnu Keflavík með aðeins einu stigi í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



HVERNIG FER LEIKURINN? HVER VERÐUR MAÐUR LEIKSINS?

Ingibjörg Elva Vilbergsdóttir, fyrirliði Keflavíkur: Grindavík vinnur með 1 stigi. Tiffany Roberson.

Hildur Sigurðardóttir, fyrirliði KR: Grindavík vinnur með 12 stigum. Tiffany Roberson.

Signý Hermannsdóttir leikmaður Vals: Grindavík vinnur með 5 stigum. Tiffany Roberson.

Gréta María Grétarsdóttir, spilandí þjálfari Fjölnis: Grindavík vinnur með 15 stigum. Tiffany Roberson.

Fanney Lind Guðmundsdóttir leikmaður Hamars: Grindavík vinnur með 3-4 stigum. Tiffany Roberson.

Golf með Express ferðum



Tilvalin gjöf á konudaginn!

Golfkennsla á Alicante fyrir byrjendur og lengra komna. Í boði er einkakennsla og hópkennta, stakir tímar og þátttaka í golf-skóla alla vikuna, allt eftir þörfum hvers og eins!

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting í 7 nætur á 5* hóteli með morgunverði, 5 golfhringir m/golfbil á Alicante Golf, fríir æfingarboltar, akstur til og frá flugvelli og íslensk fararstjórn.

2.-9. apríl og 9.-16. apríl
Golfkennsla: Jón Karlsson

Verð á mann í tvíbýli

105.700 kr.



Nánar á expressferdir.is eða í síma 5 900 100

Express ferðir

Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express



ÚRSLIT

LÝSINGARBIKARSINS

Í dag ráðast úrslitin í karla- og kvennaboltanum í Lýsingarbikarnum í Laugardalshöllinni.

Nú er um að gera að troðfylla höllina og styðja við bakið á þínu liði.

ÚRSLIT KVENNA:

Sunnudag 24. febrúar 14:00 Haukar – UMFG



ÚRSLIT KARLA:

Sunnudag 24. febrúar 16:00 Snæfell – Fjölnir



> Johnny Depp

„Ég er feiminn, kvíðinn, taugaóstyrkur og allt sem ykkur getur dottið í hug. Ég hata frægðina, og ég hef gert allt til þess að sleppa við athygli,“ segir hinn heimsfrægi leikari Johnny Depp sem leikur í Charlie and the Chocolate Factory sem er sýnd kl. 20.00 í kvöld á Stöð2Bíó.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR VILL ÓFULLKOMNAR KONUR Kúl karlar og svalar gellur

Lögreglu- og lögmannaþættir eru fastir liðir eins og venjulega í íslensku sjónvarpi. Hrífú rannsóknarlögreglumennirnir í Law and order hlaupa á eftir vitnum milli þess sem þeir slengja fram kaldhæðnu gríni um þann myrta. Láta síðan málið í hendur á harðsvíruðum og réttisnum saksóknurum sem virðast yfirleitt sjá allt í svörtu og hvítu. Þættirnir CSI eru löngu orðnir þreyttir í öllum þeim borgum sem þeir eru teknir upp í. Besserwisserinn Grissom í Las Vegas finnst mér ekki lengur trúverðugur þrátt fyrir alla kunnáttu sína í pöddufræðum, Horatio Caine í Miami er með óþolandi töffarastæla og talar alltaf í sama tóni, hvort sem hann er að ræða við samstarfsfélaga, yfirheyra vitni eða hóta glæpamönnum. Svo er það hópurinn í New



York leiddur af Mac Taylor og Stellu Bonasera sem eru alltaf fin og strokin. Hvernig glæparannsóknarfólk getur verið í háum hælum með slegið hár á morðstað þar sem hver þráður og svitadropi geta leitt málið til lykta er mér hulið. Þá mæli ég heldur með þáttunum The Closer á Stöð 2. Kyra Sedgwick nær að glæða rannsóknarlögreglukonuna Brendu Leigh Johnson lífi og gerir hana yndislega mannlega. Hún er langt í frá fullkomin þrátt fyrir fullkonnunaráttu. Hún er fíkill í sykur, á tíðum sveimhugi og getur bæði fengið menn upp á móti sér eða í lið með sér með krassandi suðurrikjahreim.

THE CLOSER Kyra Sedgwick sem Brenda Leigh Johnson.

EKKI MISSA AF



▶ 19.40 Top Gear SKJÁREINN



▶ 20.00 Charlie and the Chocolate Factory STÖÐ2BÍÓ



▶ 20.20 Forbrydelsen SJÓNVARPIÐ



▶ 20.25 Pushing Daisies STÖÐ2



▶ 22.00 X - Files SIRKUS

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar Í næturgarði, Brummi, Kóalabræður, Landið mitt.
09.00 Disneystundin Herkúles
09.23 Sígildar teiknimyndir
09.30 Finni kostur
09.52 Fræknir ferðalangar
10.22 Sígga ligga lá
10.35 Konráð og Baldur
10.50 Laugardagslögin
12.30 Silfur Egils
13.50 Bikarkeppni kvenna í körfubolta Bein útsending frá úrslitaleik Hauka og Grindavíkinga í bikarkeppni KKÍ í kvennaflokki.
15.50 Bikarkeppni karla í körfubolta Bein útsending frá úrslitaleik Snæfells og Fjölnis í bikarkeppni KKÍ í karlaflokki.
17.50 Táknálfir
18.00 Stundin okkar
18.30 Spaugstofan
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.40 Sunnudagskvöld með Evu Maríu
▶ 20.20 Glæpurinn (19:20) (Forbrydelsen: Historien om et mord)
21.20 Sunnudagsbió - Uppgjörð Þýsk bíómynd frá 2002 um tvo unga Austur-Þjóðverja og breytingarnar sem urðu á lífi þeirra þegar múrinn hrundi og Þýskaland sameinaðist í eitt ríki árið 1989.
23.05 Silfur Egils
00.20 Sunnudagskvöld með Evu Maríu
00.55 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

2 BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

06.15 Bewitched
08.00 Big Momma's House 2
10.00 Miss Congeniality 2. Armed and Fabulous
12.00 Charlie and the Chocolate Factory
14.00 Bewitched
16.00 Big Momma's House 2
18.00 Miss Congeniality 2. Armed and Fabulous
▶ 20.00 Charlie and the Chocolate Factory
22.00 The Pilot's Wife
00.00 Kill Bill. Vol. 2
04.00 The Pilot's Wife



07.00 Barnatími Stöðvar 2 Barney og vinir, Krakkarnir í næsta húsi, Þorlákur.
08.00 Algjör Sveppi Sveppi sýnir meðal annarra teiknimyndirnar Könnuðurinn Dóra, Gordon garðálfur, Refurinn Pablo og margar fleiri.
12.00 Hádegisfréttir
12.25 Neighbours
12.45 Neighbours
13.05 Neighbours
13.25 Neighbours
13.45 Neighbours
14.10 Bandið hans Bubba
16.00 Logi í beinni
16.55 60 mínútur
17.45 Oprah
18.30 Fréttir Stöðvar 2
19.05 Mannamál
19.50 Sjálfstætt fólk Jón Ársæll Þórðarson snýr aftur með viðtalsþátt sinn sem er margfalður Edduverðlaunahafi.
▶ 20.25 Pushing Daisies Ævintýri um ungan mann sem allt frá barnsaldri hefur búið yfir þeirri einstöku náðargáfu að geta vakið fólk til lífs með snertingunni einni. Vandinn er að vilji þeir sem hann lífgar við halda lífi, þá þarf að fórna öðru lífi á móti.
21.10 Cold Case Lily Rush og félagar halda þar uppteknum hætti við að rannsaka óupplýst sakamál sem safnað hafa ryki í skjálaskápum lögreglunnar.
21.55 Prison Break Í lok síðustu þáttaraðar lentu flóttamennirnir í klóm laganna varða í Panama og hafa nú verið lokaðir inni í skelfilegasta fangelsi Panama og þótt víðar væri leitað. Það þýðir aðeins eitt; hefja þarf nýja flóttatilraun.22.40 Corkscrewed Stórskemmtilegur þáttur fyrir alla sanna áhugamenn um vín og vínraekt.
23.05 Bandið hans Bubba

01.00 Óskarsverðlaunin 2008 - Rauði Dregillinn Bein útsending frá forsmekknunum af Óskarsverðlaunahátíðinni 2008, þar sem fylgst verður grannu með helstu stjörnum kvikmyndaheimsins koma til Kodak-leikhússins og ganga eftir rauða dreglinum í sínu finasta þússi.
01.30 Cold Case
02.15 Til Death
02.40 Fréttir
03.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp Tívi

SYN besta sætið

09.15 Spænski boltinn (Sevilla - Zaragoza) Útsending frá leik Sevilla og Zaragoza í spænska boltanum.
10.55 Box Wladimir Klitschko - Sultan Ibragimov
12.25 Meistaradeild Evrópu (Lyon - Man. Utd.) Útsending frá leik Lyon og Man. Utd í Meistaradeild Evrópu.
14.05 Meistaradeildin
14.45 Tottenham - Chelsea (Enski deildarbolli) Bein útsending frá úrslitaleik Tottenham og Chelsea í enska deildarbolli.
17.20 Fréttapáttur Meistaradeildar Evrópu
17.50 Spænski boltinn (Barcelona - Levante) Bein útsending frá leik Barcelona og Levante í spænska boltanum.
19.50 World Golf Championship 2007 Bein útsending frá PGA mótaröðinni en Accenture Match Play Championship-mótið fer fram í Tucson Arizona.
23.00 Spænski boltinn (Real Madrid - Getafe) e.
00.40 Tottenham - Chelsea (Enski deildarbolli) Útsending frá úrslitaleik Tottenham og Chelsea í enska deildarbolli.

SYN2

07.15 Fulham - West Ham Útsending frá leik Fulham og West Ham
08.55 Premier League World
09.25 Portsmouth - Sunderland Útsending frá leik Portsmouth og Sunderland
11.05 4 4 2
12.25 Reading - Aston Villa Útsending frá leik Reading og Aston Villa
14.30 PL Classic Matches
14.50 Blackburn - Bolton Bein útsending frá leik Blackburn og Bolton í ensku úrvalsdeildinni.
16.55 Newcastle - Man. Utd. Útsending frá leik Newcastle og Man. Utd
18.35 Birmingham - Arsenal Útsending frá leik Birmingham og Arsenal
20.15 1001 Goals
21.05 PL Classic Matches
21.35 4 4 2
23.00 Liverpool - Middlesbrough Útsending frá leik Liverpool og Middlesbrough

SKJÁREINN

11.00 Vörutorg
12.00 World Cup of Pool 2007
12.50 Professional Poker Tour (e)
14.25 Rachael Ray (e)
15.10 Bullran (e)
16.00 Canada's Next Top Model (e)
16.50 Innlit / útlit (e)
17.45 The Bachelor (e)
19.10 The Office (e)
▶ 19.40 Top Gear Vinsælasti bílapáttur Bretlands, enda með vandaða og óháða gagnrýni um allt tengt bílum og öðrum ökutækjum, skemmtilega dagskrárlíði og áhugaverða umfjöllun.
20.30 Psych Bandarísk gamanseria um mann með einstaka athyglisgáfu sem þykist vera skyggn og aðstoðar lögregluna við að leysa flókin sakamál. Bill Lasser lögreglumanns er stolið fyrir framan lögreglustöðina og Shawn leysir málið á augabragði. En ekkert er svona einfalt og hann áttar sig á því að það liggur meira að baki bífstulduinum. Hann kallar á Gus heim úr frí til að kafa dýpra í málið.
21.30 Boston Legal Denny bregður í brún þegar gamall vinur hans, hörkutól úr hemum, leitir lögræðiaðstoðar vegna þess að hann má ekki vera opinberlega samkynhneigður í bandaríska hemum. Alan bullar bara þegar Lorraine er nálægt og nýr lögræðingur, Whitney Rome, kemur til starfa og fær strax snúið mál í hendurnar.
22.30 Dexter Bandarísk þáttaröð um dæmingsprúða morðingjann Dexter sem vinnur fyrir lögregluna í Miami. Hann er sjálfskipaður böðull sem myrðir bara þá sem eiga það skilið. Dexter er í vondum málum. Nú þarf hann að komast yfir myndband sem gæti komið upp um hann. Dexter kemst einnig að því að hann á keppinaut, hermikráku sem þykist vera hinn frægi böðull sem myrðir þá sem eiga það skilið.
23.25 C.S.I. New York (e)
00.20 C.S.I. Miami (e)
01.10 Vörutorg
02.10 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu fréttu vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ENN Á TALI

Sunnudaga Kl. 16

BYLGJAN 989

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 01.00

Óskarsverðlaunahátíðin

Bein útsending frá Óskarsverðlaunahátíðinni hefst kl. eitt eftir miðnætti. Við fylgjumst með á rauða dreglinum þegar helstu stjórnur kvikmyndanna renna í hlað Kodak-leikhússins. Strax á eftir hefst svo afhendingin á þessum líklega eftirsóttustu verðlaunum í heimi kvikmyndna-íðnaðarins. Á þriðjudag kl. 20.15 verður svo sýnd sérstök samantekt með öllu því helsta sem gerðist á Óskarsverðlaunahátíðinni.



► VIÐ MÆLUM MED
Sjálfstætt Fólk
Stöð2 kl. 19.50

Viðmælandi Jóns Ársæls í Sjálfstæðu fólki að þessu sinni er stórsöngvarinn og lífskúntnerinn Bergþór Pálsson. Bergþór talar opinskátt um einstakt lífshlaup sitt þar sem skipst hafa á skín og skúr. En ávallt hefur hann borið höfuðið hátt og litið björtum augum á lífið og náungann. Bergþór ræðir þessa jákvæðu lífsýn sína, ástina og sönginn.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

08.00 Morgunfréttir
08.05 Morgunandakt
08.15 Ársól
09.03 Lárétt eða lóðrétt
10.15 Af sagnameistararum Knut Hamsun
11.00 Guðsþjónusta í Áskirkju
12.00 Hádegisútlit
12.20 Hádegisfréttir
13.00 Gárur
14.00 Hvað er að heyra?
15.00 Útvarpsleikhúsið: Normimar
15.35 Sírenur
16.00 Síðdegisfréttir
16.10 Úr tónlistarlífinu

17.30 Úr gullkistunni
18.00 Kvöldfréttir
18.26 Seiður og hélog
19.00 Útúr nöttinni... og inni daginn
20.00 Leynifélagið
20.30 Brot af eilífðinni
21.10 Orð skulu standa
22.12 Orð kvöldsins
22.15 Til allra átta
23.00 Andrarímur
00.00 Fréttir
00.07 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SIRKUS

16.00 Hollyoaks (126:260)

16.25 Hollyoaks (127:260)

16.50 Hollyoaks (128:260)

17.15 Hollyoaks (129:260)

17.40 Hollyoaks (130:260)

18.05 Hollywood Uncensored

18.30 Falcon Beach Paige, Lane og Erin eru öll í fríi á Falcon Beach. Paige er ung og snobbuð dekurrofa sem vill frekar vinna í fyrirtækinu hjá pabba sínum heldur en hanga á ströndinni með mömmu sinni en þegar hún hittir Jason, aðalhöfundarinn í bænnum fara málin að flækjast.

19.15 The George Lopez Show

19.40 Sjáðu

20.05 Comedy Inc. Sprenglæggilegur ástralskur sketsaþáttur sem slær öllum öðrum við.

20.30 Special Unit 2

21.15 Extreme: Life Through a Lens Hér eru sagðar sögur stjarnanna í Hollywood í gegnum myndir sem hafa birst í stærstu fjölmiðlum og hafa haft áhrif á líf þeirra og feril.

22.00 X-Files Fox Mulder trúir en Dana Scully efast er þau rannsaka yfíráttuleg mál innan FBI. Leynileg öfl reyna að hindra leit þeirra að sannleikanum.

► 23.00 2008 Academy Awards: The Arrivals

01.00 Falcon Beach

01.45 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

BBC PRIME

10.00 EastEnders 10.30 EastEnders 11.00 Amazon - Truth & Myth 11.30 Amazon Abyss 12.00 Tribe 13.00 The Dobsons of Duncraig 13.30 Mad About Alice 14.00 The Aristocrats 15.00 Doctor Who 15.45 Doctor Who Confidential 16.00 My Hero 16.30 My Hero 17.00 EastEnders 17.30 EastEnders 18.00 Space Race 18.50 Days that Shook the World 19.50 The Ship 20.40 I'll Show Them Who's Boss 21.20 I'll Show Them Who's Boss 22.00 Around the World in 80 Days 23.00 EastEnders 23.30 EastEnders 0.00 Space Race 1.00 Days that Shook the World 2.00 Around the World in 80 Days

DR 1

11.00 TV Avisen 11.10 Boxen 11.25 OBS 11.30 SPAM 12.00 SKUM TV 12.15 Flemmings Helte De Luxe 12.35 Family Guy 13.00 Guðstjeneste i DR Kirken 13.45 Sommer 14.45 HåndboldSøndag 16.30 Emil fra Lønneberg 17.00 Chimpanseme fra Gombe 17.30 TV Avisen med Sport 18.10 Landsbyhospitalet 19.00 Sommer 20.00 21 Søndag 20.40 SøndagsSporten 20.50 Napoleon 22.20 Höök 23.20 Mahmouds hus

NRK1

10.00 NRKs sportssøndag 10.50 V-cup langrenn: Stafett 4x5 km kvinner 12.05 Sport i dag 12.30 VM skiflyging 2008 14.30 V-cup langrenn: Stafett 4x10 km menn 15.30 V-cup kombinert: 7,5 km langrenn 15.55 V-cup skýter 16.30 Ápen himmel 17.00 Kalle og Molo 17.20 Sola er en gul sjiraff 17.30 Newton 18.00 Søndagsrevyen 18.45 Sportsrevyen 19.15 Reinlykke 19.55 Der ingen skulle tru at nokon kunne bu 20.25 Hvem var Jason Bourne? 22.20 Kveldsnytt 22.35 Ny vår for kjernkraft 23.30 Juristane 0.10 Terjes sesongkort: Grønland 0.35 Norsk på norsk jukeboks

SVT 1

10.05 Debatt 11.05 Grosvold 11.50 Beckman, Ohlson & Can 12.20 Dokument inifrån: Bäst barn vinner! 13.20 Miss Gulag 14.25 I love språk 15.25 Världen 16.25 De kastlösa 16.55 Anslagstavlan 17.00 BollBompa 17.30 Skärgårdsdoktor 18.30 Rapport 19.00 Andra Avenyn 19.30 Sportspegeln 20.15 Agenda 21.10 Genusmaskineriet 21.40 Sjuk i själen 22.10 Rapport 22.20 Alpin: Världscupen 23.10 Tv-stjärnan

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE

M12 ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHULDUR: SIRKUS SIRKUS+

ÓTRÚLEG VERÖLD

Frá leikstjóra Men in Black og Addams Family kemur ein ótrúlegasta veröld sem orðið hefur til í sjónvarpi. Ævintýri um ungan mann sem allt frá barnsaldri hefur búið yfir þeirri einstöku náðargáfu að geta vakið fólk til lífs með snertingunni einni.

Pushing Daisies - Í kvöld kl. 20:25



skemmtilegri



30%

aukaafsláttur af fyrsta mánuðinum ef þú kaupir áskriftina á stöð2.is m.v. 12 mánaða skuldbindingu



SÍJÁLFSTÆTT FÓLK - kl. 19:50



COLD CASE - kl. 21:10



PRISON BREAK - kl. 21:55

HVAD SEGIR MAMMA?



„Hann Axel er skemmtilegur og góður strákur og það gætu allar mömmu verið stoltar af því að eiga svona strák fyrir son. Hann er duglegur að læra og maður þarf eiginlega aldrei að hafa neinar áhyggjur af honum.“

Sigurbjörg Sigurðardóttir er mamma Axels Kristinssonar sem vann Úr að ofan-keppnina í MR á dögnum.

Guðfríður Lilja kvödd

„Með barnaskákmótinu viljum við heiðra Guðfríði Lilju, sem gegnt hefur embætti forseta Skáksambands Íslands með glæsibrag síðustu árin. Hún hefur því miður lýst því yfir að hún ætli að hætta í vor og er þá skarð fyrir skildi,“ segir Hrafn Jökullsson rithöfundur og skákfrömuður.

Hrafn brunaði á mölina nú fyrir helgi en hann er búsettur norður við Íshaf, í Trékyllisvík, þar sem hann sinnir ritstörfum með meiru. En hann hefur annað augað á framgangi skákar og nú liggur mikið við. Guðfríður Lilja Grétarsdóttir þingmaður dregur sig nú í hlé sem formaður Skáksambands Íslands. Hún mun setja barnaskákmót sem haldið verður í Ráðhúsinu og hefst það klukkan tvö í dag. Júlíus Vífill Ingvarsson, formaður menntaráðs borgarinnar, leikur fyrsta leikinn.

Þótt Hrafn sé fjarri söllinum heldur hann við skákvakningunni sem við hann og skáklfélagið Hrókinn má kenna. „Öll börn eru velkomin á mótinu en einmitt nú í vikunni er tveimur námskeiðum Hróksins í Vesturbæjar- og Austurbæjarskóla að ljúka. Í vikunni ætla ég að sækja heim skóla í Reykjavík og Kópavogi, og færa börnum „Skák og mátt“ frá Hróknum og Eddu. Alls hafa verið gefnar 25 þúsund bækur til verkefnisins. Efalítið er það stærsta bókgjöf seinni ára hérlendis.“

- jbg

HRAFN JÖKULLSSON
Þótt búsettur sé norður við íshaf stuðlar hann sem fyrr að framgangi skákarinnar.



GUÐFRÍÐUR LILJA
Lætur nú af embætti forseta Skáksambandsins en til heiðurs henni er efnt til mikils skákmóts í Ráðhúsinu í dag.



Fjalakötturinn
Veitingastaður
í gömlu Reykjavík



Ádalstræti 16, sími 514 6060

Lostavekjandi
matseðill
Fjórrettaður, í boði 14–24 feb.
kr. 5.800.–

HIN HLIÐIN SÆUNN ÞORSTEINSDÓTTIR SELLÓLEIKARI

Skemmtilegast að spila kammarmúsík

Hvað er að fréttu? Það er bara allt gott að fréttu.
Augnlitur: Blár.
Starf: Sellóleikari.
Fjölskylduhagur: Á lausu.
Hvaðan ertu? Góð spurning. Ég fæddist í Reykjavík en mamma og pabbi eru að norðan.
Ertu hjátrúarfull? Nei, alls ekki.
Uppáhaldssjónvarpsþátturinn: Project Runway.
Uppáhaldsmatur: Ég fékk mjög góða fiskisúpu hjá frænku minni um daginn.
Fallegasti staðurinn: Eyjafjörður.
iPod eða geislaspillari: iPod.
Hvað er skemmtilegast? Að spila kammarmúsík.
Hvað er leiðinlegast? Að rifast.
Helsti veikleiki: Óþolinmæðin.
Helsti kostur: Það sem kallað er á frönsku: joy de vivre.

Helsta afrek: Að skipuleggja þessa kvartett-tónleikaferð til Íslands.
Mestu vonbrigðin: Ég held ég sé of ung til að hafa orðið fyrir alvöru vonbrigðum.
Hver er draumurinn? Að geta spilað tónlist allt mitt líf.
Hver er fyndnastur/fyndnust? Margaret Cho. Snillingur.
Hvað fer mest í taugarnar á þér? Margt fer í taugarnar á mér en það er oftast út af því að ég er ekki sátt við sjálfa mig.
Hvað er mikilvægast? Að vera opin fyrir möguleikum í lífinu.



ÁSTA FANNEY SIGURÐARDÓTTIR: LEIKUR AÐALHLUTVERKIÐ Í SÝNINGU HERRANÆTUR Í MR

Blóðugir menntskælingar á leiksviði

Herranótt sýnir nú verkið Nosferatu – í skugga vampírinnar í Tjarnarbíói, þar sem gerviblóðið flýtur um sviðið. Ólafur S. Þorvaldz, sem jafnframt leikstjóri uppsetningunni, vann leikgerðina upp úr bíómyndinni Shadow of the Vampire frá árinu 2001. Hún er hins vegar byggð á upprunalegu Nosferatu-myndinni frá árinu 1922. „Sagan okkar er sú að leikstjórinn, Murnau, hafi ráðið alvöru vampíru til að leika Nosferatu, gegn því að hún fái eitthvað fyrir sinn snúð,“ útskýrir Ólafur íbygginn.

Það er Ásta Fanney Sigurðardóttir, sem er á þriðja ári við MR, sem bregður sér í gervi vampírinnar í uppsetningunni. Hún hefur áður leikið skipstjóra og hermann í uppsetningu Herranætur á Birtíngi árið 2006. „Nú er ég hokin 900



BLÓÐI DRIFIÐ MR Þáttakendur í uppsetningu Herranætur kynntu leikritið á föstudag með því að liggja blóði drifnir vítt og breitt á skólasmæðinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



BÍÓ/LEIKHÚS Leikgerðin er unnin upp úr bíómyndinni Shadow of the Vampire, sem fjallar um gerð kvikmyndarinnar Nosferatu, frá árinu 1922.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Í SKUGGA VAMPÍRUNNAR Ásta Fanney Sigurðardóttir leikur vampíru og spýtur og slear blóði mestalla sýninguna.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ára gömul karlkyns vampíra,“ segir Ásta, sem eins og við má búast leitar ekki mikið í eigin reynslubanka við túlkunina. „Ég er samt búin að finna eitt sem við eigum sameiginlegt. Ég er svo hvít á hörund að ég má eiginlega ekki sjá sól, þá fæ ég sólaræxem,“ segir hún og hlær við.

Ásta fær, eins og gefur að skilja, sinn skerf af því blóði sem flýtur um sviðið á sýningum. „Ég spýti blóði, drekk blóð og slefa blóði allan tímann,“ segir hún. „Ég er alltaf að ljúga því að fólki að þetta sé svínablóð, en þetta er í alvörunni síróp, vatn, matarlitir og kakó.

Þetta er mjög sætt og ekkert rosa-lega gott á bragðið, en mun skárta en einhver tómatósoblanda sem var prófuð fyrst. Hún var ógeð,“ segir Ásta.

Magnús Örn Sigurðsson, sem leikur leikstjórann, er blessunarlega laus við blóðbaðið, fyrir utan stöku slettur. Hann er einnig á þriðja ári við MR, og hefur tekið þátt í Herranótt frá því að hann hóf nám við skólann. „Fyrst lék ég franskán á Birtíngi, og í fyrra lék ég krimmavin aðalpersónunnar í DJ Lilli. Nú er ég orðinn snarklikkaður leikstjóri,“ útskýrir Magnús, sem segir uppfærsluna

afar skemmtilega. „Þetta er líka svo magnað gervi sem Ásta Fanney er í, hún líkist helst skrímli. Það tók mig tíma að venjast henni,“ segir hann brosandí.

Magnús hefur horft á upprunalegu Nosferatu-myndina, en hefur hins vegar verið bannað að horfa á Shadow of the Vampire til að hún hafi ekki of mikil áhrif á leikinn. „Ég er orðinn mjög spenntur að horfa á hana þegar við erum hætt að sýna,“ segir hann.

Leikstjóri er Ólafur S. Þorvaldz, en hljómsveitin Rökkurró sér um tónlist.

sunna@frettabladid.is

Bubbi bókar nýja tónlistarhúsið

Bubbi Morthens hefur vaðið fyrir neðan sig. Hann er með þeim fyrstu til að bóka tónleika í nýja tónlistar- og ráðstefnuhúsinu sem nú rís á hafnarbakkanum í Reykjavík. Hið glæsilega mannvirki verður tekið í notkun í desember árið 2009 og Bubbi er þegar búinn að bóka sína árlegu Þorklámsmessutónleika í stóra sal hússins það ár og síðan næstu Þorklámsmessur á eftir.

Í húsinu verða fjórir salir. Sá stærsti tekur 1.800 manns í sæti og þar ætla Bubbi að spila. Hann vonast því klárlega eftir fleiri gestum en á fyrri Þorklámsmessutónleika því bæði Hótel Borg og Nasa, þar sem Bubbi hefur spilað til þessa á Þorklámsmessu, taka meira en helmingi færri. Aðrir salir í nýja húsinu eru ráðstefnusalurinn, sem tekur 750 manns í sæti, æfingasalurinn sem tekur 450 manns í sæti, og minnsti salurinn, sem tekur 200 manns í sæti. Portus group sér um pantanir og þótt Bubbi hafi ekki verið sá fyrsti til að bóka er hann sá fyrsti til að bóka mörg ár í röð fram í tímann.


Það er annars að fréttu af Bubba að nýja platan hans, sem ber vinnuheitidið Fjórir naglar, mun koma út 6. júní, á 52 ára afmælisdegi Kónigsins. Platan er sú fyrsta með frumsöndu efni síðan skilnaðarplötuvannan Ást og Í 6



HÉR VERÐUR BUBBI Á ÞORKLÁMSMESSU 2009 Tölvuteikning sýnir útlit stóra salarins.

skrefa fjarlægð frá Paradís kom út um sumarið 2005. Nýju plötuna gerði Bubbi með Péttri Ben sem sá um upptökur og hljómsveit sinni Stríð og friður. Bubbi skrifar á aðdáendasíðu sína, bubbi.is, að þrettán lög hafi verið tekin upp og að þessi plata „eigi eftir að koma mönnum á óvart“.

- glh



EKKI RÁÐ NEMA Í TÍMA SÉ TEKIÐ Þorklámsmessur Bubba frá og með 2009 komnar á hreint.

Kraftmikil vordagskrá



8 vikna námskeið
hefst 3. mars

KONUR ÁTAK

Laugar, Spöng, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes
Frábær leið til að koma sér vel á veg til bættrar heilsu.

KARLAR ÁTAK

Laugar, Seltjarnarnes og **Nýtt** Mosfellsbæ
Frábær leið til að koma sér vel á veg til bættrar heilsu.

PEAK PILATES

- 1. og 2. stig
- Takmarkaður fjöldi
Laugar og **Nýtt** Seltjarnarnes

MÖMMUTÍMI

- Nýbakaðar mæður með börnin með

ROPE YOGA

- Takmarkaður fjöldi

JÓGA á meðgöngu

- Takmarkaður fjöldi

HERÞJÁLFUN

- Námskeið fyrir þá sem vilja meira en við hin

Aðgangur að Laugardalslaug, Lágafellslaug og Seltjarnarneslaug,
tækjasölum og opnum tímum fylgir ofangreindum námskeiðum.

Skráning í Laugum í síma 553 0000, Spönginni í síma 553 5000,
Mosfellsbæ í síma 566 7888 og Seltjarnarnes í síma 517 0608

Nú er hægt að ganga frá skráningu á öll námskeiðin á heimasíðu
okkar www.worldclass.is

World Class
ICELAND

Laugar s. 553 0000 - Spöngin s.553 5000 - Í húsi Orkuveitunnar s.562 6200
Mosfellsbæ s. 566 7888 - Seltjarnarnes s. 517 0608
Hafnarfjörður s. 517 0607 - Kópavogur s. 517 0609

www.worldclass.is

**BAKPANKAR**
Þorbjörg
Sigríðar
Gunnlaugsdóttir

Yes, we can

Förval fyrir forsetakosningar í Bandaríkjunum jafngildir jóluunum fyrir áhugamenn um kosningar. Og nú er allt eins og það á að vera, ótrúleg spennan hjá demókrötum en minni hjá repúblikönum sem krydda þó baráttuna með klassískum framhjáaldsskandal. Gamla stríðshetjan McCain er greinilega ekki jafngamall og hann sýnist, blessaður.

ROSALEG stemning fylgir framboði Obama og hann virðist ætla að fara langt á því að kunna að byggja upp góðan stíganda í ræðu. Einhvern veginn finnst manni nú samt blasa við að þarna er tiltölulega óþekktur og óreyndur maður að keppa við frambjóðanda sem hefur allt með sér, reynslu, rökfestu, getu og pólitískt bakland til að ná fram stefnumálum. Það þarf nefnilega að fylgja líka. Hillary er sterkari í utanríkismálum, heilbrigðismálum og menntamálum en keppinauturinn Obama.

WASHINGTON-TENGL þykja ekki af hinu góða og menn keppast við að sverja af sér tengsl við valdablokkir í höfuðborginni og vilja geta sagst engum háðir. Þetta sagði Bush í kosningabaráttunni á sínum tíma og lofaði að byggja brýr á milli repúblikana og demókrata. Hann verður ekki vændur um að hafa staðið við það loforð. Og Obama hamrar á þessu líka.

REYNDAR held ég að þáttur Bush sé mun sterkari varðandi það hvað Obama vegnar vel, en það hvernig andstæðingur Hillary er. Bandaríkjamenn eru langþreyttir á þinglegum ræðum og meinlegum villum forsetans í ræðustól og þjóðin þráir – og reyndar heimurinn allur – að forseti Bandaríkjanna sé þess umkominn að orða hugsanir sínar þannig að þær skiljist. Og kannski ekki síður að hann skilji sjálfur hvað hann segir. Þá kemur Obama eins og kallaður. Hann birtist sem blanda af King og Kennedy, er myndarlegur og skörulegur ræðumaður sem höfðar sterkt til tilfinninga fólks.

KOSNINGARNAR eru sagðar sögulegar því nú eigast við tveir fulltrúar „minnihlutahópa“, svartur maður og kona, eins broslagt og það nú hljómar. Til þess að greina það hversu mikið kynferði hefur að segja í þessu sambandi er ágætt að gera sér í hugarlund hverjir möguleikar svartrar konu væru, sem væri fremur óþekkt og áberandi reynsluminni en keppinautur hennar, en hefði það helst að vopni að flytja hjartnæmar ræður með boðskapnum: „Yes, we can.“

ÉG held að Obama geti fyrst og fremst þakkað Bush fyrir það ef hann verður forsetaframbjóðandi demókrata. Bush vilja menn ekki, andstæðan við hann er Obama.

GÓÐAN DAG!
Í dag er sunnudagurinn
24. febrúar, 55. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	8.55	13.41	18.28
Akureyri	8.45	13.26	18.08

Heimild: Almanak Háskólans

Fimm ára afmæli Iceland Express!

5.000 flugsaeti á 6.995 kr.*

» Á miðvikudaginn verður Iceland Express fimm ára og af því tilefni ætlum við að bjóða 5.000 flugsæti til fimm áfangastaða okkar á aðeins 6.995 kr.*

Sala hefst kl. 12.00 á afmælisdaginn, 27. febrúar, og lýkur kl. 17.00 á fimmtudag, 28. febrúar.

Sölutímabil: Frá hádegi 27. febrúar til kl. 17.00, 28. febrúar

Ferðatímabil: 1. mars – 15. maí

Áfangastaðir: Kaupmannahöfn, London, Berlín, Barcelona og Alicante



*Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.

www.icelandexpress.is

Iceland Express 
með ánægju